This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

**Usage guidelines**

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

**About Google Book Search**

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

BR794
054
1900

STANFORD UNIVERSITY
LIBRARIES

UM

# KRISTNITÖKUNA

## ÁRIÐ 1000

## OG TILDRÖG HENNAR.

EFTIR

BJÖRN MAGNÚSSON ÓLSEN.

*„Hvat er með Ásum?*
*Hvat er með álfum?*
*Gnýr allr jötunheimr!*
*Æsir eru á þingi.*
*Stynja dvergar*
*fyrir steindurum*
*veggbergs vísir.*
*Vituð enn eða hvat?“*
(Völuspá).

GEFIÐ ÚT

Í MINNINGU 900 ÁRA AFMÆLIS KRISTNINNAR Á ÍSLANDI

AF

HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI.

REIKJAVÍK.
PRENTAÐ Í FJELAGSPRENTSMIÐJUNNI.
1900.

H. H. 335

Helgað

HERRA PRÓFESSOR DR. KONR. VON MAURER,

HEIÐURSFJELAGA HINS ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGS.

# *FORMÁLI.*

*Til*

*prófessors dr. Konr. von Maurer's.*

*Við samning þessa rits hef jeg haft langmestan stuðning af hinum ágætu ritum iðar:* **'Die bekehrung des norwegischen stammes zum christenthume I—II, München 1855—1856,'** *og* **'Island von seiner ersten entdeckung bis zum untergange des freistaats, München 1874'.** *Þetta hið síðarnefnda rit senduð þjer Íslendingum sem afmælisgjöf á 1000 ára afmæli Íslands bigðar árið 1874. Leifið, hæstvirti vinur, að jeg nú, á 900 ára afmæli kristninnar hjer á landi, sendi iður þennan ritling firstum manna sem lítilfjörlegan vott um þakklátsemi vor Íslendinga firir trigð iðar og góðvild og firir alt það, er þjer hafið ritað til skiringar sögu þjóðar vorrar, lögum og stjórnarfari.*

*Reikjavik 24. júni 1900.*

*Með djúpri virðingu og einlægri vinsemd*

***Björn M. Ólsen.***

Á þessu ári eru liðnar rjettar níu aldir, síðan kristni var í lög tekin á alþingi Íslendinga árið 1000 eftir Krists burð. Það er því sjerstök ástæða til þess nú að minnast þessa viðburðar, sem vafalaust má telja einn hinn merkasta í sögu landsins, rifja hann upp fyrir sjer, eins og honum er lýst í sögum vorum, og reina að gera sjer sem ljósasta grein fyrir tildrögum hans.

Það er almennur talsháttur, að Róm hafi ekki verið reist á einum degi, og líkt má segja um kristnitökuna hjer á landi. Tildrögin til hennar má rekja langt aftur í tímann, sum jafnvel upp til landnámstíðar.

Landnáma getur þess um ímsa af landnámsmönnum, að þeir hafi verið kristnir. Flestir af þessum kristnu landnámsmönnum komu hingað vestan um haf og vóru flestir ættmenn Ketils flatnefs, Bjarnarsonar bunu. Hafði Ketill sest að í Suðureyjum og gerst þar höfðingi ifir, og börn hans tekið kristni öll nema Björn hinn austræni, er varð eftir i Noregi, þegar Ketill fór vestur. Af ættmönnum Ketils, þeim er staðfestust hjer á landi, vóru þessir kristnir: bróðursonur hans Örlygr Hrappsson, Bjarnarsonar bunu, sem sagt er að reist hafi kirkju á bústað sínum Esjubergi,[1] Helgi bjóla, sonur Ketils, er nam land með ráði Ingólfs Arnarsonar á Kjalarnesi og bjó að Hofi[2], Auðr djúpauðga, dóttir Ketils, er nam

1) Landn. 1. p. 12. k. 42—45. bls. (í Ísl. s. I. b. Kh. 1843). ÓT. Fms. I 242.—244. bls. Flat. (útg.) I 264. bls.

2) Landn. 1. p. 11. k. 41.—42 bls. sbr. 5. p. 15. k. 321.—322. bls. ÓT. Fms. I 243—244. bls. Flat. I 264. bls.

Breiðafjarðardali og bjó í Hvammi[1], Þórunn hyrna Ketilsdóttir, gift Helga magra landnámsmanni, sini Eyvindar austmans, er nam Eijafjörð og bjó í Kristnesi[2], og loks sonur Jórunnar mannvitsbrekku, dóttur Ketils flatnefs, Ketill, sá er heiðnir menn nefndu hinn fiflska og bjó í Kirkjubæ á Síðu. Á auknefni Ketils „fiflska“ sjest, hverjum augum heiðnir menn litu á kristnina[3]. Björn hinn austræni, sonur Ketils flatnefs, kom og hingað og nam land við Breiðafjörð sunnanverðan milli Hraunfjarðar og Stafár og bjó í Bjarnarhöfn. Hann einn var óskírður af börnum Ketils flatnefs. Helgi magri, tengdasonur Ketils, var og kristinn, enn blendinn í trúnni, „hjet á Þór til sjófara og harðræða“. Auk ættmanna Ketils flatnefs eru enn nefndir 2 kristnir landnámsmenn; annar þeirra var Ásólfr kristni, að auknefni „alskik“ („alskikk“?), er first bjó í Ásólfsskála undir Eijafjöllum, enn var flæmdur þaðan af heiðnum nágrönnum sínum og gerðist einsetumaður að Innra-Hólmi á Akranesi. Auk hans er nefndur frændi hans, Jörundr hinn kristni, er skaut skjólshúsi ifir Ásólf, þegar hann kom að austan, og bjó að Görðum á Akranesi. Jörundr þessi var þó ekki eiginlega landnámsmaður, heldur sonur landnámsmans, Ketils Bresasonar (eða Bersasonar?), er nam land á Akranesi með bróður sínum Þormóði. Báðir þeir bræður komu af Írlandi, og er líklegt, að þeir hafi verið kristnir[4].

Vera má, að fleiri landnámsmenn hafi verið kristnir enn Landnáma og sögur vorar telja, og eflaust má ganga að því vísu, að ímsir af hinum minni háttar mönnum, sem lítið bar á, hafi verið kristnir. Ímsir af landnámsmönnum bera írsk

---

1) Landn. 2. p. 15.—19. k. 108.—117. bls. ÓT. Fms. I 246.—249. bls. Flat. I 265.—266. bls.

2) Landn. 3. p. 12. k. 205.—207. bls. ÓT. Fms. I 250.—251 bls. Flat. I 266.—267. bls.

3) Landn. 4. p. 11. k. 266. bls. ÓT. Fms. I 251. bls. Flat. I 267. bls.

4) Landn. 1. p. 15. k. 48.—51. bls. ÓT. Fms. I 252—254. bls. Flat. I 267.—268. bls.

eða keltnesk nöfn [t. d. Bekan, Dufan, Galmi, Kalman og Kýlan bræður, Kjallakr Bjarnarson hins sterka (Barna-Kjallakr)], sumir hjetu 2 nöfnum, öðru norrænu, enn hinu írsku eða keltnesku (t. d. Helgi bjóla, Ólafr feilan, sonur Auðar, Þorgeirr meldun). Líklegt er, að ímsir af þessum mönnum hafi verið keltneskir vestan um haf, og ef til vill kristnir. Um suma landnámsmenn er það sagt berum orðum, að þeir hafi komið af Írlandi eða verið írskir. Svo er um þá bræður Þormóð og Ketil Bresasonu, sem bigðu Akranes og áður hefur verið minst á. Þeir hafa verið af norrænum ættum, eins og nöfnin benda til, enn bornir og barnfæddir á Írlandi[1]. Áður hafa verið sindar líkur til, að þessir bræður hafi verið kristnir, og merkilegt er, að svo er að sjá, sem Írabigð kristin hafi verið á Akranesi og þar í grend. Í landnámi þeirra bræðra nemur Bekan, írskur maður, land og bjó á Bekansstöðum[2]. Þar settist Kalman first að við Kalmansá og bjó í Katanesi, enn er sinir hans druknuðu á Hvalfirði, festi hann þar ekki indi og flutti bigð sína upp til fjalla að Kalmanstungu. Má telja víst, að Kalman og bróðir hans Kýlan hafi verið kristnir menn, þó að sagt sje um Kalman, að hann hafi verið heigður á Hvítárbakka. Sonur Kalmans er nefndur Sturla goði, og hefur því verið heiðinn; kemur það vel heim við það sem Landn. og Ólafs saga Triggvasonar segir, að sinir kristinna landnámsmanna hafi kastað kristni. Enn sonur Sturlu, sonarsonur Kalmans, Bjarni, tekur kristni, og er það því til stirkingar, að Kalman hafi verið kristinn[3]. Um Hrosskel Þorsteinsson er þess getið, að hann hafi first búið á Akranesi, enn þeir Ketill bræður hafi amast við bigð hans, og nam hann síðan Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta; hefur Hrosskell eflaust verið heiðinn maður[4]. Á Akranes leitar

1) Sbr. Guðbr. Vigfússon í Safni til s. Ísl. I 295.—296. bls.
2) Landn. 1. p. 17. k. 52. bls.
3) Landn. 1. p. 15. k. 49. bls. 2. p. 1. k. 64.—65. bls.
4) Landn. 2. p. 1. k. 66. bls.

Ásólfr alskik síðar hælis til Jörundar kristna, frænda síns, þegar hann er flæmdur undan Eijafjöllum, sem áður er sagt. Á næstu grösum við Akranes bjó Ávangr írski, eflaust kristinn maður, inni í Botni í Hvalfirði. Guðbr. Vigfússon hefur getið þess til, að þeir Ketill og Þormóðr Bresasinir hafi komið út í flóði Örlygs Hrappssonar, og er það mjög líklegt[1]; að minsta kosti virðist mega ganga að því vísu, að þeir bræður hafi valið sjer bigð á Akranesi, af því að þeir vóru þar í nágrenni við kristna menn, Helga bjólu og Örlyg á Kjalarnesi[2].

Vestur í Dölum, í landnámi Auðar djúpauðgu, virðist bigðin líka í firstu hafa verið kristin. Auður sjálf er sögð vel trúuð, og Landn. nefnir marga af skipverjum hennar og leisingjum, er hún gaf land. Hafa þeir eflaust allir verið kristnir. Einn af þeim var Erpr, sonur Melduns jarls af Skotlandi. Eflaust hafa margir Írar kristnir verið í sveit Auðar, þó að þeirra sje ekki getið, og við þá mun kend „írska leið“ á Hvammsfirði utanverðum. Enn hjer fór sem víðar, að eftir daga Auðar „spiltist trú frænda hennar“[3].

Ímsir af landnámsmönnum áttu írskar konur eða vóru af írskum ættum. Helgi magri, er fir var getið, var sonur Raförtu, dóttur Kjarvals Írakonungs[4]. Þeir bræður Vilbaldr og Áskell hnokkan vóru Dufþaks- (eða Dofnaks-) sinir Dufnialssonar Kjarvalssonar Írakonungs[5]. Baugr, sá er nam Fljótshlíð, var son Rauðs Kjallakssonar Írakonungs[6]. Auðunn stoti átti Mýrúnu Maddaðardóttur Írakonungs[7]. Án rauðfeldr átti

1) Safn til s. Ísl. I 295. bls.

2) Líklegt er og, að Svartkell sá, er nam land utarlega í Kjósinni, milli Midals-ár og Eilífsdalsár hafi verið kristinn. Hann er sagður „katneskr“ og um sonarson hans Glúm vitum vjer, að hann var kristinn (Landn. 1. p. 13. k. 45. bls.).

3) Landn. 2. p. 15.—19. k., 108.—117. bls.

4) Landn. 3. p. 12. k. 205. bls.

5) Landn. 4. p. 11. k. 267.—268. bls. 5. p. 8. k. 298. bls.

6) Landn. 5. p. 4. k. 285. bls. 8. nmgr.

7) Landn. 2. p. 10. k. 93. bls.

Grelöðu Bjartmarsdóttur, jarls af Írlandi. Eigi er ólíklegt, að sumir af þessum mönnum hafi verið blendnir í trúnni, líkt og Helgi magri.

Af minni háttar mönnum fara litlar sögur í Landnámu, og getur vel verið, að margir þeirra hafi verið kristnir, þó að þess sje ekki getið. Eflaust má það telja um írska þræla, sem allvíða er minst á. Hjörleifr Hróðmarsson, fóstbróðir Ingólfs, hafði með sjer írska þræla, er reindust honum illa, og um Hjörleif sjálfan er sagt, áð hann hafi ekki viljað blóta, hvort sem hann nú hefur dregið dám af þrælum sínum, eða veikst í trúnni í vesturvíking.[1] Þrælar Ketils gufu vóru og írskir.[2] Kjaran, þræll Geirmundar heljarskins, hefur og eflaust verið írskur, og sömuleiðis Dufan, leisingi Ánar rauðfelds, og Karli Konálsson, leisingi Hrólfs úr Geitlandi.[3] Um Steinrauð, leisingja Þorgríms bílds, er það beinlínis sagt, að hann hafi verið sonur Melpatriks af Írlandi[4]

Auðvitað vóru kristnir menn tiltölulega fáir í samanburði við hinn mikla sæg heiðinna innflitjenda. Var þá lítil von um, að þeir gæti haldið trú sinni til lengdar innan um tóma heiðna menn, enda segir Landnáma og kristniþáttur Gunnlaugs munks í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni löngu (í Fms. og Flat.), að kristnin hafi óvíða gengið í ættir og flestir sinir kristinna landnámsmanna kastað kristni.[5] Samt sem áður er það líklegt, að einhverjar menjar hafi haldist við hjá niðjum þessara manna og öðrum út í frá, sem kinni höfðu af þeim, og að þau frækorn hafi síðan borið nokkurn ávöxt. Um niðja Ketils fíflska er það víst, að þeir bjuggu hver fram af öðrum í Kirkjubæ og hjeldu vel trú sína.[6] Líka var Jörundr

1) Landn. 1. p. 5.—7. k., 32.—36. bls.

2) Landn. 2. p. 24. k. 133.—134. bls.

3) Landn. 2. p. 20. k. 124. bls., 2. p. 26. k. 140. bls. og 2. p. 1. k. 65.—66. bls.

4) Landn. 5. p. 13. k. 316. bls.

5) Landn. 5. p. 15. k. 322. bls. Ó. T. Fms. I. 244. bls. Flat. I. 263. bls.

6) Landn. 4. p. 11. k. 266. bls. Ó. T. Fms. II. 202. bls. Flat. I. 424. bls. Kristni s. 7. k. 12. bls. Njála k. 101.[20].

son Ketils landnámsmans Bresasonar kristinn, sem áður er sagt. Ein dóttir landnámsmans er og nefnd, sem var kristin, Gróa „hin kristna“, dóttir Geirleifs Eirekssonar.[1] Enn slíkt hefur verið undantekning. Alt bendir til, að sá litli vísir, sem var til kristni á landnámsöldinni, hafi brátt kulnað út af víðast hvar, og að heiðnin hafi á hinum næstu mansöldrum magnast svo, að hinir fáu kristnu menn hafi horfið inn í heiðingjafjöldann líkt og dropi í sjó. Einna ljósast sjest þetta á því, að ekki er tekið neitt tillit til kristinna manna í stjórnarskipun þeirri, er lögleidd var skömmu firir 930 að ráði Úlfljóts. Grundvöllurinn undir þeirri stjórnarskipun er algjörlega heiðinn. Goðarnir, hinir heiðnu prestar, ráða þar öllu, setja lög, skipa dóma og inna af hendi öll lögskil á þingum og heima í hjeraði. Kristnir menn gátu þannig ekki átt neina löghelgaða hlutdeild í stjórn landsins, og má geta nærri, hver áhrif þetta hefur haft í þá átt að kæfa niður þann litla vísi til kristninnar, sem til var í landinu. Að Úlfljótslög hafi verið alheiðin, sjest og á upphafi þeirra, sem geimst hefur í Hauksbók, viðurauka Melabókar hinnar ingri, Þórðar s. hreðu og Þorsteins þ. uxafóts, því að efnið í því eru ákvarðanir, er snerta trú manna, rammheiðnar, að eigi megi sigla að landi með gapandi höfðum og ginandi trjónum, svo að landvættir fælist við, um bauginn, sem hver goði skildi hafa á hendi sjer til lögþinga allra, og eiðinn, sem vinna skildi að þeim baugi.[2] Alt er þetta órækur vottur um afl heiðninnar um þessar mundir.

Hins vegar vottar hvergi firir því, að kristnir menn hafi orðið firir neinum ofsóknum á landnámsöldinni eða á þeim tíma, sem þar fer næst á eftir, því að ekki má það ofsókn heita, þó að Ásólfr alskik væri flæmdur undan Eijafjöllum, þar sem hann kom þar að bigðu landi, er aðrir höfðu

1) Landn. 2. p. 25. k. 138. bls. 2. nmgr.

2) Landn. 4. p. 7. k. 258.—259. bls. sbr. 334. bls. Þórðar s. hreðu, útg. Guðbrands Vigfússonar, 1. k. 93. bls. Flat. I. 249. bls.

áður kastað eign sinni á,[1] og vildi helga sér það að eiganda fornspurðum. Heiðnin átti að því leiti sammerkt við aðra fjölgiðistrú, að hún var umburðarlind við aðrar trúarskoðanir. Kristnir menn fengu að lifa í friði og óáreittir, meðan þeir brutu ekki lög á öðrum. Ef til vill er þetta ein af ástæðunum til þess, að kristninni fremur hnignaði enn fór fram eftir landnámstíð, því að líklegt er, að hún hefði fremur breiðst út og magnast, ef hún hefði sætt ofsóknum. Landn. segir, að land hafi verið albeiðið „nær hundraði vetra“[2]. „Hundrað“ er hér víst sama sem stórt hundrað (120) og talið frá bigð Ingólfs c. 874 til c. 994 eða nokkru fir („nær“). Líklega er neðra tímatakmarkið í Landn. miðað við kristniboðsferð þeirra Friðreks biskups og Þorvalds víðförla laust eftir 980, er vér síðar munum skíra frá. Alt fram að þessum tíma má heita, að heiðnin stæði í stað föstum fótum hér á landi, að minsta kosti á ifirborðinu.

Enn ormurinn nagaði þó altaf um rót Yggdrasils. Heiðnin bar hnignun sína í sjálfri sjer, og mörg merki má sjá til þess á 10. öldinni, að hún var farin að eldast og hrörna. Hinar frumlegu og barnslegu, enn þó að mörgu leiti háleitu hugmindir heiðinna manna um goðin meinguðust, eftir því sem fram liðu stundir. Margháttaðar þjóðsögur spunnu sig utan um hinar gömlu goðasögur og gerðu goðin æ líkari mönnum, ófullkomin eins og menn, háð mannlegum ástríðum og girndum. Við þetta skapaðist hjátrú annars vegar, enn vantrú hins vegar. Í hinu ágæta riti sínu, „Bekehrung des norwegischen stammes zum christenthume“ hefur Konráð Maurer glögglega sínt fram á þessa hnignun heiðninnar, sem kom innan að frá henni sjálfri, og skal jeg hjer að eins taka fram það, sem sérstaklega snertir Ísland.

Sem dæmi um *hjátrú* má telja það, sem sagt er um

1) Ásólfsskálarnir liggja í landnámi Ásgeirs kneifar, þeim hlutanum, er hann seldi Þorgeiri hörðska (Landn. 5. p. 2. k. 278. bls).

2) Landn. 5. p. 15. k. 322. bls.

Þóri snepil landnámsmann, er bjó að Lundi í Hnjóskadal, að hann hafi blótað lund þann, er hann bjó við, eða um Eyvind Loðinsson önguls, að hann hafi blótað steina þá, sem Gunnsteinar eru nefndir, eða um Þorstein rauðnef, son Hrólfs rauðskeggs, að hann hafi blótað fossinn hjá bæ sínum.[1] Líka höfðu menn átrúnað á hestum, t. a. m. Hrafnkell á Freyfaxa, eða Brandr á Freysfaxa sínum[2]. Hjátrúarkeimur er líka að sögunum um sumar landvættir, svo sem Svínfelsás í í Njálu eða Bárð Snæfelsás í Bárðarsögu, og er merkilegt, að slíkar verur skuli vera nefndar Ása nafni.[3] Um Bárð er sagt, að hann hafi verið kallaður Snæfelsáss, „því at þeir trúðu á hann náliga þar um nesit ok höfðu hann fyrir heitguð sinn".[4] Hjátrú lísir sjer og í seið og fjölkingi, sem víða er getið í sögum vorum, þó að slíkt væri bannað í heiðnum sið og varðaði við lög.[5] Um Grím kamban, þann er firstur bigði Færeijar, segir Landn. (Hauksbók og Melabók), að hann hafi verið „blótinn dauðr fyrir þokkasæld".[6] Að menn hafi trúað á afturgöngur og forinjur, sjest t. a. m. á sögnunum um afturgöngu Þórólfs bægifóts og um Fróðárundur í Eyrbyggju, svo að jeg taki ekki fleiri dæmi.[7]

Hins vegar ber líka talsvert á *vantrú* meðal heiðinna manna um þessar mundir. Um Hjörleif, fóstbróður Ingólfs landnámsmans er þar sagt, að hann vildi eigi blóta. Um Ásgeir kneif segir Landn. (Hauksbók), að hann „hafnaði sjálfráði blótum"[8]. Í Landn. eru nefndir 3 menn, er hafa auknefnið *goðlauss*, og um tvo af þeim er sagt, að þeir hafi eigi viljað

1) Landn. 3. p. 17. k, 223. og 225. bls. 5. p. 5. k. 291.—292. bls.

2) Hrafnkels s. Freysgoða, Kh. 1839, 6. bls. Vatnsd. s. Forns. Leipz. 1860, bls. 55.

3) Njáls s. k. 123[91]. Bárðar s. 6. k. 12. bls.

4) Bárðar s. á s. st.

5) Sbr. Landn. 2. p. 7. k. 83.—84. bls., 2. p. 8. k. 89. bls. Eyrb. 16. k. 19. bls. Laxd. 35. k. (útg. Kh. 1889—91, 123. bls.).

6) Landn. 1. p. 14. k. 47. bls. 2. nmgr.

7) Eyrb. 34. og 52.—54. k., 61. og 98. bls.

8) Landn. 5. p. 2. k. 278. bls. 8. nmgr.

blóta og trúað á mátt sinn og megin.[1] Þetta, að trúa á mátt sinn og megin, virðist hafa verið alltítt. Er það til að minda gefið í skin, að Kjartan Ólafsson hafi haft þessa trú, áður enn hann var skírður, og sama er sagt um Sigmund Brestisson og Finnboga ramma.[2] Heimskringla segir frá því, er bændur þröngvuðu Hákoni Aðalsteinsfóstra til blóta, að konungur hafi gert krossmark ifir fulli Óðins. „Þá mælti Kárr af Grýtingi: 'Hví ferr konungr nú svá? Vill hann eigi enn blóta'? Sigurðr jarl svarar: 'Konungr gerir svá, *sem þeir allir, er trúa á mátt sinn og megin* ok signa full sitt Þór; hann gerði hamarsmark yfir, áðr hann drakk'".[3] Af þessum orðum má ráða, að slík trú hafi ekki verið fágæt. Stundum verða menn og fráhverfir goðunum, af því að þeim þikja þau hafa brugðist sjer. Um Víga-Glúm er það sagt, að hann hafi kent Frey um það, er hann var flæmdur frá Þverá, „ok léz Glúmr verr vera við Frey alla tíma síðan".[4] Þegar Hrafnkell Freysgoði hefur látið hlut sinn firir Sámi og frjettir, að Freyfaxi sje drepinn og hof sitt brent, segir hann: „Aldrei skal ek á goð trúa".[5] Sumir af hinum bestu mönnum í heiðnum sið láta eigi staðar numið við vantrúna, heldur leiðir hún þá til háleitari og hreinni hugminda um guð. Svo er sagt um Þorkel mána Þorsteinsson Ingólfssonar landnámsmans, að hann hafi verið „einn heiðinna manna bezt siðaðr, at því er menn vita dæmi til. Hann lét sik bera í sólargeisla í banasótt sinni, ok fal sik á hendi þeim guði er sólina hafði skapat; hafði hann ok lifat svá hreinliga sem þeir kristnir menn, er bezt eru siðaðir".[6]

---

1) Landn. 1. p. 11. k. 40. bls. (Hallr goðlauss og Helgi goðlauss, feðgar); 2. p. 4. k. 71. bls. (Bersi goðlauss).

2) Laxd. 40. k. 149. bls. Færey. s. 23. k. 101. bls. (Flat. I. 144. bls.) Finnb. s. 19. k.

3) Hkr. Hák. góð. 18. k. (Unger 95. bls.).

4) Glúma (Ísl.forns. I.) 26. k. 78. bls.

5) Hrafnk. s. Kh. 1839, 34. bls.

6) Landn. 1. p. 9. k. 38. bls.

Merkilegur er og blendingur sá af trú og vantrú, sem kemur fram í Sonatorreki Egils Skallagrímssonar 23. og 24. erindi:

„*Blœtka því*
bróður Vílis
goðjaðar,
*at gjarn séak.*
*Þó* hefr Míms vinr
mér of fengnar
bölva bætr
es et betra telk.

Gáfomk íþrótt
ulfs of bági,
vígi vanr,
vammi firrða“ o. s. frv.

Athugavert er, að Egill var primsigndur (sjá síðar).

Ef það væri alveg víst, að forfeður vorir heiðnir hefðu trúað á *ragnarök*, eins og þeim er líst í fornritum vorum, þá væri þetta einhver hinn ljósasti vottur um hnignun heiðninnar, því að kenningin um ragnarök er í rauninni dauðadómur ifir hinum heiðnu goðum og þar með ifir heiðninni. Það er Völuspá, sem mest og best skírir frá ragnarökum, enn enginn efi getur á því leikið, að sumt í þeirri frásögn er af kristnum rótum runnið, og enda virðist mega telja víst, að höfundurinn hafi verið kristinn, þó að hann hins vegar beri mikla virðingu firir og hafi mætur á fornum heiðnum sögnum. Hann hefur auðsjáanlega lifað á þeim tímamótum, þegar kristnin var að riðja sjer til rúms, og haft víðari sjóndeildarhring, færri hleipidóma, enn alþíða manna, bæði heiðinna og kristinna. Dæmi um líkan trúarblending koma firir um það leiti, t. d. Hallfreðr vandræðaskáld. Samt sem áður er það ólíklegt, að hann hafi gripið frásögn sína um ragnarök alveg úr lausu lofti, heldur hefur hann þar stuðst við heiðinn átrúnað, enn lagað hann í

hendi sjer og bætt við kristnum hugmindum.[1] Kvæðið í heild sinni væri í rauninni þíðingarlaust eða jafnvel hlægilegt, ef ragnarök hefði ekki átt neina rót í fornum heiðnum átrúnaði. Það er í sjálfu sjer ekki ótrúlegt, að sú skoðun hafi komið upp hjá hugsandi mönnum meðal heiðingja, ef til vill meðfram af áhrifum kristindómsins, að heimurinn allur og hin fornu goð ættu að endurfæðast í nírri og betri mind. Enn vafalaust hefur þessi trú ekki komið upp fir enn á elliárum heiðninnar, þegar trúnni á hin fornu goð var farið að hnigna. Enn ef svo er, þá er þessi trúarskoðun ljós vottur um það, að heiðnin var á fallanda fæti. Því miður vitum vjer nú ekkert um, hversu útbreidd þessi trúarskoðun hefur verið meðal heiðinna manna.

Enginn efi getur á því leikið, að hnignun heiðninnar á 10. öldinni stafar að nokkru leiti frá áhrifum þeim, sem heiðnin jafnt og þjett varð firir af kristninni. Líklegt er, að hinir kristnu landnámsmenn hafi haft áhrif á ímsa heiðna menn út frá sjer og vakið hjá þeim efa um hina heiðnu trú, þó að þeir ekki gætu snúið þeim til kristni. Hjá sumum niðjum landnámsmanna hjelst kristnin við, t. d. hjá Jörundi kristna og niðjum Ketils fíflska, sem áður er sagt. Líka er getið um eina dóttur landnámsmans, sem nefnd er kristin. Er það Gróa hin kristna Geirleifsdóttir, þess er nam Barðaströnd milli Vatnsfjarðar og Berghliða. Enn ekki er þess getið, að faðir hennar hafi verið kristinn[2]. Áður höfum vjer getið um Glúm hinn kristna, sonarson Svartkels landnámsmans. Afkomendur hinna kristnu landnámsmanna hafa og að líkindum verið blendnir í trúnni sumir hverjir, þó að þeir snerist til heiðni að nafninu, sumir eflaust til að afla sjer metorða og ríkis, er ekki fjekst með öðru móti. Enn auk þess höfðu Íslendingar kinni af útlendum þjóðum, er tekið

1) Sbr. Timar. hins isl. bókmentafjelags XV. 79.—89. bls. XVI 78.—82. bls.

2) Landn. 2. p, 25. k. 138, bls. 2, nmgr. og 151. bls. (Melabók).

höfðu kristni, og hefur það eflaust haft talsverða þíðing. England, Skotland og Írland vóru þá kristin lönd, enn þar vóru Íslendingar stöðugir gestir. Svo er sagt um þá bræður Egil og Þórólf Skallagrímssonu, að þeir hafi látið primsignast, er þeir vóru við hirð Aðalsteins konungs á Englandi. Segir sagan, að það hafi verið siður kaupmanna og þeirra, er á mála gengu með kristnum mönnum, að láta primsignast til að geta haft samneiti bæði við kristna menn og heiðna, „en höfðu þat af átrúnaði, er þeim var skapfeldast“.[1] Jafnframt færðist kristnin alt af nær og nær Noregi að sunnan frá Þjóðverjalandi. Á 9. öldinni breiddist hún talsvert út norður eftir Danmörku firir ötula forgöngu Ansgars, „postula Norðurlanda“, og Rimberts. Eftir dauða Rimberts (888) varð um hríð hlje á framsókn kristninnar norður eftir. Enn um 934 tók erkibiskupinn í Hamborgar erkibiskupsdæmi aftur upp kristniboðið í Danmörku með aðstoð Þiskalandskonunga, og varð það að lokum til þess, að Haraldr Danakonungur Gormsson ljet skírast um 965. Var þá Jótlandi skift í biskupsdæmi og kristninni komið á fastan fót í Danmörku, jafnvel að nokkru leiti í eijunum og á Skáni. Í Svíþjóð hafði kristniboðinu aftur orðið miklu minna ágengt, þó að bæði Ansgar og hinir síðari Hamborgarbiskupar hefðu lagt alt kapp á að boða þar trú. Að vísu kom afturkippur í framsókn kristninnar í Danmörku eftir dauða Haralds konungs Gormssonar, enn það var að eins um stund, og um lok 10. aldar vex kristninni í Danmörku svo fiskur um hrigg, að hún ber úr því heiðnina ofurliði. Það má ganga að því vísu, að margir Íslendingar hafi komið til Danmerkur á 10. öldinni, enda er sagt, að Gísli Súrsson og fjelagar hans, Vésteinn og Bjálfi, hafi látið primsignast í Vébjörgum á Jótlandi til að geta haft samneiti við kristna menn, og

1) Egilss. (F. J.) 50. k. 156. bls.

nokkru síðar tók Kolskeggr Hámundarson skírn í Danmörku.[1]

Mest höfðu þó Íslendingar saman að sælda við móðurland sitt Noreg, og varla var við því að búast, að kristni kæmist á hjer á landi, meðan Noregur var heiðinn, enn það var hann fram undir lok 10. aldar, og hafði þó verið gerð tilraun til að snúa landsmönnum til kristni. Tilraun þessi kom ekki sunnan að frá Þiskalandi, eins og í Danmörku, heldur að vestan, frá Englandi. Það var Hákon konungur Aðalsteinsfóstri, sem first reindi að boða kristni í Noregi. Hann var alinn upp af Aðalsteini Englakonungi í kristinni trú, og kom frá Englandi til ríkis í Noregi, og steipti bróður sínum Eiríki blóðöx úr konungsstóli. Í firstu fór hann leinilega með kristnihald sitt, því að „land alt var heiðið, enn hann þóttist þurfa liðs alþíðu og vinsældar“. Enn í kirþei lokkaði hann vini sína til kristni og „ljetu margir skírast, enn sumir ljetu af blótum“. Og er hann þóttist hafa stirk af nokkrum ríkismönnum til að halda upp kristninni, fjekk hann klerka frá Englandi og gerði það bert, að hann vildi bjóða kristni um alt land. Var máli þessu skotið til Frostaþings. Gerðu bændur þar illan kurr gegn kristniboðinu. Varð konungur að láta málið falla, og um haustið og veturinn eftir þröngvuðu bændur jafnvel konungi til blóta með sjer. Var konungur bændum hinn reiðasti, enn brátt varð hann að snúast í öðru, því að Eiríkssinir sóttu á landið með tilstirk Danakonungs og þurfti hann liðveislu þegna sinna til að verjast þeim. Varð því aldrei meira úr kristniboði Hákonar konungs. Eftir dauða Hákonar komu Eiríkssinir til ríkis í Noregi. Þeir höfðu látið skírast á Englandi. Þeir reindu líka að halda fram kristninni í ríki sínu, enn komu litlu álciðis nema að brjóta hof og spilla blótum, og urðu við það óvinsælir. Líklega hafa þeir fljótt látið af þess-

1) Gísla s. Súrssonar (Kh. 1849) 96. bls. (sbr. 18. og 101. bls.). Njáls s. 81. k.

um tilraunum sínum, er þeir sáu, hvernig landslíður tók kristniboðinu, því að sumar sögur segja, að þeir hafi engum manni nauðgað til kristni, „en sá var kristinn, er þat vildi, en hinn heiðinn, er svá vildi“.[1] Af þessu má ráða, að þeir menn, sem tekið höfðu kristni á dögum Hákonar Aðalsteinsfóstra, hafi að minsta kosti fengið að hafa trú sína í friði fyrir Eirikssonum, og að nokkrir hafi ef til vill bætst við, einkum í Víkinni, sem hafði miklar samgöngur við Danmörku. Enn vafalaust er, að allur þorri Norðmanna var heiðinn um þessar mundir. Eftir fall Haralds gráfelds lagði Haraldr Gormsson Danakonungur undir sig Noreg með tilstirk Hákonar jarls og stökti Eirikssonum úr landi, enn gerði Hákon að jarli sínum yfir mestum hluta lands, enn Víkina og Upplönd áskildi hann sjer sjálfum. Í Víkinni er líklegt, að kristninni hafi um þær mundir farið talsvert fram af vaxandi samgöngum við Danmörku, enn í þeim hluta lands, sem Hákon jarl rjeð fyrir, reindi hann að hnekkja kristninni með öllu móti og efla heiðna trú, og síðar gerðist hann alveg óháður Danakonungi og náði líka Víkinni og Upplöndum undir sig, og braut niður kristnina þar sem annarsstaðar. Þessu fór fram, meðan hann rjeð fyrir landi.

Af þessu er ljóst, að kristnin á Íslandi fjekk lítinn stuðning frá Noregi á 10. öldinni, þó að því hins vegar verði ekki neitað, að það hafi getað haft áhrif á einstaka Íslendinga, að nokkrir menn, þó fáir væri, höfðu tekið kristni í Noregi.

Árið 965 eða þar um bil gerðist sá merkilegi viðburður í sögu landsins, að landinu var skift í fjórðunga og goðorðatalan ákveðin þannig, að 3 skildu þing í fjórðungi hverjum, nema í Norðlendingafjórðungi fjögur, og 3 goðorð í hverju þingi. Þá var og skipað fyrir um hlutdeild þessara

---

1) Fagrsk. 35. k. 28.—29. bls.; sbr. Ól.s. Odds munks.

39 goða í dómnefnu og lögrjettuskipun.[1] Við þessa stjórnarskrárbreiting, sem kend er við Þórð gelli, er eins og áður öll landstjórn bundin við goðorðin. Engir aðrir enn hinir heiðnu goðar fá hlutdeild í henni. Þetta sínir ljóslega, að heiðnin var þá enn einráð hjer á landi, enda kemur það vel heim við það, sem tekið er fram hjer að framan. Nú er goðorðatalan takmörkuð og rígbundin, þannig að ekki eiga fleiri enn 39 goðar þátt í landsstjórninni að lögum. Þeir einir skipa lögrjettu og nefna í dóma á alþingi, þeir einir eiga að ráða öllu á vorþingunum heima í hjeraði og á fjórðungaþingunum. Eflaust hafa menn við þessa níju goðorðaskipun tekið tillit til þess ástands, sem var firir nímælin, og er líklegt, að sú goðorðatala, sem leidd var í lög, hafi ekki farið mjög fjarri þeirri tölu, sem áður var. Enn hins vegar er það mjög ósennilegt, að goðorðatalan í þingunum hafi alstaðar verið svo reglubundin, að þrjú væri í hverju þingi og hvergi þirfti að breita. Á frásögn Íslendingabókar[2] má sjá, að menn reindu við þetta tækifæri að fá Norðlendinga til að leggja niður eitt af þeim þingum, sem þar vóru firir nímælin, til þess að þingin irði jafnmörg í fjórðungi hverjum, eða með öðrum orðum að fækka goðorðum þar um þrjú. Enn Norðlendingar vildu ekki sinna þessu, og urðu þá goðarnir í þeim fjórðungi að láta sjer linda, að goðorð þeirra væri fjórðungi skerð að alþingisnefnu móts við hin goðorðin. Lík afbrigði frá goðorðatölu þeirri, sem lögtekin var, hafa vafalaust átt sjer stað í hinum fjórðungunum, þó að þess sje ekki getið, af því að þar hefur tekist að einskorða goðorðatöluna annaðhvort með samkomulagi eða valdboði. Það virðist leiða af sjálfu sjer, að nímæli þessi hafa komist á firir samtök þeirra 39 goða, sem ofan á urðu, um að leggja undir sig landsstjórn og hjeraðsstjórn, enn útiloka alla aðra, og virðist mega

1) Jeg fílgi hjer á eftir skoðunum Konr. Maurers, sem mjer þikja sennilegri enn skoðanir Vilhjálms Finsens.

2) Íslendingabók 5. k.

ganga að því vísu, að ímsir höfðingjar hafi orðið alveg út undan við þessa goðorðaskipun eða þá orðið að steipa goðorði sínu saman við goðorð annars höfðingja.[1] Með þessu móti tókst þessum 39 goðum að gera sig einvalda ifir landinu um stund, enn geta má nærri, að óánægja hefur lifað í kolunum hjá þeim höfðingjum, sem báru skarðan hlut firir þeim.

Árið 981 er merkisár í kristnisögu Íslands, því að þá var farin hin firsta kristniboðsferð hingað til landsins. Firir henni stóðu þeir Þorvaldr Koðransson, hinn viðförli, og Friðrekr biskup hinn þiski.

Þorvaldr var af hinni göfgu Skíðungaætt; faðir hans Koðran var sonur Eilífs arnar, Atlasonar, Skíðasonar hins gamla, Bárðarsonar í Ál.[2] Af ætt þessari vóru komin flest stórmenni í Skagafirði og Húnavatnsþingi.[3] Föðurbróðir Þorvalds var Þjóðólfr goði að Hofi á Skagaströnd, enn faðir hans Koðran bjó að Giljá í Þingi, og þar fæddist Þorvaldr upp. Hann fór ungur utan og var í víkingu með Sveini tjúguskegg, er þá var ósáttur við föður sinn, Harald Gormsson, og herjaði með honum á Bretland og viðar. Eftir það fór Þorvaldr víða um lönd, meðal annars um Þiskaland. Þar

1) Konr. Maurer er og á þeirri skoðun, að ímsir höfðingjar hafi orðið út undan við goðorðaskipunina árið 965. Sjá Konr. Maurer, Island 63.—64. bls.; sinir hann þar fram á líkur til, að niðjar Sighvats rauða hafi mist mannaforráð sitt við þetta tækifæri.

2) Svo er ættin talin í Landn. 3. p. 6. k. 187. bls. og Ól. s. Tr. Fms. II. 255. bls. (ef rjett er lesið), enn í Kristni s. 1. k. og Njálu k. 113[21] nokkuð öðruvísi. Landn. segir, að Eilífr örn hafi numið „Skagaströnd hina eistri“ (Melab.), o: ströndina inn með Skagafirði að vestan, frá Mánaþúfu til Gönguskarðsár, til móts við Hólmgöngumána, er nam Skagaströnd firir vestan frá Mánaþúfu inn til Fossár. Landnáma segir ekki, hver nam inn frá Mána að vestanverðu frá Fossá inn að Blöndu. Mætti til geta, að Eilífr hefði numið ifir þveran Skagann firir innan Mána, að austan, eins og Landn. segir, frá Mánaþúfu inn að Gönguskarðsá, enn að vestan frá Fossá inn að Blöndu. Vist er það, að sonur hans, Þjóðólfr goði, bjó að Hofi á Skagaströnd á því svæði, sem engum er eignað í Landnámu.

3) Sbr. Bisk. I. 37. bls. 2. nmgr.

hitti hann Friðrek biskup og var skírður af honum. Hin nija trú festi þá þegar djúpar rætur í hjarta Þorvalds og vakti hjá honum brennandi áhuga á að vinna að útbreiðslu kristninnar á ættjörðu sinni og sjerstaklega meðal ættingja sinna. Átti hann tal um þetta við Friðrek biskup, og varð það úr, að þeir tóku sig saman um að fara til Íslands og boða þar kristni. Komu þeir út sumarið 981 og vóru hinn fyrsta vetur að Giljá hjá Koðrani, föður Þorvalds; tók hann skírn og alt hans fólk nema Ormr, bróðir Þorvalds. Næsta ár settu þeir Þorvaldr og biskup bú að Lækjamóti í Víðidal og bjuggu þar 4 ár. Þeir lögðu alla stund á að boða kristni bæði í grend við sig og í fjarlægum hjeröðum. Er sagt, að þeir hafi farið „víða um land“ í því skini, enn þó einkum um Norðlendingafjórðung, og í þeim fjórðungi hafi margir menn „hafnað blótum og brotið skurðgoð sín, og sumir eigi viljað gjalda hoftolla“. Sjerstaklega er getið um ímsa höfðingja í Norðlendingafjórðungi er kristni tóku. Eru til nefndir Önundr hinn kristni, son Þorgils vámúla úr Reikjadal í Þingeijarþingi, Hlenni hinn gamli í Saurbæ í Eijafirði, son Orms töskubaks, Þórissonar snepils, Þorvarðr Spakböðvarsson í Ási í Hjaltadal, og um einn hinn helsta höfðingja í Eijafirði, Eyjólf Valgerðarson, er sagt, að hann hafi látið primsignast.[1] Á bústöðum þessara manna má sjá, að þeir Þorvaldr hafa farið um mestan hluta Norðlendingafjórðungs. Mest hefur þeim þó eflaust orðið ágengt í kring um sig í Húnavatnsþingi og í Hegranessþingi. Segir Kristni saga, að Þorkell krafla Vatnsdælagoði hafi látið primsignast[2] og margir menn í Vatnsdal tekið skírn. Enn meiri ávöxt virðist þó kristniboðið hafa borið í Skagafirði. Þar ljet Þorvarðr Spakböðvarsson gera kirkju að bæ sínum, og fjekk prest hjá bisk-

1) Ólafs saga getur ekki Eyjólfs, heldur að eins Kristnis., enn Vallalj. s. (Ísl. forns. Kb. II 161. bls.) sannar það, að hann hafi verið primsigndur.

2) Kristni s. 2. k. (sbr. Grettis s. 13. k. 21. bls.) Vatnsd. (46. k.) segir, að Þorkell hafi verið skírður, þegar kristni var lögtekin, enn firir því gat hann vel verið primsigndur áður.

upi til að þjóna henni. Má á því sjá, að fleiri klerkar hafa verið í ferðinni enn biskup einn[1] Líka er sagt, að þeir Þorvaldr hafi skírt Atla hinn ramma Eilífsson, föðurbróður Þorvalds, er bjó „undir Eilífsfelli“, þar sem Eilífr örn, afi Þorvalds, hafði numið land, og má ætla að Atli hafi verið í höfðingja röð. Að þeir biskup hafi skírt mörg ungbörn, má ráða af níði því, er heiðnir menn ortu um þá:

„Hefir börn borit
biskup níu.
Þeira er allra
Þorvaldr faðir“.

Í þessari vísu er orðaleikur. Beinast liggur við að skilja hana sem klúr brigslirði. Enn um leið felst undir orðunum skop um skírnina og hugmind kristinna manna um guðsifjar. Það mátti segja um biskup, að hann „bæri“ þau börn, sem hann hóf að skírnarbrunni, og um Þorvald, að hann væri andlegur faðir eða guðfaðir þeirra, er hann var skírnarvottur. Heiðnum mönnum hefur þótt það hlægilegt, að nokkur skildi vera talinn faðir barnsins annar enn sá, sem var það í raun og veru. Vísan sínir því, að þeir hafa skírt allmörg ungbörn, og mega menn ekki taka töluna „níu“ of bókstaflega. Í Ólafssögu er þess og getið, að þeir hafi skírt svein 5 vetra í Skagafirði, Ingimund, son Hafrs í Goðdölum. Líka er getið um ferð þeirra vestur í Dali, er þeir komu í Hvamm til Friðgerðar hofgiðju, konu Þórarins fýlsennis, og fengu þar illar viðtökur hjá henni og Skeggja sini hennar, og orti Þorvaldr vísu um, sem enn er til. Ekki er þess getið, að neinir höfðingjar tæki skírn í Vestfirðingafjórðungi nje í öðrum fjórðungum enn Norðlendingafjórðungi, enn vel má vera að margir minni háttar menn þar hafi snúist til kristni af fortölum þeirra, þó að þess sé ekki getið.

---

1) Hjer við er þó það að athuga, að sumar sagnir segja, að Þorvarðr hafi verið skírður áður á Englandi, og getur verið, að hann hafi fengið prest þaðan (ÓT. Fms. II 224. bls.).

Enn þeir Þorvaldr ljetu eigi staðar numið við ferðir sínar um landið, heldur báru þeir djarfleik til að flitja erindi kristninnar á sjálfu alþingi Íslendinga. Þetta virðist hafa verið sumarið 984, er þeir höfðu verið 3 vetur hjer á landi. Hafði Þorvaldr þar orð firir þeim, því að biskupi var erfitt um íslenska tungu. Segir Kristni s., að hann hafi talað að lögbergi, og má það vel vera rjett, þó að Ólafs saga geti þess ekki. Enn eifirskur höfðingi, Heðinn hinn mildi Þorbjarnarson, hjelt tölu á móti og kom svo orðum sínum, segir Ólafs saga, að „engi maðr lagði trúnað á þat, er Þorvaldr hafði sagt“. Varð því enginn sínilegur árangur af þessari ferð, enda var lítil von til þess, því að goðar þeir, er sambandið gerðu 965, hafa ráðið öllum lögum og lofum á alþingi.

Meiri von var um, að kristniboðarnir gæti fengið áheirn á hjeraðsþingum, því að þar hafa goðarnir ekki verið eins einir um hituna og á alþingi. Það er líka sagt, að þeir hafi gert tilraun til að boða kristni á Hegranessþingi, og er auðsjeð, að þeir hafa valið það vorþing, af því að þeir þóttust hafa þar einna mest filgi, af Þorvarði Spakböðvarssini og Atla hinum ramma. Enn þegar á þing kom, sindi það sig samt, að við ofurefli var að eiga, og vóru þeir biskup reknir burt með ópi og óhljóðum og grjótkasti. Samt komust þeir heim að Lækjamóti heilir á hófi. Þetta virðist hafa orðið ári síðar enn alþingisferðin, eða 985.

Eftir þetta vóru þeir biskup og Þorvaldr gerðir sekir,[1] og hefur það gerst annaðhvort á þessu sama Hegranessþingi, eða þó öllu heldur á alþingi sama sumar. Goðarnir í Norðlendingafjórðungi urðu þess brátt varir, að hjer var kominn vogestur í landið, þegar menn fóru að neita að gjalda hoftolla, og er það beinlínis sagt, að þeir hafi reiðst Friðreki

1) Kristni s. 4. k. segir það beinlínis, og Ólafs s. gefur það í skin óbeinlínis (Fms. I 273. bls.).

biskupi firir það og lagt fjandskap á alla þá, sem honum samþiktu. Og nú höfðu kristniboðarnir gerst svo djarfir að flitja erindi sitt á alþingi frammi firir öllum landslíð og á einu hjeraðsþingi. Goðarnir sáu, að ekki dugði að láta við svo búið standa, og því gerðu þeir þá Þorvald og biskup seka. Sögur vorar segja frá því, að *„eftir alþingi“* þetta sama sumar hafi höfðingjar safnað liði og gert aðför að þeim Þorvaldi, þar sem þeir sátu að Lækjamóti. Það er auðsjeð, að þessi för hefur verið farin til að heija fjeránsdóm eftir þá, eins og vant var, þegar menn vóru gerðir sekir, enn fjeránsdóm átti að heija áður 14 nætur væri liðnar frá því þingi, er maðurinn varð sekur á. Hlítur því sektin að hafa verið dæmd á alþingi. Lítið varð þó úr aðför þessari. Segja sögur vorar, að liðsafnaðurinn hafi numið staðar skamt frá bænum á Lækjamóti, enn þá hafi fuglar flogið þar hjá og fælt hesta þeirra, hafi sumir dottið af baki og meitt sig, enn hestarnir hlaupið frá öðrum, og við það hafi þeir horfið aftur. Skoða sögurnar þetta sem jartein, enn mjög er þessi frásögn ósennileg. Nú er það athugavert, að fjeránsdóm skildi einmitt halda utan garðs á bæ hins seka í örskotshelgi við garðinn, og bendir frásögnin því bersínilega til þess, að þeir hafi farið af baki við túngarðinn til að heija fjeránsdóm, háð þar dóminn og riðið síðan í burt, líklega af því að þeir Þorvaldr hafa haft fjölment firir. Vera má og, að þeir Þorvaldr og biskup hafi að eins verið gerðir sekir fjörbaugsmenn og leist sig með fjörbaugi, og að fje þeirra hafi ekki verið gert upptækt, því að svo var stundum um fjörbaugsmenn.[1]

Eftir þetta vóru þeir Þorvaldr enn einn vetur að Lækjamóti, og ber ekki á, að neinn hafi gert þeim mein. Bendir þetta til, að þeir hafi verið fjörbaugsmenn, því að fjörbaugs-

1) Sbr. Orðasafn Finsens við Grágás Kh. 1883 undir orðunum *féránsdómr* og *fjörbaugsgarðr*.

mönnum var heimil vist á heimili sínu næstu 3 ár eftir sektina, ef þeir komust ekki utan, enn á hverju sumri skildu þeir beiða sjer fars. Upp frá þessu var þeim fjelögum ekki framar vært hjer á landi, enda fóru þeir utan næsta sumar (986), og höfðu þá verið hjer 5 ár. Þeir höfðu með ferðum sínum um landið og öllu starfi sínu hjer unnið kristninni ómetanlegt gagn. Báðir virðast þeir hafa verið mestu ágætismenn, hvor í sinni röð, og vel fallnir til þess starfa, er þeir tókust á hendur, enn þó einkum einstaklega samvaldir, því að annar hafði einmitt það til að bera, sem hinn skorti, Þorvaldr ákafa, hreisti og hugpriði, enn biskup speki, hógværð og stillingu Þorvaldr var sverð og skjöldur trúarboðsins. Djarfmenska hans og vaskleikur gekk í augun á heiðingjunum og vakti hjá þeim virðingu firir trúarboðinu. Án hans hefði því eflaust orðið lítið ágengt við forfeður vora, eins og þeir vóru skapi farnir. Aftur á móti var biskup það höfuð og sú hönd, sem stírði vopnunum, og eflaust má þakka það viturleik hans, þolinmæði og stillingu, að þeir gátu verið hjer svo lengi, í full 5 ár, og urðu ekki firir meiri ofsóknum. Það er sagt, að Þorvaldr hafi reiðst mjög níði því, er ort var um þá biskup, og vegið firir það tvo menn, enn biskup tekið því með hógværð og vítt Þorvald firir hefnigirnina. Lísir þetta vel báðum mönnunum. Þeir lifta firstir upp merki kristninnar á Íslandi bæði heima í hjeröðum, sjerstaklega á Norðurlandi, og jafnvel á sjálfu alþingi. Það má geta nærri, hver áhrif þetta hafði á allan landslíð. Menn vöknuðu úr svefnmóki því, sem áður hafði verið á þeim í trúarefnum. Nú v a r ð hver hugsandi maður að leggja firir sig þá alvarlegu spurningu: „Á jeg að verða kristinn? Á jeg að hafna trú forfeðra minna?“ Friðurinn er á enda, baráttan birjuð, bæði með og móti. Enn þá var að vísu heiðnin svo mögnuð, að þeir Þorvaldr urðu að stökkva úr landi. Enn þeir fóru ekki fir enn svo var komið, að lengri dvöl þeirra hjer hefði fremur spilt enn bætt mál-

stað kristninnar, og þeir höfðu búið svo um hnútana, áður enn þeir fóru, að úr þessu var ekki unt að gera kristnina landræka. Ímsum höfðingjum landsins höfðu þeir snúið til kristni, enn hinir eru ótaldir, sem kristni tóku firir orð þeirra af lægri stjettunum. Í Skagafirði var kirkja reist og prestur til fenginn, og má víst skoða þann söfnuð sem miðdepil trúarboðsins á hinum næstu árum.[1]

Vjer vitum lítið um hag kristninnar á hinum næstu árum. Ekki er getið um, að neinir trúboðar hafi þá komið hingað frá útlöndum, enda er það eðlilegt, því að einmitt um þessar mundir kom afturkippur í trúboðið í Danmörku og Noregi. Enn af því, sem á eftir fer, virðist mega ráða, að kristnin hafi þróast í kirþei eftir burtför þeirra Þorvalds og náð talsverðri útbreiðslu, einkum meðal lægri stjettanna.

Snemma á árinu 996 (eða seint á árinu 995?)[2] gerðist atburður í Noregi, sem hafði mikilvægar afleiðingar firir kristnisögu Íslands. Hákoni jarli var steipt úr veldisstóli Haralds hárfagra og Ólafr Tryggvason settur í hans stað. Ólafr hafði tekið kristni á Englandi og hafði brennandi áhuga á að stiðja að útbreiðslu kristninnar. Jafnskjótt sem hann var fastr í sessi, tók hann að boða trú og brjóta niður heiðni í ríki sínu, first í Víkinni, þar sem kristnin átti flesta áhangendur firir, og síðan norður eftir öllu landi. Gekk konungur að þessu starfi með oddi og egg, ef menn ljetu ekki skipast við fortölur, og beitti til þess öllu sínu valdi, enda varð honum svo mikið ágengt, að honum tókst á þeim fáu árum, sem hann rjeð landi, að kristna allan Noreg, að minsta kosti að nafninu. Enn hann ljet ekki þar við lenda.

1) Sbr. ÓT. Fms. II 222—224. bls., Flat. I 435—436. bls. Þar segir, að Þorvarðr Spakböðvarsson hafi snúið mörgum fátækum mönnum til kristni. Frá trúboði þeirra Þorvalds og biskups er sagt í Kristni s. 1.—4. k. ÓT. Fms. I 255.—276. bls., Flat. I 268.—273. bls. (sbr. Bisk. I 35.—50. bls.), Vatnsd. 46. k. (Forns. 76. bls.), Grettis s. 13. k. 21.—22. bls.

2) Sbr. Árb. f. nord. oldk. og hist. 1878, 37. bls.

Hann ljet sjer líka ant um að kristna þau lönd, sem bigð vóru frá Noregi, sjerstaklega Færeijar og Ísland.

Maður er nefndur Stefnir Þorgilsson Eilífssonar Helgasonar bjólu landnámsmans, þess er land nam á Kjalarnesi. Langafi Stefnis Helgi hafði verið kristinn, sem áður er sagt, enn afkomendur hans höfðu snúist til heiðni, og ólst Stefnir upp í heiðnum sið hjá föður sínum á Kjalarnesi. Stefnir fór utan á unga aldri, og er sagt, að hann hafi tekið trú í Danmörku. Nokkru síðar hitti hann Ólaf Tryggvason og gerðist hans maður og kom með honum til Noregs. Þennan mann sendi Ólafr konungur til Íslands þegar á hinu fyrsta ríkisstjórnarári sínu, sumarið 996, til að boða þar trú. Kom Stefnir skipi sínu í Gufuárós nokkru firir alþingi og tók þegar að boða trú. Hann virðist hafa viljað beita líkri aðferð við kristniboðið á Íslandi og Ólafur konungur í Noregi, því að hann fór um landið við 10. mann, og ef menn vildu ekki skipast við fortölur hans, þá reindi hann að „brjóta hof og hörga og brenna skurðgoð". Enn heiðnir menn söfnuðust saman og vörðu hof sín og goð. Það má geta nærri, að slík aðferð hlaut að vekja hina mestu heift hjá heiðnum mönnum, enda segir Kristni s., að Stefnir hafi orðið að flýja firir þeim og komist nauðulega á Kjalarnes til frænda sinna, og þar var hann í skjóli þeirra um veturinn. Á hinu næsta[1] sumri (997) var það í lög tekið á alþingi, að hvern þann mann skildi gera sekan, er lastaði goðin eða gerði þeim mein, og „skildi frændur hinna kristnu manna sækja þá, nánari en þriðja bræðra og firnari en næsta bræðra".[2]

Þessi nímæli eru mjög merkileg, því að þau sína betur enn nokkuð annað, hvers heiðnum mönnum þótti við þurfa

1) Svo Kristni s., enn Ólafs s. segir, að þetta hafi orðið hið fyrsta sumar, sem Stefnir var hér á landi (996), og virðist það ólíklegra.

2) Svo segir Kristni saga 6. k. 10.—11. bls. ÓT. (Fms. I 285. bls. Flat. I 287. bls.) segir, að „þrímenningar ok fjórmenningar ok þar í milli" skildi sækja; „næsta bræðra" er sama sem þrímenningar, en „þriðja bræðra" sama sem fimmmenningar, og ber því þessu eigi saman.

til að bæla niður kristnina, þar sem þeir grípa hennar vegna til þess neiðarúrræðis að slíta sundur hin helgu bönd ættarinnar. Vjer eigum nú á dögum bágt með að gjöra oss rjetta hugmind um þá þíðing, sem ættin hafði í heiðnum sið frá alda öðli. Einna ljósast verður þetta firir oss, ef vjer lesum Baugatal í Grágás, því að þar í eru æfagamlar ákvarðanir um bætur þær, er gjalda skildi firir víg, hve mikið frændur veganda skildu greiða af hendi og frændur hins vegna taka á móti. Reglur þessar eru mjög nákvæmar, og er meginreglan sú, að því nánari sem frændsemin er við veganda eða hinn vegna mann, því meira á hlutaðeigandi að gjalda eða þiggja af bótunum, bræður meira enn sistkinasinir, sistkinasinir meira enn prímenningar o. s. frv. Minst guldu fimmmenningar (þriðja bræðra) vegandans, og fimmmenningar hins vegna tóku við minstu af bótunum. Fjarskildari menn en fimmmenningar guldu eigi bætur og tóku ekki heldur bætur. Enn það sínir, hve rík frændsemistilfinningin var, að maður skildi að lögum eiga að bæta eða þiggja bætur firir víg, sem annar maður vo, ef vegandinn eða hinn vegni var skildur manni í 5. lið, eða, sem er hið sama, ef langafa-afi beggja var sami maður. Hinn rómverski sagnaritari Tacitus getur um þessar frænd-bætur; svo gamalt var þetta meðal germanskra þjóða[1]. Það er auðsjeð, að á meðan þessar reglur stóðu með fullum blóma, urðu þær til að tengja saman alla ættina, svo að hún stóð gagnvart öðrum sem einn maður, og um leið hlutu þær að veita lífi og limum einstaklingsins talsverða vernd, og hana því ríkari, sem ættin var öflugri. Með nímælum þeim, sem fir var getið, eru þá beinlínis slitin í sundur þessi fornhelgu ættarbönd milli heiðinna manna og kristinna, að minsta kosti að því er snertir hina fjarskildari liði. Ímislegt er athugavert við frásögnina frá nímælum þessum í sögum þeim, er frá þeim skira, Kristni s. og Ólafssögu hinni miklu. Fírst og fremst ber sögunum ekki saman,

1) Tac. Germania 21. k.: recipitque satisfactionem universa domus, utiliter in publicum, quia periculosiores sunt inimicitiae juxta libertatem.

eins og sjest á neðanmálsgreininni hjer að framan. Missögnin er auðsjáanlega sprottin frá ónákvæmri þíðingu á latínsku frumriti, sem báðar sögurnar hafa haft firir sjer, ɔ: kristni þætti Gunnlaugs munks í Ólafssögu hans, eins og jeg hef sint í Árb. f. nord. oldk. 1893[1]. Hvorugur textinn virðist vera alveg rjettur, enn þegar menn hafa hliðsjón af báðum sögunum og bera þær saman við Grágás, sjerstaklega Baugatal, virðist mega fá fulla vissu um, hver hugsunin hefur verið í frumritinu. Á Grágás sjest, að forfeður vorir hafa greint ættbálkinn sundur í tvent, hina náskildari frændur, sem nefndir eru *bauggildismenn*, og hina fjarskildari *(„eftir bauga“)*. Bauggildismenn, eru: a) faðir, sonur, bróðir, b) föðurfaðir, sonarsonur, móðurfaðir, dóttursonur, c) föðurbróðir, bróðursonur, móðurbróðir, systursonur, d) bræðrungar, sistkinasinir og sistrungar. Fjarskildari frændur enn bræðrungar, sistkinasinir og sistrungar koma „eftir bauga“. Þar til teljast þá þeir sem eru öðrum og þriðja, þrímenningar, (næsta bræðra), þriðja og fjórða, fjórmenningar (annara bræðra), fjórða og fimta, fimmmenningar (þriðja bræðra). Lengra enn til óskakkra fimmmenninga var frændsemi eigi talin að fornum lögum. Þessi greining á ættbálkinum kemur greinilega fram í lögunum, hvort sem um frændbætur er að ræða eða um arf eða um ómagaframfærslu[2], og er því líklegt, eins og Maurer hefur þegar tekið fram, að nímælin hafi haft þessa skifting frændbálksins firir augum og ákveðið, að hinir fjarskildari frændur, „eftir bauga“, skildu eiga sókn gegn þeim frændum sínum, er lastaði goðin eða gerði þeim mein. Þessi hugsun er og fólgin í orðunum, eins og þau standa í Ólafs sögu, ef lesið er „**fimm***menningar*“ í stað „*fjórmenningar*“[3] og ekki farið í of strangan reikning. Að svo beri að lesa stiðst við „*þriðja*

1) Árb. 1893, 297. bls. og þar á eftir.

2) Sbr. ritg. Vilh. Finsens í Annaler f. nord. oldk. og hist. 1849, 280. bls., og 1850, 262.—263. bls. og orðasafn sama við Grág. Kh. 1883, 589. bls. (undir orðinu *baugr)*. Konr. Maurer, Bekehrung I 379. bls.

3) Það getur stundum verið ervitt í handritum að greina *m* (ꝯ) frá *or*.

*bræðra*“ í Kristni s. og við það, að Stefnir, sem var sóttur eftir þessum lögum, var fjórða og fimta við Ósvífrssonu, er sóttu hann. Í Kristni s. er það aftur á móti eflaust ónákvæm þíðing úr latínu, þar sem stendur „nánari en þriðja bræðra ok firnari en næsta bræðra“ í stað: 'næsta bræðra ok þriðja bræðra ok þar í milli' (sbr. Ólafssögu), eða því um líkt.[1] Með þessu móti koma nimælin heim við reglurnar í hinum fornu lögum.

Það er auðskilið, af hverju nimælin hafa ekki ætlast til, að náfrændur (bauggildismenn) skildu sækja kristna frændur sína. Það hefur þótt ósanngjarnt að fara fram á slíkt, og ólíklegt, að svo nánir menn mundu takast það á hendur. Hins vegar er það víst líka ónákvæmt í sögum vorum, er þær báðar virðast segja svo frá efni nimælanna, að þau hafi gert hinum fjarskildari ættingjum að *skildu* að sækja frændur sína (bæði í Kristni s. og Ólafs s. stendur: *„skyldu sækja“*). Líklega hafa þau að eins veitt þeim forrjettindi fremur öðrum til að sækja um slík mál, enn „hver átt sök er vildi“,[2] ef þeir skirðust við. Þetta er miklu eðlilegra í sjálfu sjer. Ef engir aðrir enn frændur máttu sækja, þá var hætt við, að lögin irðu að engu í framkvæmdinni. Hins vegar er það auðskilið, hvers vegna menn hafa viljað veita ættingjum slík forrjettindi. Fje hins seka manns var gert upptækt og átti sakaraðili helminginn. Það var því eðlilegt, að ættingjum væri veitt þessi forrjettindi, til þess að fje hins seka manns hirfi eigi með öllu úr ættinni. Að aðrir menn hafi mátt taka upp sökina, ef ættingjar brugðust, virðist og mega ráða af því, að Runólfr goði Úlfsson, sem síðar sótti Hjalta Skeggjason um goðgá, eflaust eftir sömu lögum, var ekkert skildur Hjalta, svo að menn viti. Sögur vorar segja ekki,

1) Í hinu latínska frumriti hefur ef til vill staðið *„a tertio ad quintum gradum“* (o: inclusive), sem mátti misskilja.

2) Lík ákvæði um aðildir eru altíð í Grágás; sjá orðsafn Vilh. Finsens við Grágás 1883, 580. bls.

hver sekt lá við goðgá eða meingjörðum við goðin, hvort það var heldur fjörbaugsgarður eða skóggangur. Á málinu gegn Hjalta sjest, að það hefur verið fjörbaugsgarður, því að sögunum ber saman um, að Runólfr hafi gert hann sekan fjörbaugsmann. Vjer höfum sömuleiðis áður sínt líkur til, að þeir Þorvaldr og Friðrekr biskup hafi verið gerðir sekir fjörbaugsmenn firir líkar sakir og Stefnir og Hjalti. Bendir þetta í sömu átt, enn það sínir líka, að til vóru áður í lögum ákvæði um hegning firir goðgá og misgerðir við goðin, svo að lögin frá 997 hafa ekki, að því er *þetta* atriði snertir, verið nein nímæli. Hið nýja í lögunum var þá það, að kristnin var talin frændaskömm, og að hinum fjarskildari ættingjum vóru veitt forrjettindi til aðildar, og kemur það vel heim við sögur vorar. Enn fremur virðist það hafa verið nýtt í lögunum, að fje fjörbaugsmansins skildi upptækt. Vjer höfum áður sínt fram á, að fje þeirra Þorvalds og biskups muni ekki hafa verið gert upptækt, enn hins vegar bendir ákvæðið um forrjettindi ættingja til sóknar á það, að fjeð skildi upptækt eftir hinum nýju lögum, enda filgdi það vanalega fjörbaugsgarði. Fjörbaugsmaður skildi vera erlendis í 3 ár, enn átti síðan afturkvæmt og var þá, sem hann hefði aldrei sekur verið. Meðan hann var í sekt, mátti hann ekki taka neinn arf hjer á landi, og sínir það, að sektin leisti sundur bönd þau, er bundu hann við ættina, að minsta kosti að nokkru leiti. Ef hann brá að nokkru út af ákvæðum laganna um fjörbaug eða viðleitni til utanfarar o. s. frv., varð hann sekur skógarmaður, og vóru þá alveg slitin sundur öll þau bönd, er bundu hann við mannfjelagið og ættina.[1] Hið nístárlega í lögunum 997 er ekki sektin í sjálfri sjer, heldur hitt, að bönd þau, er bundu hinn kristna mann við hina fjarskildari ættingja, eru slitin, *áður enn maðurinn er dæmdur sekur.*

1) Sbr. orðasafn V. Finsens í Grág. 1883, 608.—609. bls. (undir *fjörbaugsgarðr).*

Eftir þessum lögum var Stefnir gerður sekur á alþingi 997, og sóttu hann frændur hans, sinir Ósvífrs spaka, og fór hann utan sama sumar. För hans hingað til landsins hafði þá miklu þíðingu, að með henni var það gert heirumkunnugt, að hinn nii konungur í Noregi vildi koma kristni á Ísland. Stefnir virðist ekki hafa snúið mörgum mönnum til kristinnar trúar, enda var það naumast von, með þeirri aðferð, sem hann beitti. Það má merkilegt heita, að hann slapp hjeðan ómeiddur. Þetta átti hann eflaust að nokkru leiti að þakka náfrændum sínum á Kjalarnesi og ótta þeim, sem stóð af Ólafi konungi, enn líklegt er, að hvorugt þetta hefði orðið einhlítt, ef ímsir hefðu ekki stutt hann í laumi, sem vóru hlintir kristninni eða höfðu tekið kristni. Varla mundu heiðnir menn hafa gripið til þeirra óindisúrræða að setja ní lög, er brutu bág við hina fornhelgu frændsemistilfinningu, ef þeir hefðu haft Stefni einn firir augum. Slík nímæli væru óskiljanleg, ef kristnum mönnum hefði ekki fjölgað til muna á þeim árum, sem liðin vóru, síðan þeir Þorvaldr og Friðrekr biskup boðuðu trú.[1]

Ólafr Tryggvason gafst ekki upp við kristniboðið á Íslandi, þó að Stefnir ljeti illa ifir ferð sinni, heldur sendi hann þegar á sama sumri, sem Stefnir kom utan, hirðprest sinn, Þangbrand,[2] hingað til lands til að boða trú. Þangbrandr þessi var þjóðverskur maður að uppruna. Er sagt, að hann hafi verið greifason frá Brimum, gerst klerkur og ratað í íms æfintíri, þar á meðal orðið að flíja úr Danmörku

1) Um Stefni sjá Kristni s. 6. k. (Bisk. I 9.—11. bls.). ÓT. Fms. I 276. og 283—286. bls., Flat. I 285.—287. og 362. bls.

2) Theodricus (Þórir) munkur nefnir hann „Theobrandus". Þetta nafn hafa svo norskir visindamenn (G. Storm og Absalon Taranger) tekið upp og gert úr Theo*d*brandus (= Deotbrant, Dietbrant). Enn Þangbrandr segja þeir rangt, því að tilsvarandi þiskt nafn (Dankbrant) finnist ekki í nafnabók Förstemanns, rjett eins og hún hljóti að hafa ausið upp öll þísk mannanöfn. Að forfeður vorir hafi nefnt manninn Þangbrand, sjest á visu Steinunnar skáldkonu, sem hjer fer á eftir, 2. visuorði: *Þang*brands ór stað *langu*.

eða Saxlandi sakir vígaferla, leitað síðan á náðir Ólafs Tryggvasonar og komið með honum til Noregs, þegar Ólafr tók þar ríki. Honum er svo lýst, að hann hafi verið mikill maður vexti og rammur að afli, ofstopamaður mikill og vígamaður, þó að hann væri kennimaður, ekki áleitinn, enn óvæginn ef hann reiddist, snjallur í máli og klerkur góður. Ólafr hafði sett hann prest við kirkju þá, er hann lýet gera í Mostr, enn hann hjelt sig svo ríkmannlega, að fje það, er konungur hafði til lagt, gekk til þurðar. Tók Þangbrandr þá það ráð að herja á heiðna menn og lifði á ránfeng þeim, er hann aflaði. Lísir þetta vel manninum. Þennan mann valdi konungur nú til Íslandsferðar. Hann kom út hingað sumarið 997 í Álftafirði hinum nirðra (= Hamarsfirði) og var hinn fyrsta vetur með Síðu-Halli að Þvottá í Álftafirði. Hallr var stórættaður maður og einhver hinn ríkasti höfðingi í Austfirðingafjórðungi um þær mundir. Faðir hans Þorsteinn var sonur Böðvars hins hvíta landnámsmans; töldu þeir frændur ætt sína til konunga og höfðu búið að Hofi og varðveitt goðorð það, er þar til heirði, enn Hallr hafði flutt bigð sína að Þvottá frá Hofi, af því að hann hafði mist þar son sinn Þiðranda voveiflega. Síðu-Hallr kemur alstaðar fram í sögum vorum sem hinn mesti öðlingur, spakur að viti, hógvær og geðprúður, og var það mikið lán firir Þangbrand, að hann bar að garði slíks mans. Honum tókst brátt að sannfæra Hall um sannindi kristilegrar trúar og var Hallr skírður um veturinn. Á næsta sumri (998) birjaði Þangbrandr ifirreið sína ifir landið. Fór hann víða um land og flutti skörulega kristniboðið. Var hann þess ávalt búinn að sanna mál sitt með sverði sínu, ef eigi dugðu fortölur, enn þó virðist hann hafa farið miklu spaklegar enn Stefnir, enda varð honum miklu meira ágengt. Frásögnin um ferðir hans og þá viðburði, sem komu firir hann á þeim, er mjög rugluð að tímatali í sögum vorum, og missagnir ímsar. Enn það stendur á minstu, í hverri röð þetta

gerðist. Hitt er miklu meira í varið að gera sjer ljóst, hvaða hjeröð Þangbrandr fór ifir og hvern árangur ferð hans hafði, og um það ber sögunum nokkurn veginn saman. Um það eru sögurnar á eitt sáttar, bæði Kristni s. og Ólafssaga og Njála, að hann hafi farið með Síðu-Halli, húsbónda sínum, til alþingis á hinu firsta sumri eftir vetursetuna hjá Halli (998). Fór hann sem leið liggur úr Álftafirði vestur eftir hjeröðum, stóð víða við á leiðinni til að boða kristna trú og skírði marga. Njála segir greinilegast frá þessari ferð. Segir þar, að Þangbrandr hafi skírt á leið sinni Hildi hinn gamla í Borgarhöfn og Glúm son hans og hjú hans öll, Kol Þorsteinsson að Kálfafelli og fólk hans, Ingjald, son Þorkels Háeyrartyrðils, í Mírdal, Njál á Bergþórshvoli og Hall Þórarinsson í Haukadal. Enn auk þess hafi Össurr Hróaldsson að Breiðá og Flosi Þórðarson að Svínafelli tekið primsigning og Flosi heitið þeim Þangbrandi filgi á alþingi. Um Hall í Haukadal vitum vjer með vissu, að hann var ekki skírður á þessu ári (998), heldur ári síðar (999), og var þá þrjevetur, því að svo segir Ari fróði í Íslendingabók eftir Halli sjálfum,[1] fóstra sínum. Er því þetta missögn í Njálu, enn engin ástæða er til að efa frásögn hennar að öðru leiti. Kristni s. bætir því við, að Gizurr hviti og Hjalti Skeggjason hafi tekið við kristni í þessari ferð, og má vel vera, að það sje rjett. Ólafssaga og Ari segja og, að Þangbrandr hafi skírt þá, enn færa það ekki til tímatals. Einkennilegt er það, hve margir snúast til kristni við svo fljóta ifirferð, og er varla annað hugsandi, enn að sumir af þessum mönnum að minsta kosti hafi áður verið kristnir í hjarta, enn að eins vantað prest til að framkvæma skírnina. Um Njál er það beinlínis sagt í sögunni, að hann hafi verið hlintur kristninni, áður enn Þangbrandr kom hingað til lands. Líka getur sagan um það, að Þangbrandr hafi í þessari ferð

1) Íslendingabók 9. k.

komið til Surts Ásbjarnarsonar í Kirkjubæ, afkomanda Ketils hins fiflska, og var hann kristinn áður, sem þeir langfeðgar. Má ætla, að kristin trú hafi breiðst nokkuð út þaðan, því að margir af þeim, sem Þangbrandr skírði eða primsigndi í ferðinni, bjuggu ekki mjög fjarri Kirkjubæ. Hins vegar getur Njála um ímislega áleitni, sem Þangbrandr varð firir af heiðnum mönnum á þessari leið, svo sem um hólmgöngu hans við Þorkel að Stafafelli, er Þangbrandr feldi, og hafði þó róðukross í skjaldar stað,[1] um seið þann, er Galdra-Heðinn efldi gegn Þangbrandi, um mótmæli Vetrliða skálds og Ara sonar hans gegn trúarboðinu í Fljótshlíð og víg Vetrliða og um viðurcign þeirra Þorvalds veila og Þangbrands. Þorvaldr hafði kveðið vísu til vinar síns, Úlfs skálds Uggasonar, og skorar á hann að firirkoma Þangbrandi, enn Úlfr kvað á móti, og er efnið, að hann vilji eigi gína við þeirri flugu; Konráð Gíslason hefur tekið það fram, að sumt í vísu Úlfs bendi til, að hann hafi þá verið orðinn kristinn, að minsta kosti í hjarta sínu, og er það rjett athugað; þessi sami maður hafði nokkru áður ort „Húsdrápu“ um mindir þær af goðunum, er telgdar vóru í skála Ólafs pá í Hjarðarholti, og sína leifar þær, sem til eru af því kvæði, að það hefur verið rammheiðið í anda; sjest á þessu, að Úlfr hlítur að hafa tekið stórum stakkaskiftum, síðan hann orti Húsdrápu. Þorvaldr veili gerði þeim Þangbrandi engu að síður firirsát, og vógu þeir hann við Hestlæk í Grímsnesi. Flestar af þessum sögum um áleitni heiðinna manna við Þangbrand staðfestir bæði Kristnisaga og Ólafssaga, þó að þær hafi suma viðburðina í annari röð. Um viðurcign þeirra Þangbrands og Vetrliða bæta þessar sögur því við, að Vetrliði hafi ort níð um Þangbrand. Víst er það, að Vetrliði ljet lífið firir trú sína í viðurcign sinni við Þangbrand, því að enn er til vísa um

1) Svo skil jeg orð sögunnar: „Þá bar Þangbrandr róðukross *fyrir skjöldinn*, en *þó* lauk svá með þeim at Þangbrandr hafði sigr ok drap Þórkel“. Aðrir skilja þetta svo, að Þangbrandr hafi haft róðukross *framan á* skildi sínum, enn þá væri orðið *þó* í sögunni óskiljanlegt.

þann atburð úr kvæði, sem „Óðarkeptr“ orti um förunaut Þangbrands, Guðleif Arason Mássonar frá Reikhólum,[1] er virðist hafa orðið banamaður Vetrliða. Af níði því, er Vetrliði orti um Þangbrand er nú ekkert til og ekki neitt af kveðskap hans nema einn vísuhelmingur, sem sínist vera úr lofkvæði um Þór og ber vott um, að Vetrliði hefur verið mikill trúmaður í heiðnum sið.[2]

Þegar á alþingi kom, „flutti Þangbrandr skörulega guðs erindi“ (Kristni s.) og tóku þá margir menn trú úr Sunnlendingafjórðungi (Kristni s. og Ólafs s.). Njála getur þess, að frændur Þorvalds veila, er þeir Þangbrandr höfðu vegið, [og fleiri heiðnir menn?] hafi ætlað að veita þeim Þangbrandi aðgöngu á þinginu, enn það hafi þó farist fyrir, því að Njáll og Austfirðingar hafi veitt Þangbrandi. Því miður höfum vjer nú ekki nákvæmari frásagnir um þennan merkisatburð á alþingi, enn víst hefur flokkur kristinna manna þar verið óárennilegur, úr því að Þangbrandr slapp þaðan ómeiddur.

Eftir þingið fór Þangbrandr víða um bæði á þessu sumri (998) og hinu næsta (999). Sögurnar sanna, að hann hefur farið alt í kring um landið að undanteknum Vestfjörðum fyrir vestan Haga á Barðaströnd og Norðlendingafjórðungi frá Hrútafirði norður að Skjálfandafljóti, enn tímaröð ferða þessara er mjög á reiki. Virðist Þangbrandr first hafa farið með Síðu-Halli heim að Þvottá aftur af alþingi og þaðan norður eftir Austfirðingafjórðungi og um hinar nirðri sveitir

1) Sbr. Sn.E. III. 736.—737. bls.

2) Sn.E. I. 258. Vísuhelmingurinn er svo:

Leggi brauzt þú Leiknar,
lamðir Þrívalda,
steypðir Starkaði,
stóttu of Gjálp dauða.

Finnur Jónsson getur þess til, að þetta kunni að hafa verið partur af því, sem Vetrliði orti um Þangbrand, og að skáldið hafi í því sem á eftir fór skorað á Þór að fara eins með Þangbrand og hann fór með þá óvini sína, sem skáldið nefnir í þessum vísuhelmingi. Má vera, að þetta sje rjett, enn ekki er það víst. Sbr. F. Jónsson, Den oldn. og oldisl. lit. hist. I. 479. bls.

Norðlendingafjórðungs að austan, first vestur í Axarfjörð — þar skírði hann menn í Þangbrandslæk, og er örnefnið til enn í dag — þaðan að Mývatni — þar skírði hann í Þangbrandspolli og virðist það örnefni sömuleiðist hafa haldist til vorra daga[1] — þaðan ætlaði hann lengra vestur, enn komst ekki lengra enn að Skjálfandafljóti firir ríki Eifirðinga. Eftir þessu virðist heiðnin þá enn hafa verið mögnuð í Eijafirði, þó að Hlenni hinn gamli hefði látið skírast í því hjeraði og Eyjólfr Valgerðarson tekið primsigning af Friðreki biskupi. Eftirtektavert er það og, að Þangbrandr snír aftr, þegar hann er rjett kominn að heimili og þingmannasveit Þorgeirs Ljósvetningagoða, er bjó að Öxará rjett firir vestan Skjálfandafljót. Má ætla, að Þorgeirr hafi þá enn verið kristninni mótfallinn og ef til vill bannað Þangbrandi að fara lengra, enn að sá mótblástur hans móti kristninni hafi ekki verið í minnum hafður eftir bragarbótina, sem hann gerði síðar.

Eftir þessa norðurferð virðist Þangbrandr hafa horfið first heim að Þvottá aftur. Kristni s. og Ólafs s. láta hann fara jafnharðan úr þessari ferð vestur aftur um suðursveitir ifir Skaftafelsþing, Rangárþing og Árnesþing og alt vestur í Grímsnes, sömu leið og hann hafði áður farið á sama sumri, og snúa síðan austur aftur að Þvottá. Þetta hringsól virðist vera alveg tilgangslaust og gert eingöngu til að koma að sögunum um viðureign Þangbrands við Vetrliða og Þorvald veila, er þessar sögur setja í samband við þessa hina síðari ferð. Líklegra er, að Þangbrandr hafi farið beint að Þvottá úr norðurferðinni. Eftir heimkomuna að Þvottá lætur Kristni s. Þangbrand dvelja þar hjá Halli annan vetur og búast um vorið eftir til utanferðar, enn verða afturreka í Borgarfjörð og rata þar í íms æfintíri um sumarið, sem engin saga önnur segir frá, og dvelja með Gizuri hvíta í Skálholti hinn *þriðja* vetur. Jeg hef í ritgjörð um Ara fróða sínt fram á, hvernig á þessu stendur; Kristni s. lætur Þang-

1) Kålund, Hist.-topogr. beskrivelse af Island II 426.—427. bls.

brand koma hingað fir enn aðrar sögur og dvelja einu ári lengur (996—999); kemur það af því, að þessi saga ein lætur Ólaf Tryggvason koma til ríkis einu eða minst hálfu ári fir enn aðrar sögur; verður hún því að teigja úr dvöl Þangbrands hjer, til þess að áratalan komi heim við sögu Ólafs, og bætir í því skini við dvölina 1 ári, sem sagan fillir með nirri vetrardvöl hjá Halli og viðburðunum í Borgarfirði, sem eru sjálfstæð viðbót þessarar sögu.[1] Það getur nú ekki komið til nokkurra mála, að Þangbrandr hafi verið hjer meira enn tvo vetur, því að Ari fróði, sem hafði bestar og elstar heimildir, tekur þar af skarið, er hann segir, að Þangbrandr hafi að eins verið hjer einn eða tvo vetur. Þetta tímatal Kristni sögu getur því ekki verið rjett. Aftur á móti segir Ólafs saga, að Þangbrandr hafi búið skip sitt til utanferðar, jafnskjótt og hann kom heim að Þvottá úr sumarferð sinni, og lagt á stað þegar um haustið, enn hrakist af andviðrum til Borgarfjarðar, og þar hafi Gizurr hvíti boðið honum til sín og haldið hann í Skálholti um veturinn (ɔ: 998—999). Mætast sögurnar þar aftur. Þetta er miklu líklegra enn frásögn Kristni sögu og kemur heim við sögn Ara um dvöl Þangbrands. Firir því getur vel verið eitthvað hæft í viðburðum þeim, er Kristni s. segir ein frá, í Borgarfirði, matarráni Þangbrands frá Kol í Lækjarbug og bardaga við Skeggbjörn hjá Steinsholti, því að frásögnin um þetta í Kristni s. er mjög skilmerkileg og stiðst við örnefni (Þangbrandshróf við Hítará o.fl.). Enn þetta gat vel gerst um haustið 998, áður enn Þangbrandr fór að Skálholti. Samt sem áður verð jeg að láta í ljós nokkurn efa um það, að Þangbrandr hafi ætlað sjer til Noregs, þegar hann fór frá Þvottá, og rekist svo af hendingu til Borgarfjarðar. Hann hefði þá hætt við hálfnað verk, ef hann hefði ætlað sjer til Noregs þá þegar, og líkist það ekki manninum. Hitt er sennilegra, að hann hafi ving-

1) Årb. f. nord. oldk. og hist. 1894 320.—324. bls.

ast við Gizur hvíta í alþingisferð sinni um sumarið (998) og Gizurr þá boðið honum að vera hjá sjer næsta vetur, og að Þangbrandr hafi lagt upp frá Þvottá með þeim ásetningi að vitja þessa heimboðs og flutt í því skini farangur sinn og förunauta á skipi sínu kringum landið til Borgarfjarðar. Hefur hann þá mætt mótblæstri þeim hjá hjeraðsmönnum, er Kristni s. segir frá.

Veturinn, sem Þangbrandr var í Skálholti tók út skip hans og braut nokkuð. Um það kvað Steinunn skáldkona, móðir Skáld-Refs (Hofgarða-Refs), og eru vísurnar svo einkennilegar og vel ortar, að jeg set þær hjer:

Þórr brá Þvinnils dýri
Þangbrands ór stað langu,
hristi blakk ok beysti
barðs ok laust við jarðu.
Muna skíð á sæ síðan
sundfœrt Atals grundar,
hregg því at hart tók leggja
hánum kent í spánu.

Braut fyr bjallu gæti
(band ráku val Strandar)
magfellandi mellu
mástalls visund allan.
Hlífðit Kristr, þá es kneyfði
kuarr, málfeta varrar;
lítt hykk at goð gætti
Gylfa hreins at einu.[1]

1) Vísurnar skal taka þannig upp: Þórr brá langu (=löngu) Þvinnils dýri (= sækonungs d. = skipi) Þangbrands ór stað, hristi barðs blakk (=barðs hest = skipið) ok beysti (= barði, sló) ok laust við jarðu (= jörðu). Muna skíð Atals grundar (= sækonungs grundar = sjóar, skíð sjóar = skip) síðan sundfœrt of sæ, því at hregg (= stormur), hánum (ɔ: Þór) kent, tók leggja (ɔ: það, skipið) í spánu.

Magfellandi mellu (mögr mellu = sonur tröllkonu, jötun; fellandi jötuns = Þórr) braut allan mástalls (hafs) visund (uxa; uxi hafs = skip) fyr bjallu gæti (= klerki, Þangbrandi); band (= bönd, [heiðin] goð) ráku val (hest) Strandar (árheiti; hestur Strandar = skip). Hlífðit Kristr,

Njála segir, að Steinunn hafi komið til móts við Þangbrand og boðað honum trú, og hermir kringilega orðadeilu, er þau áttu saman. Enn hvorki Kristni saga nje Ólafssaga segir frá því, að þau hafi fundist eða talað saman, og er það víst tilbúningur síðari tíma, sprottinn af vísum Steinunnar, sem menn hafa hugsað sjer mæltar við Þangbrand, enn það þarf als ekki að vera. Steinunn hefur verið forn í skapi og rammheiðin í anda, enda var hún að móðurkini af gamalli goðaætt; móðurbróðir hennar Hjörleifr, er nefndur goði og afi móður hennar, Þórðr gnúpa, var bróðir Þormóðs goða.[1] Maður Steinunnar, Gestr Bjarnarson, var og af goða ætt, sonarsonur Helga Hofgarðagoða,[2] og virðast þau Steinunn hafa búið á óðalsjörðu hans, Hofgörðum í Staðarsveit, um þessar mundir, og þá eflaust varðveitt hofið, sem bær sá er við kendur.[3]

Veturinn, sem Þangbrandr var hjá Gizuri hvíta í Skálholti (998—999), hefur hann eflaust skírt Gizur og fólk hans og Hjalta Skeggjason, hafi hann ekki verið búinn að því áður á leið sinni til alþingis firra sumarið.[4] Víst er það, að um vorið eða sumarið 999 skírði hann Hall Þórarinsson í Haukadal, sem þá var þrjevetur eftir sögn Ara fróða, fóstra

---

málfeta varrar (vǫrr = áratog, varrar mál sbr. fótmál, varrar málfeti = sá [hestur] sem hefur í feti sínu varrar-mál, líkt og aðrir [hestar] hafa í feti sínu fótmál, skip), þás kneyfði knǫrr (= þá er knörinn var kneifður); lítt at einu (= að eins) hykk (= hygg ek) at goð (guð kristinna manna) gætti Gylfa hreins (Gylfi = sækonungur, G. hreinn [hreindir] = skip). Sbr. Konr. Gíslason Njála II 506—519, F. Jónsson í Hauksbók Kh. 1892—96, 137. bls. neðanmáls.

1) Landn. 2. p. 5. k. 79. bls.

2) Sbr. Eyrb. 16. k.

3) Eyrb. 42. k.

4) Ari, sem mest er að marka, segir: „Hallr á Síðu lét skírast snemmhendis, og Hjalti Skeggjason úr Þjórsárdal og Gizurr hinn hvíti og margir höfðingjar aðrir“. Hjer er vafasamt hvort „snemmhendis“ á við fleiri enn Hall, enn líklegt er, að höfðingjarnir hafi verið skírðir í þeirri tímaröð sem Ari telur þá, first Hallr (sbr. áður), þá Hjalti og síðast Gizurr.

Halls, fæddur seint á árinu 995. Er þessi sögn Ara því til stirkingar, að Þangbrandr hafi verið með Gizuri í Skálholti þennan vetur (998—999), því að mikil vinátta virðist hafa verið milli Mosfellinga og ættmanna Halls, og ef til vill frændsemi eða tengdir, — annars mundi Ísleifr biskup, sonur Gizurar, varla hafa selt Halli son sinn Teit til fósturs. Upp frá þessu eru þeir Gizurr og Hjalti Skeggjason einhverjir hinir helstu stirktarmenn kristninnar á Íslandi.

Um vorið 999 fór Þangbrandr vestur um sveitir og komst lengst vestur að Haga á Barðaströnd til Gests hins spaka Oddleifssonar, eftir því sem segir bæði í Kristni s. og Ólafssögu. Þar átti hann í höggi við berserk einn, er þóttist kunna þá íþrótt að vaða eld brennandi og fallast á sverðsodd, án þess að sakaði; Þangbrandr vígði eldinn og signdi spjótsoddinn svo vel, segir sagan, að berserkurinn beið bana af þrekraun þessari. Eftir þá jartein er sagt, að Gestr og fleiri hafi látið primsignast.[1] Öllum sögum ber saman um, að Þangbrandr hafi snúið aftur í Haga og ekki farið lengra vestur. Segir Njála, að Gestr hafi latt Þangbrand að fara í Vestfjörðu, því að þar væru menn „harðir og illir viðureignar".

Sama sumarið fór Þangbrandr utan úr Borgarfirði á skipi sínu, er hann hafði látið bæta. Var það nefnt Járn-

1) Njála lætur Þangbrand fara vestur um sveitir þegar eftir alþingisferðina með Síðuhalli, og hitta Steinunni á þeirri leið; í þeirri sömu ferð fer hann alt vestur að Haga til Gests og á þar við berserkinn, snýr síðan við og fer sunnan lands austur aftur í Álftafjörð og þar utan, að því er virðist, sama haust. Er svo að sjá sem sagan láti Þangbrand vera að eins 1 vetur hjer á landi (998—999). Fleira er einkennilegt í Njálu, svo sem það, að hún veit ekkert um þá sögn, að hann hafi hrakist sjóleiðis að austan til Borgarfjarðar, og segir, að skip hans hafi brotnað firir austan við Búlandsnes; hún nefnir skip hans Vísund, og er það auðsjáanlega sprottið af misskilningi á kenningunni 'mástalls vísund' í vísu Steinunnar. Njála segir og, að Guðleifr Arason hafi komið út með Þangbrandi og verið með honum á öllum ferðum hans um landið og farið með honum utan, enn Kristni s. og Ólafssaga geta ekki um, að Guðleifr hafi verið með honum nema að vígi Vetrliða og Þorvalds veila.

meis, eflaust af því að það hefur verið spengt með járnspöngum, og er við það kendur Járnmeishöfði nálægt Höfn í Borgarfirði. Er þetta örnefni með fleiru því til sönnunar, að Þangbrandr hafi komið á skipi sínu í Borgarfjörð. Ekki sjest það glögt á sögunum, um hvert leiti sumars Þangbrandr fór utan, hvort það var firir eða eftir alþingi..

Árangurinn af ferðum Þangbrands virðist hafa verið mjög mikill. Með því að senda hann hingað hafði Ólafr konungur Tryggvason sínt það enn á ní allri alþíðu, að honum var alvara að stiðja málefni kristninnar hjer á landi. Þetta hafði afarmikla þíðingu. Þeir sem kristni tóku, vissu það nú glögt, að þeir áttu þar hauk í horni, sem Ólafr var, og gerði það þá öruggari til að rísa á móti valdi hinna heiðnu goða, þó að þessir hefðu að vísu enn filgi meiri hluta landsmanna, og um leið hlaut þetta að verða til að draga hug úr heiðnum mönnum og gera þá deigari. Vera má og, að ráð konungs hafi verið dípra sett, og að undir kristniboðinu hafi meðfram búið tilraun til að ná ifirráðum ifir landinu, og að því stefndi erfingi Ólafs Tryggvasonar, Ólafr helgi, síðar. Enn þetta var þó ekki látið í veðri vaka first í stað og Ólafr Tryggvason varð svo skammlífur, að þessi tilgangur hans kom aldrei í ljós, þó að hann að öllum líkindum hafi haft hann. Af því, sem sagt er um Þangbrand, virðist mega ráða, að kristnin hafi þegar, áður enn hann kom, átt allmarga stirktarmenn víðs vegar um landið. Ferðir hans hafa nú þá þíðingu, að hann bæði útvegar kristninni fleiri áhangendur, þar á meðal ímsa ríka og merka höfðingja, svo sem Síðu-Hall, Gizur hvíta og Hjalta Skeggjason,[1] og eink-

1) Theodricus (Þórir) munkur telur „Þorgils úr Ölfusi“ meðal þeirra höfðingja er kristni tóku af Þangbrandi, og á hann hjer eflaust við Þór*odd* goða á Hjalla í Ölfusi, föður Skafta lögsögumans. Munum vjer síðar minnast betur á þetta. Ari fróði segir, að Þangbrandr hafi skirt Hall á Síðu, Hjalta Skeggjason, Gizur hvíta *og marga höfðingja aðra*, sem Ari nefnir ekki. Mun það síðar verða ljóst, hvaða höfðingjar það eru, sem Ari á við.

um og sjer í lagi, að hann virðist hafa komið á öflugu sambandi milli þessara einstöku kristnu manna, sem vóru á víð og dreif um landið. Merkilegt er, að Þangbrandr virðist ekki hafa ferðast um Norðlendingafjórðung vestan Skjálfandafljóts, og virðist ástæðan hafa verið sú, að því er norðursveitirnar, Eijafjörð og sveitirnar þar firir norðan, snertir, að þar hafi heiðnin enn verið í fullum krafti, og goðar þeir, sem þar vóru ríkastir, bannað Þangbrandi ifirferð, eins og sögur vorar gefa í skin; hafa þá þeir höfðingjar, sem kristni höfðu tekið af Friðreki biskupi, ekki getað rönd við reist. Aftur á móti virðist líklegt, að Þangbrandr hafi ekki kært sig um að koma í vestursveitir Norðlendingafjórðungs, af því að þar hafi kristnin verið komin nokkurnveginn á fastan fót firir framgöngu Þorvarðs Spakböðvarssonar og annara, sem Friðrekr biskup hafði snúið til kristni. Um Vestfirði er það beinlínis gefið í skin í Njálu, að þar hafi menn enn verið rammheiðnir, og því hafi Þangbrandr ekki farið þar um.

Afleiðingarnar af starfsemi Þangbrands sjást best á því, að úr þessu eru það íslenskir menn, sem gangast firir kristniboðinu, og með þeim standa allir kristnir menn sem einn maður og koma fram sem fastur og einbeittur flokkur.

Þetta lísir sjer þegar á alþingi það sama sumar, sem Þangbrandr fór utan. Segir Kristni s., að þá hafi orðið umræða mikil um trú þá, er Þangbrandr boðaði, bæði með og móti, og mikill sveitardráttur. Hjalti Skeggjason úr Þjórsárdal virðist þá hafa verið forsprakki kristinna manna; segir bæði Ari fróði og Kristni s., að Hjalti hafi kveðið kviðling þennan að *lögbergi:*

Sparik eigi goð geyja;
grey þykkir mér Freyja[1].

---

1) Í staðinn firir *Sparik* hefur Íslendingabók, Kristni s. og Ólafss. *Vilk*, enn Njáluhandritin hafa *Sparik*, sem virðist rjettara (er þá *goð* þolfall *fleirtölu* og táknar hin heiðnu goð), enn þó má hinn leshátturinn (*Vilk*) til sanns vegar færast, ef *goð* er tekið sem þolfall *eintölu* (= guð

Virðist því ljóst, að umræða sú, sem Kristni s. getur, hefur staðið að lögbergi og að Hjalti hefur haldið þar tölu gegn heiðninni. Firir kveðling þennan stefndi Runólfr goði Úlfsson Hjalta um goðgá samkvæmt lögum þeim, er fir var getið, og sótti hann til sektar á sama þingi. Þetta mál kom öllu þinginu í uppnám, því að þegar það kom í dóm, veittu kristnir menn aðgöngu og hleiptu upp dóminum og fjekk dómurinn ekki setið, fir enn Runólfr setti hann niðr á Öxarárbrú og ljet verja báða brúarsporðana með vopnum. Sínir þetta ljóslega, að kristnir menn hafa fjölment mjög til þessa þings og að þeir stóðu hver með öðrum í föstum og einbeittum flokk. Að heiðnir menn hafi verið hræddir við kristna flokkinn, sjest og á því, sem bæði Ólafss. og Kristni s. segir, að enginn af dómendum hafi fengist til að reifa málið, fir enn Þorbjörn Þorkelsson úr Goðdölum settist í dóminn og reifði. Lauk svo, að Hjalti var dæmdur sekur fjörbaugsmaður. Á sama þingi virðist Þangbrandr líka hafa verið gerður sekur[1], enn óvíst er, hvort það var firir goðgá eða firir víg þau, er hann hafði vegið, líklegast, að það hafi verið firir hvortveggja, og hefur hann þá orðið sekur skógarmaður. Ekki sjest, að Þangbrandr hafi verið á þessu þingi.

Það er mikið mein, að vjer vitum ekki meira, enn Kristni s. segir um umræður þær er urðu að lögbergi á þessu

---

kristinna manna). Njála og Ólafss. bæta við kviðlinginn þessum 2 vísuorðum:

æ man annat tveggja
Óðinn grey eða Freyja.

Enn sú viðbót stendur hvorki í Kristni s. nje hjá Ara og virðist ekki upphafleg (sbr. Konr. Gíslason í Njálu II 505.—506. bls.).

1) Bæði Kristni s. og Ólafssaga geta þess, að Þangbrandr hafi verið gerður sekur. Ólafss. árfærir ekki viðburðinn, enn Kristni s. segir, að hann hafi orðið annað árið af þeim þremur, sem sagan lætur Þangbrand dveljа hjer á landi. Vjer höfum áður sjeð, að Þangbrandr var hjer ekki lengr enn tvö ár og að Kristni s. hefur gert síðara árið að tveimur. Mælir hún þá með, að þetta hafi orðið annað sumarið, sem Þangbrandr var hjer, enda er það ólíklegt, að hann hafi verið gerður sekur 998 og dvalið hjer síðan eitt ár sem sekur maður.

þingi, eða að hverju þær stefndu, því að engar líkur eru til, að þær hafi að eins verið tilgangslaus orðakepni. Verið getur, að á þessu þingi hafi kristni flokkurinn gert hina fyrstu tilraun til að fá kristnina lögtekna eða þó að minsta kosti að draga landsstjórnina að einhverju leiti úr höndum hinna heiðnu goða. Í aðgöngunni að dómnum felst bein og skílaus uppreisn móti goðavaldinu, og er það þessu máli til stirkingar. Enn hvernig sem þetta hefur verið, þá er það víst, að flokkarnir reindu afl með sjer á þessu þingi og að heiðnir menn höfðu sitt mál fram að lokum, enn þó með herkjubrögðum, með því að kristni flokkurinn var svo öflugur og filginn sjer[1].

Vjer vitum, að á þessu þingi var það í lög tekið að færa til alþingi um eina viku; hafði það áður birjað, þegar 9 vikur vóru af sumri, enn eftirleiðis skildi það birja viku síðar, eða fimtudaginn í 11. viku sumars. Það er alveg óvíst, hvort þessi flutningur þingsins hefur staðið í nokkru sambandi við flokkadrættina, sem vóru milli kristinna manna og heiðinna[2]. Mætti þó til geta, að seint hafi vorað það ár og fjöll orðið fær í seinna lagi, og að þetta hafi tept þingreið sumra af heiðna flokknum, svo að hann hafi við það orðið fámennari og varla getað rönd við reist, og hafi heiðnir menn því fært þingið til að girða firir slíkt eftirleiðis.

Áður enn lengra er farið í sögunni, munum vjer nú láta hjer staðar numið um hríð og íhuga afstöðu kristninnar við stjórnarfar landsins um þessar mundir, hver áhrif vöxtur hennar og viðgangur hlaut að hafa á stjórnarskipun þá, sem

---

1) Um kristniboð Þangbrands og viðureign kristinna manna og heiðinna á alþingi 999 sjá Íslendingabók 7. k., Kristni s. 5. og 7.—9. k. ÓT. Fms. I 134. bls. II 118.—120. og 197.—208. bls. Ólafss. Odds, Kria 1853, 23. og 33. bls., Kria 1895, 46. og 61. bls. Hkr. ÓT. 80., 88. og 91. k. Theodricus (Þórir) munkur 8. og 12. k. Historia Norvegiae útg. í Monum. hist. Norvegiæ, Kria 1880, 115. bls. Laxd. 41. k. Njála 100.—105. k. Landn. 5. p. 3. k. 283. bls.

2) Íslendingabók 7. k.

forfeður vorir áttu þá við að búa, enn það var stjórnarskipun sú, sem sett var um 965 og kend er við Þórð gelli. Vjer höfum áður tekið það fram, að þá var tala goðorða og þinga ákveðin svo, að goðorðin skildu vera 39, 3 í hverju þingi, enn þing 3 í fjórðungi hverjum nema 4 í Norðlendingafjórðungi. Sömuleiðis höfum vjer sínt fram á líkur til, að ímsar höfðingjaættir hljóti að hafa orðið útundan við þessa goðorðaskipun og þótst bera skarðan hlut firir þeim goðum, er samtök höfðu um hana. Samt sem áður virðist þessi stjórnarskipun hafa staðið óhögguð um nokkurn tíma, meðan þeir 39 goðar, sem að henni hurfu, hjeldu fast saman gegn öllum þeim höfðingjum, er stóðu firir utan sambandið. Það er sannfæring mín, að það sje þetta tímabil í sögu landsins, sem Grágás bendir til, þar sem hún talar um, að þing hafi verið „*óslitin*“, og telur þau goðorð „*forn og full*“, *er þá vóru höfð, er þing vóru óslitin*,[1] og á bersínilega við þau 39 goðorð, sem urðu einráð ifir landsstjórninni við nímæli Þórðar gellis.

Enn í orðum Grágásar felst það *óbeinlínis*, að síðar hafi komið tímabil í sögu landsins, þegar þing vóru *slitin* og goðorð minduðust, sem hvorki vóru full nje forn, eða, með öðrum orðum, að þingaskipun Þórðar gellis hafi slitnað sundur og *ný goðorð* verið tekin upp, sem fleiguðu sundur hin fornu þing víðsvegar um land, og hjeldu þing út af firir sig. Grágás talar og *beinlínis* um þessi níju goðorð í Þingskapaþætti, þar sem skírt er frá skipun fimtardómsins á þessa leið: „Mann skal nefna í dóm þann fyrir goðorð hvert et *forna*, 9 menn úr fjórðungi hverjum; goðar þeir, er hin *nýju* goðorð hafa, þeir skolu nefna eina tylftina í dóminn“.[2] Þessi staður er því máli til stirkingar — sem annars ekki þurfti sönn-

1) Grág. Konungsb. I 38. bls. (sbr. 211. bls.). Staðarhólsb. 401.—402. bls. V. Finsen heldur, að Grágás eigi hjer við tímabilið 930—965, firir nímæli Þórðar gellis, enn það getur ekki verið rjett, því að staðirnir í Grágás gera ráð firir fjórðungaskipuninni sem lögleiddri. Sbr. Tímar. XV 129.—133. bls.

2) Grág. Konungsb. I 77. bls.

unar við — að þegar lögin nefna *forn* goðorð, þá vakir firir mótsetning þeirra, *níju* goðorðin, og eru það þau hin sömu, sem fengu hlutdeild í skipun fimtardómsins, þegar hann var settur á stofn.

Frá stofnun fimtardómsins segja tvær sögur, Íslendingabók Ara og Njála. Frásögn Ara er að vanda mjög stutt; þar stendur ekki annað enn, að Skafti Þóroddsson hafi „sett fimtardómslög“.[1] Njála hefur aftur á móti alllangt mál um þennan viðburð, enn mart í þeirri frásögn er bersínilega rangt, og hefur Konr. Maurer sínt fram á flest af því, svo sem það, að fimtardómurinn hafi verið stofnaður og ní goðorð upp tekin, aðeins í því skini að útvega Höskuldi Þráinssini goðorð, til þess að Hildigunnr vildi giftast honum! Það liggur og í augum uppi, að það hlítur að vera rangt, sem sagan segir, að hin níju goðorð hafi verið stofnuð á alþingi við þetta tækifæri, um leið og fimtardómur var í lög leiddur, og að þessi goðorð hafi þar á þinginu verið veitt þeim mönnum, sem „best þóttu til fallnir í fjórðungi hverjum“ og hverjum manni leift að „segja sig í þing með þeim, sem það vilji“. Svo *gat* ekkert goðorð til orðið eftir því firirkomulagi, sem var á goðorðum hjá forfeðrum vorum. Goðorðið var mannaforráð, ríki eða vald ifir þeim einstökum mönnum, sem sögðu sig í þing með goðanum til að njóta verndar hans og hjálpar. Enn samband goðans við þingmann sinn var grundvallað á frjálsu samkomulagi milli þeirra beggja. Hverjum manni var frjálst að segja sig í þing með hverjum goða, sem hann vildi, ef goðinn vildi veita honum viðtöku, og eins var hverjum þingmanni frjálst að segja sig úr þingi þess goða, sem hann var í þingi hjá. Hin fornu lög vor og mörg dæmi úr sögunum sína, að svo var.[2] Það er því ljóst, að þingmenn bæði gátu valið og

1) Íslendingabók 8. k.

2) Grág. Konungsb. I 137. bls.: „Maðr skal segjask í þing með goða þeim, er hann vill“. 140. bls.: „Ef maðr vill segjask ór þingi ok er rétt

hlutu að velja sjer goða eftir vinsældum hans, trausti því, sem þeir höfðu á honum eða ótta þeim, sem af honum stóð. Menn völdu sjer helst þann goða, sem þeir unnu mest og höfðu best traust á að gæti veitt sjer og vildi veita bæði vernd og hjálp, eða þann, sem þeir vóru hræddastir við að gæti gert sjer mest mein, ef þeir gengi ekki á hönd honum. Það er því auðsætt, að slikt mannaforráð verður með engu móti skapað með lagaboði á alþingi, heldur mindast smátt og smátt heima í hjeröðum.[1] Hin „niju goðorð", sem fengu hlutdeild í fimtardómsskipuninni, *hljóta því að hafa verið til, áður enn fimtardómurinn var settur á stofn*, og er hjer bersinileg villa í Njálu. Þegar betur er að gáð, sjest og, að Njála er hjer í mótsögn við sjálfa sig, að því er tímatalið snertir. Hún lætur fimtardómssetninguna gerast nokkrum tíma *áður* enn kristni var lögtekin. First biður Njáll Hildigunnar til handa Höskuldi, enn hún setur það skilirði, að hann eignist mannaforráð. Sumarið eftir segir sagan, að Njáll hafi valdið því, að allar saksóknir eiddust á alþingi. Á öðru þingi er svo fimtardómurinn tekinn í lög, og þá fær

at hann segisk ór á várþingi, ef hann ferr við þann goða í þing, er samþingisgoði er við hinn. . . . Rétt er at hann segisk ór þriðjungi goða á alþingi at háðum dómum at lögbergi" osfrv. Þó mátti maður ekki hafa þingfesti í öðrum fjórðungi heldur enn hann bjó, nema goða væri lofað (í lögrjettu og lofinu list) að lögbergi að taka þingmann utanfjórðungs (Konungsb. I 141. bls.). Þessi hin síðast nefnda takmörkun á frelsi þingmanna virðist þó vera frá síðari tímum. Að minsta kosti þekkjum vjer dæmi til þess frá eldri tímum, að goðar áttu þingmenn utanfjórðungs, svo sem t. a. m. Þorkell Geitisson í Eijafirði (Dropl. 27. bls.); svo átti og Jón Loftsson löngu síðar þingmann vestur á Rauðasandi (Bisk. I 645), enn líklegt er, að hann hafi haft leifi til.

1) Því að eins gætu menn hugsað sjer ni goðorð stofnuð á alþingi og veitt sjerstökum mönnum, að goðar þeir, sem á því þingi vóru, hefðu tekið sig saman um að láta af hendi við þessa nibökuðu goða nokkra af þingmönnum sínum. Enn þetta gátu goðarnir þó ekki nema með samþikki þingmanna sinna, og auk þess sjá allir, hve ósennilegt það er, að þeir goðar, sem rjeðu lögum og lofum, hafi viljað sjálfir skapa sjer keppinauta og láta af hendi við þá nokkuð af mannaforráði sínu alveg upp úr þuru, að eins til þess að þessir keppinautar nefndu eina tilft í fimtardóminn, sem goðarnir gátu eins vel nefnt sjálfir.

Höskuldr eitt af hinum níju goðorðum. Rjett á eftir fær Höskuldr Hildigunnar og eru þau að Bergþórshvoli til næsta vors. Þá flitja þau að Vörsabæ, og er sagt, að Höskuldr hafi búið þar lengi. Því næst er sagt frá vígi þeirra Höskulds Njálssonar og bræðra Lýtings. Þá kemur first kristniþátturinn í Njálu, sem endar á því, að kristni er lögtekin (1000). Loks er sagt frá því, er Ámundi hinn blindi hefndi Höskulds föður sins á Þingskálaþingi og vo Lýting, og segir sagan, að það hafi orðið 3 vetrum eftir kristnitökuna. Á viðburðaröðinni er ljóst, að söguritarinn hefur hugsað sjer, að kristnitakan hafi verið lögleidd eftir fall bræðra Lýtings, og að bónorðið til Hildigunnar, fimtardómssetningin, upptaka hinna níju goðorða og kvonfang Höskulds Hvítanessgoða hafi gerst allmörgum árum firir kristni.[1] Enn hins vegar segir sagan berum og ótvíræðum orðum, að það hafi verið Skafti Þóroddsson, sem „leiddi í lög fimtardóm“, eða með öðrum orðum, að hann hafi verið lögsögumaður, þegar fimtardómur var settur, og hlítur það að vera rjett, því að það kemur heim við frásögn Ara.[2] Nú varð Skafti ekki lögsögumaður fir enn árið 1004, eða 4 árum eftir það að kristni var lögtekin, og er því Njála hjer í mótsögn við sjálfa sig, auðvitað af því að höfundi hennar hefur ekki verið ljóst, hvenær Skafti tók lögsögu. Sannleikurinn er eflaust sá, að Höskuldr hefur tekið upp Hvítanessgoðorð *nokkru firir 1000*, eins og sagan segir, enn síðan hefur þetta „nija goðorð“ fengið ásamt öðrum hlutdeild í fimtardómsnefnunni, þegar sá dómur var í lög leiddur; í munn-

1) Sumir halda, að kristniþátturinn sje ekki upphaflegur í Njálu, enn til þess eru engin rök. Hann er í góðu samræmi við þá viðleitni Njáluhöfundarins að láta Njál eiga sem mestan þátt í öllum hinum mikilvægustu laganímælum, sem lögtekin vóru um hans daga. Oscar Brenner (Über die Kristni saga 61.—62. bls.) hefur sint, að ímislegt mælir á móti því að flitja hann fram firir frásögnina um fimtardómssetninguna til að bæta úr þeirri mótsögn um tímatalið, sem Njála gerir sig seka í. Hann hlítur að hafa staðið frá upphafi, þar sem hann nú stendur í sögunni.

2) Njála 97.—106. k.

mælunum, sem Njála hefur filgt, hafa menn síðan gert þessa tvo viðburði samtíða, af því að þeir stóðu í svo nánu sambandi hvor við annan.

Njála ber því sjálf vitni um það, þegar hún er rjett skilin, að hið nýja goðorð Höskulds var til, áður enn fimtardómur var settur og jafnvel áður enn kristni var lögtekin. Auk þess nefnir sagan 2 af hinum nýju goðorðum, Melmannagoðorð í Miðfirði og Laufæsingagoðorð í Eijafirði. Þessi goðorð hljóta þá líka að hafa verið til firir fimtardómssetninguna. Um Melmannagoðorð vitum vjer af Bandam. s., að Oddr Ófeigsson átti það um miðja 11. öld, og virðist það hafa átt þingstað í Miðfirði. Bandamanna s. segir, að þá (ɔ: um 1050) hafi það verið „mikill siðr at *taka upp* ný goðorð *eða kaupa*“ og *svo* hafi Oddr gert. Sagan lætur það því liggja milli hluta, hvort Oddr tók goðorðið upp af nýju eða keipti það, enn líklegra er hið síðara, því að bæði var Oddr auðugur maður og svo er engin önnur saga því til stuðnings, að það hafi verið siður um miðja 11. öld að taka upp ný goðorð. Þetta er þvert á móti mjög ólíklegt, því að þá var stjórnarskipun landsins komin á fastan fót. Enn hjer í felst endurminningin um það, að Melmannagoðorð var eitt af hinum nýju goðorðum, og í annan stað um það, að einhvern tíma í firndinni hafi það verið „mikill siður“ að taka upp ný goðorð. Þessi staður í Bandam. s. hefur því mikla þýðingu, þó að sagan færi ekki þennan „sið“ til rjetts tímatals.[1] Vjer höfum það því firir satt, að Melmannagoðorð sje eldra enn Oddr Ófeigsson og jafnvel — samkvæmt því sem áður er sagt — eldra enn fimtardómssetningin.[2] Um hitt goðorðið, Laufæsingagoðorð, er það að segja, að nokkru firir árið 1000[3]

---

1) Bandam. s., Kb. 1850, 7. bls. Útg. Cederschiölds 3. bls.

2) Nokkuð öðruvísi hef jeg litið á þetta mál í ritgjörð minni um Æverlingagoðorð í Timar. II 18.—19. bls., enn þá var þetta ekki orðið mjer eins ljóst og nú.

3) Sbr. Ljósv. í Ísl. forns. I 113. bls. (ifirskriftina).

er getið um þing í Fjósatungu í Fnjóskadal í grend við Laufás, og er líklegt, að þar hafi verið þingstaður Laufæsinga. Ljósvetninga saga, sem segir frá þessu, skírir frá, að þeir Höskuldr og Tjörvi hafi átt þing í Fjósatungu, af því að þeir komu eigi fram (málum sínum) á vorþingi; vorþing er hjer auðvitað Þingeijarþing, og sjest á þessu, að Fjósatunguping stóð firir utan þingaskipun þá, sem kend er við Þórð gelli, og að hjer er um nítt goðorð að ræða.[1]

Vjer höfum þá sínt líkur til, að íms ní goðorð, sem stóðu firir utan þingaskipunina frá 965, muni hafa verið tekin upp nokkru áður enn fimtardómurinn var í lög leiddur, eða seint á 10. öldinni, og fleiri dæmi má til tína, er sanna það, að einmitt um þetta leiti hafi það verið „mikill siður“ að taka upp ní goðorð, eins og Bandamanna s. kemst að orði.

Eyrb. segir frá því, að Þorsteinn Þorgilsson úr Hafsfjarðarei hafi tekið Rauðmelinga goðorð úr Þórsnesþingi, því að hann þóttist þar „afivani hafa orðið firir Snorrungum“, og þeir frændur „tekið upp þing í Straumfirði og haldið það lengi síðan“. Eftir tímatali sögunnar á þetta að hafa gerst um 1009[2]. Það er auðsjeð, að hjer er um nítt goðorð að ræða, sem stóð firir utan hina reglulegu þingaskipun, og er líklegt, að það hafi ásamt öðrum níjum goðorðum fengið hlutdeild í skipun fimtardómsins og sje því eldra enn hann. Vjer vitum nú ekki neitt um, á hverju ári fimtardómurinn var í lög leiddur, nema það sem Ari segir, að það hafi orðið, meðan Skafti var lögsögumaður, því að af Njálu verður ekki neitt ráðið. Skafti var lögsögumaður 1004—1030, og er hjer því um mörg ár að ræða. Nú er annaðhvort, að fimtardómurinn hefur ekki verið lögleiddur fir enn eftir 1009, þegar Straumfjarðarþing var sett, eða hitt, sem mjer þikir

1) Ljósv. s. 4. k. Ísl. forns. I 123. bls. 1. nmgr. og 126. bls. Konr Maurer heldur og, að Fjósatunguping hafi verið þing Laufæsinga (Island 101. bls.).

2) Eyrb. 56. k., Leipz. 1864, 105. bls.

líklegra, að Rauðmelingar hafa tekið þetta nýja goðorð upp talsvert fir, en Eyrb. segir, og munnmælin síðan sett upptöku goðorðsins í samband við ófarir þær, er Þorsteinn fór firir Snorra goða á Þórsnesþingi 1009. Flestir hafa hingað til haldið því fram, að fimtardómur hafi verið í lög leiddur á firstu árum Skafta, 1004 eða 1005, og miklu síðar hefur það varla verið, því að líkur eru til, að ekki hafi liðið mjög langt milli kristnitökunnar og fimtardómslaganna, þó að vjer nú getum ekki fært á það fullar sönnur.

Í Gísla sögu Súrssonar og Landnámu er getið um þing í Dírafirði, sem virðist hafa verið haldið ímist á Valseiri eða Þingeiri[1], enda eru á báðum stöðum glöggar búðarústir. Verið getur, að viðburðir þeir, sem sögur þessar segja að gerst hafi á þessu Dírafjarðarþingi, sjeu eldri enn nímæli Þórðar gellis 965, og kæmi þá vitnisburður þeirra ekki þessu máli við. Enn athugavert er það, að vjer höfum áreiðanlegar sagnir af Dírafjarðarþingi miklu síðar, um 1200, í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar[2], og er því svo að sjá, sem þing hafi verið þar að staðaldri, og gæti verið að hjer væri um eitt af hinum nýju goðorðum að ræða, er haldið hefði þing sjer, því að mjög er staðurinn óhentugur aðsóknar til þess, að hann gæti verið alsherjar þingstaður firir Þorskafjarðarþing, enn eðlilegt, að vestari firðirnir vildu hafa þing sjer, því að mjög var þeim óhægt að sækja til Þorskafjarðar. Má ætla að þingið hafi lagst niður um stund eftir 965, enn síðan verið tekið upp aftur; hvenær það hafi verið, vitum vjer ekki, enn líklegt er, að það hafi verið um sama leiti og önnur ný goðorð minduðust. Líka er getið um þing „undir Valfelli“ nálægt Grenjum í Álftaneshreppi í Þverárþingi um 983 í Gunnlaugs sögu ormstungu[3]; örnefnið Valfell þekkist nú ekki,

---

1) Gísla s. Kh. 1849, 9—10. (= 92.) bls. Landn. 2. p. 29. k. 150. bls. 6. umgr.

2) Bisk. I 641., 666. og 675. bls.

3) Gunnl. s. ormst. 2. k., Ísl. s. II 193. bls.

enn hafi það legið nálægt Grenjum, lá það illa við firir allan þorra hjeraðsbúa, og er því líklegt, að hjer sje um utanveltuþing að ræða[1]. Í Skagafirði er nefnt Vallalaugarþing auk Hegranessþings, sem var reglulegi þingstaðurinn, enn ekki er þess getið fir enn um miðja 11. öld[2]. Í Austfirðingafjórðungi eru og nefnd 5 þing í stað 3 á síðari hluta 10. aldar (Skaftafelsþing, Sunnudalsþing, Múlaþing, Lambanessþing og Krakalækjarþing), og getur verið, að eitthvert þeirra hafi staðið firir utan þingaskipunina frá 965, enn um það verður nú ekkert sagt með vissu[3].

Það er því mart sem sínir og sannar, að goðorð þau hin níju, sem hlutdeild fengu í fimtardómsnefnunni, hljóta að hafa verið eldri enn fimtardómurinn, og flest tekin upp seint á 10. öldinni. Um það leiti virðist hafa komið mikið los á þingaskipun þá, sem kend er við Þórð gelli, svo að við sjálft lá, að hún gliðnaði öll í sundur. Hin fornu þing voru þá ekki framar „óslitin“ (Grágás), heldur slitin eða fleigð sundur af þingum hinna níju goða, sem spruttu upp hjer og þar um landið eins og gorkúlur.

Af hverju stafar nú alt þetta? Tvær orsakir liggja firir opnar og öndverðar.

Önnur orsökin er eflaust óánægja sú með stjórnarskipunina frá 965, sem lifði í kolunum hjá þeim höfðingjaættum, er þá urðu út undan og mistu allan þátt í landstjórninni.

---

1) Sbr. Konr. Maurer, Island 101. bls. og Kålund, Hist. topogr. beskr. af Island I 369.—370. og 382. bls.

2) Ljósv. s. 26.—27. k. Ísl. forns. I 228. bls. og 229. bls. 1. nmgr. Ímislegt er þó athugavert við þennan stað í Ljósv. s. og varlega gerandi að taka mark á honum. Sbr. Kålund, Hist. topogr. beskr. af Island II 67.—68. bls.

3) Sbr. um allan þennan kafla hjer á undan Konr. Maurer, Island 101.—102. bls. Um Hrafnkel Freysgoða vitum vjer og, að hann stofnaði nítt goðorð (Hrafnkels s., Kh. 1839, 4. og 34. bls.) og sama virðist Arnkell goði hafa gert (Eyrb. 12. k., Leipz. 1864, 13.—14. bls.), enn hvorttveggja þetta virðist hafa orðið firir 965 (sbr. Konr. Maurer, Island 47. og 52. bls. V. Finsen, Den isl. fristats institutioner 62. bls.).

Einn af hinum nýju goðum var Höskuldr Hvítanessgoði; hann var þriðji maður í beinan karllegg frá Sighvati rauða[1]; enn nú hefur Konr. Maurer sínt líkur til þess, sem áður er sagt, að ættmenn Sighvats rauða hafi orðið út undan við goðorðaskipunina 965. Virðist þetta eina dæmi vera nóg til að sína, að það er ekki eintómur hugarburður, að stofnun hinna nýju goðorða hafi meðfram stafað frá þeim höfðingjaættum, sem urðu að lúta í lægra haldi 965. Annað dæmi munum vjer sína fram á síðar.

Hin orsökin er viðgangur kristninnar á ofanverðri 10. öldinni. Vjer höfum áður tekið það fram, að grundvöllurinn undir stjórnarskipun forfeðra vorra á þessari öld var algjörlega heiðinn. Máttarstólpar hennar vóru goðorðin. Goðarnir, hinir heiðnu prestar, rjeðu lögum og lofum. Við þessa stjórnarskipun gat kristnin með engu móti samþýðst. Þeir, sem kristni tóku, gátu ekki með góðri samvisku greitt goða sínum hoftoll, ekki tekið þátt í blótum með honum og öðrum þingmönnum hans, ekki fylgt honum til þinga, því að þing var helgað með blóti, ekki setið í dómi nje borið kviðu nje vætti á þingi, ekki sótt sakir eða varið, því að allir þeir, sem gerðu eitthvað af þessu, urðu að sverja hinn heiðna eið að baugi þeim, sem goðinn bar á hendi sjer[2]. Allar þessar skildur við goðann hlaut kristinn maður að vanrækja, og gat það ekki dulist goðanum til lengdar, síst af öllu tregðan að gjalda hoftoll, enda urðu þeir þegar varir við þessar afleið-

---

1) Njála 34. k.

2) Konungsbók I 66. bls.: „Allir þeir menn, er lögskil nokkur skulu mæla at dómum á alþingi, hvárt er þeir skulu sækja sakar eða verja eða bera vætti eða kviðu, ok skulu þeir vinna eiða, áðr þeir mæli þeim málum svá at dómendr heyri„. Sbr. Konr. Maurer, Bekehrung des norweg. stammes II 284.—285. Vilh. Finsen í orðasafni sínu við Grág. Kh. 1883 undir orðinu *eiðr*. Um baugeiðinn er getið hjer að framan. Sbr. einnig Hávamál (Bugge) 110:

„Baugeið Óðinn
hykk at unnit hafi".

ingar kristniboðsins, er þeir Þorvaldr og Friðrekr biskup komu hingað til lands, sem áður er sagt[1]. Var engin furða, þó að þeir reiddust því. Að vísu vóru heiðnir menn umburðarlindir við kristnina, meðan hún fór svo að segja huldu höfði, og lofuðu kristnum mönnum að dirka guð sínu á laun. Enn þegar það kom í ljós, að kristnir menn hliðruðu sjer hjá eða neituðu beinlínis að gegna þegnskildum sínum og lögboðnum kvöðum, þá var heiðnum mönnum full vorkunn, þó að þeir vildu ekki þola þeim slíkt. Og síst má lá goðunum þetta, því að þeir áttu að gæta lands laga og rjettar. Ríkast hafa goðarnir auðvitað gengið eftir því, að þingmenn þeirra sjálfra gegndu þeim skildukvöðum, er á þeim hvíldu gagnvart goðanum sjálfum. Út af þessu hafa risið úfar milli goðans og þeirra þingmanna hans, er kristni höfðu tekið. Var þá *annaðhvort* að gera firir þingmanninn, að ganga til hlíðni við goðann og sætta sig við heiðnina, að minsta kosti í orði kveðnu, *eða* að segja sig úr þingi við goðann, enn þá varð hann að segja sig í þing með öðrum goða, því að bæði var það skilda hans að lögum, og þar að auki var honum varla annað óhætt, því að hann mátti búast við, að goðinn mundi hefna sín á honum firir fráhvarfið, og þurfti hann þá að leita trausts hjá öðrum höfðingja. Meðan að eins fáeinir menn vóru kristnir og ekki var til neins kristins höfðingja að hverfa, hefur þeim verið nauðugur einn kostur að velja hið firra. Enn þegar kristnir menn fjölguðu, þá gátu þeir valið síðari kostinn, og samið við hvern þann höfðingja um viðtöku, er þeir treistu til að veita sjer ásjá og vildi taka við þeim með þeim skilirðum að heimta ekki annað af þeim enn það, sem samrímst gat trú þeirra. Í hverju þjóðfjelagi sem er skortir fjölmennan flokk manna, sem eru óánægðir með stjórnarfarið, aldrei

1) Kristni s. 2. k. ÓT. Fms. I 268. bls. Flat. I 270. bls. Sbr. einnig söguna um Þorleif kristna, er ekki vildi gjalda hoftoll, í Vápnf. s. 10. bls. (Kristni s. 11. k. 23.—24. bls. ÓT. Fms. II 239. bls. Flat. I 444.—445. bls.).

forgöngumenn. Vjer höfum nú sjeð hjer að framan, að ímsir höfðingjar í Norðlendingafjórðungi tóku kristni af Friðreki biskupi eða ljetu primsignast. Má ætla, að kristnir menn er bjuggu í grend við þá, hafi leitað skjóls hjá þeim. Enn þessir höfðingjar vóru tiltölulega fáir; gátu því þeir menn, sem í fjarska bjuggu, ekki fengið örugga vernd hjá þeim, heldur urðu að leita hennar nær sjer. Hjer virðist sú ónægja með þingaskipunina frá 965, sem átti sjer stað hjá sumum gömlum höfðingjaættum, hafa komið kristnum mönnum í góðar þarfir. Hagsmunir þessara höfðingjaætta og hinna kristnu þingleisingja vóru hinir sömu. Þingleisingjar vildu fá vernd gegn hinum gömlu goðum, enn hinir valdalausu höfðingjar vildu fá mannaforráð til að geta hnekt einveldi gömlu goðanna. Það var því eðlilegt, að saman gengi með þeim.

Þetta virðist hafa verið helsta ástæðan til þess, að nú koma upp þing víðsvegar um landið, sem standa firir utan þingaskipun Þórðar gellis. Hinir níju höfðingjar, sem ráða firir þessum níju þingum, standa að nokkru leiti firir utan lands lög og rjett. Þeir eiga ekki neinn löglegan þátt í landstjórninni á alþingi eða í hjeraðsstjórn á hinum reglulegu hjeraðsþingum, því að þar leifðu gömlu goðarnir engum að komast að. Enn aftur á móti vóru þeir einráðir á þeim þingum, sem þeir stofnuðu innan um hin fornu þing firir sig og sína þingmenn. Þeir taka sjer aftur þann rjett, sem allir goðar virðast hafa haft firir 965, ef þeir vildu, að halda þing út af firir sig. Þessir níju höfðingjar kristinna manna hafa að sjálfsögðu allir eða flestir tekið skírn af Þangbrandi, og eflaust á Ari við þá, þar sem hann segir, að „*margir höfðingjar aðrir*“ — auk Halls, Gizurar og Hjalta — hafi látið skírast af Þangbrandi. Ef Þangbrandr hefði skírt marga af hinum gömlu goðum, auk þeirra, sem Ari getur um, þá mundu sögur vorar án als efa hafa tilgreint einhvern eða einhverja þeirra með nafni.

Það virðist og sjálfsagt, að þeir fáu af hinum gömlu goðum, sem skírn tóku, hafi mist hlutdeild sína í landstjórn og hjeraðsstjórn á alþingi og hinum reglulegu hjeraðsþingum og tekið upp þing út af firir sig. Það liggur í augum uppi, að um leið og þeir hættu að halda uppi hofi og blótum, hafa þeir mist alla þá af þingmönnum sínum, sem ekki vildu við kristni taka. Enn hins vegar er það ljóst, að þeir gátu ekki með eintómum kristnum þingmönnum átt samneiti á alþingi eða vorþingi við hina heiðnu goða og heiðna þingmenn þeirra. Hvernig gátu þeir með góðri samvisku tekið þátt í þinghelgun að heiðnum sið? Hvernig gátu þeir fengið af sjer að bera á hendi sjer bauginn og láta menn vinna heiðna eiða að honum, eða að vinna sjálfir eið að þeim baugi, t. a. m. ef þeir áttu að bera tilftarkviðu eða sækja sök eða verja? Þeir gátu með öðrum orðum engin lögmæt skil af hendi leist á heiðnu þingi. Vjer vitum af hinum fornu lögum, að goðum var oft stefnt af goðorði sínu firir tiltölulega litlar sakir.[1] Þá má geta nærri, að hjer vóru nægar sakir til þess, að goði, sem skírn hafði tekið, firirgerði goðorði sínu, enn ef það kom firir, þá áttu samþingisgoðar að ráða, hver af þingmönnum hans skildi verða goði í hans stað.[2] Á þessu sjest, að hinir heiðnu goðar höfðu bæði fulla lögheimild til að svifta kristinn höfðingja goðorði og gátu ráðið, hver við því tók, og má ganga að því vísu, að þeir hafa beitt þessu valdi sínu, þegar svo bar undir. Það má því telja víst, að þeir goðar, sem *skírn* höfðu tekið, urðu að hafa þing út af firir sig með þeim þingmönnum, sem til þeirra hnigu, og að þeir því hafa staðið jafnfætis hinum níju höfðingjum og filt flokk þeirra gagnvart gömlu goðunum heiðnu.

Nokkuð öðru máli er að gegna um þá af hinum gömlu goðum, sem að eins vóru *primsigndir*. Vjer höfum hjer að

1) Sbr. V. Finsen í orðasafni hans við Grág. Kh. 1883 undir orðinu *goði* (618. bls.).

2) Grág. Konungsb. I 43. bls.

framan bent á dæmi þess, að heiðnir menn tóku primsigning að eins til málaminda til að geta haft samneiti við kristna menn, „enn höfðu það af átrúnaði, sem þeim var skapfeldast“,[1] og virðist þeim ekki hafa verið gefið þetta að sök af heiðnum mönnum. Líklegast er, að þeir goðar, sem ljetu primsignast, hafi, að minsta kosti sumir hverjir, haldið heiðnum átrúnaði og blótum og þar með goðatign sinni óskertri sem áður, enn tekið primsigning til þess að friða þá þingmenn, sem skírn höfðu tekið, að þeir mistu þá ekki.

Jeg hef sumstaðar hjer að framan samkvæmt staðnum í Grágás (Konungsb. I 77. bls.) nefnt ríki hinna níju höfðingja „ný goðorð“ og höfðingjana „nýja goða“. Enn af því að líklegt er, að flestir af þingmönnum þessara níju höfðingja hafi verið kristnir og höfðingjarnir sjálfir annaðhvort skírðir eða að minsta kosti primsigndir, þá er líklegt að þeir hafi ekki valið tign sinni eða valdi svo heiðið nafn, heldur nefnt sig *höfðingja* og valdið *veldi* eða *ríki* eða *mannaforráð* eða því um líkt. Vjer munum síðar sína fram á, hvernig á því stendur, að Grágás nefnir hina níju höfðingja goða og vald þeirra goðorð.[2]

Hinir heiðnu goðar sáu það fljótt, að kristnin gat orðið valdi þeirra hættuleg, og því höfðu þeir gert þá Þorvald víð-

---

1) Egils s. (FJ.) 50 k. 156 bls. Gísla s. Súrssonar, Kh. 1849, 96. bls.

2) Merkilegt er, að höfðingjar þeir, er Kristni s. segir að *skírðir* hafi verið af Friðreki biskupi eða Þangbrandi og telur (í 1. k.) með mestu höfðingjum landsins um það leiti, sem Friðrekr biskup kom út hingað, eru hvergi, svo jeg muni, beinlínis nefndir goðar, og geta þó aðrar sögur líka um, að flestir þeirra hafi átt mannaforráð. Þessir höfðingjar eru Þorvarðr Spakböðvarsson, Gizurr hviti, Hjalti Skeggjason og Hallr af Síðu. Njála talar víða um mannaforráð Halls (t. d. k. 134[10] og 134[128]). Um mannaforráð þeirra Gizurar og Hjalta mun síðar verða talað. Enn aftur á móti eru þeir tveir höfðingjar, sem Kristni s. segir að hafi látið primsignast og líka eru taldir meðal höfðingja í 1. k., beinlínis nefndir goðar í öðrum sögum, Þorkell krafla í Vatnsd. 45. k., enn Eyjólfr Valgerðarson í Víga-Skútu s. (Ísl. forns. II 105. bls.). Flosi, sem Njála segir að hafi verið primsignaður, er og talinn goði í Njálu (k. 141[78]), að vísu nokkrum árum eftir að kristni var lögtekin.

förla og Friðrek biskup landræka á alþingi 985, er þeir höfðu dvalið 4 ár hjer á landi. Enn upp frá því virðast goðarnir hafa haft minni andvara á sjer um hríð, og virðist þá kristnin hafa vaxið í kirþei af frækornum þeim, sem þeir Þorvaldr og Friðrekr höfðu sáð, og goðarnir sínt henni það umburðarlindi, sem heiðninni var eiginlegt, meðan kristnir menn höfðu hægt um sig og fullnægðu skildum sínum við goðana. Enn þegar kristnum mönnum fjölgaði og „niir menn“ (homines novi) tóku þá undir sína verndarvængi úr þingum hinna gömlu goða og stofnuðu með þeim ní þing, ní sjálfstæð ríki, hjer og þar um landið, og þegar það svo kom í ljós, að hinn nii konungur í Noregi filgdi fast fram kristninni í móðurlandinu og sindi það með sendiferð Stefnis, að honum var það áhugamál að koma kristni á Ísland og ef til vill um leið að ná landinu á sitt vald undan hinum gömlu goðum, — þá var goðunum nóg boðið, þá skildu þeir, hvílík ógurleg hætta hjer var búin veldi þeirra, og sáu, að ekki dugði svo búið. Þá tóku þeir til þess óindisúrræðis, sem er dæmalaust í sögu Íslands, að slíta sundur hin fornhelgu ættarbönd, er sameinuðu hina fjarskildari ættingja við kristna frændur þeirra, lístu ifir því í lögum, samþiktum á alþingi 997, að kristnin væri frændaskömm og veittu hinum firnari frændum kristinna manna forrjettindi til sóknar gegn þeim um goðgá og meingerðir við goðin. Enn lög þessi urðu ekki að tilætluðum notum. Sama haustið kemur Þangbrandr út, ferðast um landið í 2 ár, sameinar kristna menn hvervetna í fastan flokk, kristnar höfðingja, þar á meðal að minsta kosti tvo gamla goða, Hall af Síðu og Gizur hvíta, sem síðan gerast forsprakkar kristna flokksins ásamt Hjalta Skeggjasini. Um þessar mundir má ætla, að mindun hinna níju þinga hafi staðið sem hæst. Menn flikkjast frá hinum gömlu goðum undir merki hinna níju höfðingja. Þingaskipun Þórðar gellis gliðnar sundur, þingin gömlu slitna. Mikill fjöldi landsmanna stendur alveg firir utan lands lög og rjett og

virðir að vettugi stjórnarskipun landsins, sem staðið hafði síðan 965. Það kemur í ljós, að kristni flokkurinn er í raun og veru sannur biltingaflokkur. Rimman harðnar, hver höndin er upp á móti annari, hin helgustu bönd slitna, fullkomin óstjórn kemst á.[1] Á alþingi 999 gerir kristni flokkurinn beinlínis uppreisn og reinir að hleipa upp dómum með ofriki, og áttu heiðnu goðarnir þar mjög í vök að verjast, þó að þeir hefði sigur að lokum. Svo háði kristnin og heiðnin, róðukrossinn og blótbaugurinn, Kristur og Þór hið ramma einvíg í lok 10. aldarinnar á Íslandi.

Um þessar mundir higg jeg að til hafi orðið hið djúpspakasta kvæði, sem til er í bókmentum vorum, Völuspá. Eins og vjer höfum áður tekið fram, stendur þetta kvæði miðja vega milli heiðni og kristni og hlítur að vera frá þessum tímamótum. Þó stendur það að því leiti nær kristninni, að það virðist vera ort af kristnum manni, sem vildi sína, að sigur kristninnar ifir heiðninni væri óhjákvæmilegur og nauðsinlegur, að heiðin trú — þó að hún sje virðingarverð í sjálfri sjer — beri í sjer sinn eigin dauðadóm, sín eigin ragnarök, og að eftir hana muni koma hið eilífa ríki hins „ríka, sem kemur að regindómi öflugur ofan, sá er öllu ræður“.[2] Kvæðið alt er lagt í munn heiðinni völu. Þess vegna kemur spádómurinn um ragnarök og endurfæðingu heimsins og komu Krists fram með því meira sannfæringarafli, enn að þessum spádómi miðar alt kvæðið, eins og líka sjest á heiti

1) Það er ekki ólíklegt, að það hafi verið endurminningin um þessa óöld, sem vakti firir Njáluhöfundinum, þar sem hann segir, að Njáll hafi komið því til leiðar af kænsku sinni, að sóknir eiddust firir mönnum á alþingi og engin mál máttu lúkast, og hafi menn riðið heim af þingi ósáttir; á næsta þingi hafi Njáll skorað á menn að lísa sökum sínum, enn margir mælt, að til lítils kæmi og þeir vildu heldur heimta mál sitt með oddi og egg; hafi þá Njáll fengið menn til að stofna fimtardóminn. Í þessu felst, að óstjórn mikil hafi gengið á undan stofnun fimtardómsins, er Njála lætur verða firir 1000. Merkilegt er, að í Njálu gengur ekki eitt einasta mál fram að lögum.

2) Tímar. XVI 79. bls.

þess, Völu*spá*. Völvan rís upp úr leiði sínu og biður sjer hljóðs. Í firri hluta kvæðisins, sínir hún oss first í stórkostlegum mindum aðalatriðin úr hinni heiðnu sköpunarsögu, lísir síðan í stuttu máli hinum helstu viðburðum í goðasögunni bæði í fortíð og nútíð. Þá snír völvan sjer að höfuðefni kvæðisins, spádómnum um ókomna tímann, og lísir first forboðunum firir ragnarökum — þar með er talinn meðal annars nádrekinn Niðföl eða Niðhöggr, sem er sama — þá segir frá hinum mikla heimsbardaga milli goðanna og andstæðinga þeirra, falli goðanna og heimsslitum. Þar næst spáir hún um endurfæðing heimsins og goðanna og hinna góðu manna (*„dyggvar dróttir“*), sem munu biggja á Gimléi og loks um komu Krists og hinn síðasta dóm. Þá sjer völvan einn af *forboðunum firir ragnarökum*, nádrekann Niðhögg koma fljúgandi með nái í fjöðrum, og — af því að hún er sjálf nár og hrædd við Niðhögg — þá forðar hún sjer og segir um leið og hún hverfur aftur ofan í leiði sitt: „Nú mon hon sekkvask“. Hjer gefur þá völvan hinum spilta heimi í dularfullum orðum bending um það, *að ragnarök sjeu í nánd.* Einn af forboðunum firir þeim hefur þegar sínt sig.

Framar í kvæðinu, þar sem völvan fer first að skira frá forboðunum firir ragnarökum, er þetta erindi:

Brœðr munu berjask,
ok at bönum verðask
munu systrungar
sifjum spilla.
Hart er í heimi,
hórdómr mikill,
skeggjöld, skálmöld,
skildir eru klofnir,
vindöld, vargöld,
áðr veröld steypisk;
mun engi maðr
öðrum þyrma.[1]

1) Vsp. Bugge 45. er.

Hjer er þá einn af forboðum heimsslitanna. Þessi óöld á að koma rjett á undan þeim. Að vísu er þetta spádómur um ókominn tíma („munu"), enn ekki lísing á nútímanum; völvan segir ekki, að heimurinn sje enn ekki kominn *svona* langt í spillingu og óstjórn. Enn hins vegar gefur völvan það sjálf í skin í kvæðislok, að ragnarök sje í *nánd*. Af þessari ástæðu og af því að það er ekki líklegt í sjálfu sjer, að höfundur kvæðisins hafi ort þetta erindi alveg út í bláinn, heldur haft samtíð sína firir augum og viljað fela í þessum orðum alvarlega ádeilu og viðvörun til hennar, þá virðist hugsunin vera þessi: (Að vísu erum vjer ekki enn *svo* langt leiddir, enn) bráðum mun að því reka, að bræður munu berjast o. s. frv,, og þá eru ragnarök í vændum. Nú er það merkilegt, að á þessari ifirvofandi óöld, sem hjer er spáð um, eiga hin fornhelgu ættarbönd milli náfrænda, bræðra og sistrunga, „*bauggildismanna*," að slitna sundur. Enn áður höfum vjer sjeð, að heiðnir menn höfðu árið 997 reint að slíta þessi bönd sundur milli þrimenninga og þaðan af fjarskildari ættingja (*„eftir bauga"*). Spádómurinn gengur því að eins feti framar enn lögin frá 997, og því þikir mjer mjög líklegt, að höf. Völuspár hafi hjer haft þessi lög í huga, og virðist hafa vakað firir honum þessi hugsun: „Vjer erum vel á veg komnir að slíta ættarböndin; ef vjer göngum feti framar — og þess mun ekki lengi að bíða (síðasta er·) — þá eru heimsslit firir höndum". Til sama tíma bendir einnig lísingin á óstjórninni í þessu erindi. Hún er einmitt, eins og firstu 4 vísuorðin, nokkuð orðum aukin lísing á því ástandi, sem hjer var um þessar mundir.

Og síðar í kaflanum um forboðana firir ragnarökum stendur þetta erindi:

Hvat er með Ásum?
Hvat er með álfum?
Gnýr allr jötunheimr.
Æsir eru á þingi.

Stynja dvergar
fyrir steindurum
veggbergs vísir.
Vituð enn eða hvat?

Er hjer ekki sem máluð sje með lifandi litum óþreija sú, óhugur og kvíði, sem drotnaði í hugum manna hjer á landi á þeim tíma, sem hjer er um að ræða? Það vill svo vel til, að vjer höfum enn þjóðsögu frá þessum tíma, sem er mjög svipuð þessu erindi í Völuspá. Ólafssaga segir frá því, að rjett áður enn Þangbrandr kom til Síðu-Halls hafi Þórhallr spámaður frá Hörgslandi verið með Halli að heimboði. Þá var það einn morgun, er Hallr lá í hvílugólfi enn Þórhallr í annari rekkju, að Hallr sá, að Þórhallr brosti, og spurði hann, að hverju hann væri að brosa. Þórhallr svarar: „Að því brosi jeg, að margur hóll opnast og hvert kvikindi bír sinn bagga, bæði stór og smá, og gera fardaga", „ok litlu síðarr urðu þau tíðendi, sem nú skal frá segja" (koma Þangbrands og alt sem þar fer á eftir). Þórhallr sjer álfa og dverga standa fírir opnum heimkinnum sínum, eins og „vísir dvergar standa fyrir steindurum veggbergs" (standbergs, bústaðar dverganna) í Völuspá, og á báðum stöðunum vilja þessar verur auðsjáanlega forða sjer fírir hættu þeirri, sem ifir þeim vofir.[1] Ótti og uggur hefur gagntekið alla tilveruna, „hræðask allir á helvegum", og menn þikjast vita, að sá tími sje í nánd, þegar:

„Skelfr Yggdrasils
askr standandi,
ymr it aldna tré,
en jötunn losnar".[2]

Því næst dregur völvan upp stórskorna mind af hinni hinstu baráttu og falli goðanna, sem táknar ifirvofandi dauða-

1) ÓT. Fms. II. 197. bls. Flat. I. 421. bls.
2) Völuspá (Bugge) 47. er.

stríð hinnar heiðnu trúar.[1] Enn völvan sjer lengra fram. Hún sjer jörðina rísa aftur úr ægi iðgræna, hún spáir, að Æsir muni rísa upp aftur í nirri og betri mind og finna aftur hinar undursamlegu gullnu töflur, er þeir höfðu átt í árdaga á hinu saklausa æskuskeiði heimsins, að akrar muni vaxa ósánir og alt böl batna, að mannkinið muni verða endurborið og þá muni ekki verða til neinir vondir menn, heldur að eins „dyggvar dróttir“, er muni njóta eilífrar sælu

---

1) Ef beita mætti sömu aðferð og sumir vísindamenn hafa beitt nú á síðari tímum í meðferð sinni á hinum fornu goðsögum vorum og Eddukvæðum, að draga langar staðlausar áliktanir af tilviljanlegum nafnlíkingum, þá mætti ganga feti framar og segja, að höfundur Völuspár hefði leift sjer að draga fram á sjónarsviðið einn samtíðarmann sinn, kristinn höfðingja sunnlenskan, og skipa honum sem fulltrúa kristninnar í flokk andstæðinga goðanna í hinni hinstu baráttu. Í 52. er. Völuspár (Bugge) stendur:

*Surtr* ferr *sunnan*
með sviga lævi.

Enn nú hjet einmitt einn af hinum helstu kristnu höfðingjum um þessar mundir *Surtr* Ásbjarnarson og bjó í Kirkjubæ, þar nálægt, er Ísland gengur einna *lengst til suðurs*. Ef slík nafnalíking við Völuspá kæmi firir í írsku eða engilsaxnesku riti, þá mundu verða dregnar af því skritnar áliktanir. Enn slíka aðferð ('metode') álít jeg með öllu óvísindalega og ólcifilega. Það er alveg óhugsandi, að höf. Völuspár hafi hjer viljað sneiða til Surts Ásbjarnarsonar. Að halda því fram, það væri að gera Völuspá að skrípakvæði og draga hana ofan í sorpið, og fær slíkt með engu móti samrímst þeim alvörublæ, sem er á öllu kvæðinu frá upphafi til enda. Höf. Völuspár hefur hjer ekki haft neitt annað firir augum enn hinn gamla eldjötun Surt, sem menn kendu um jarðelda. Við hann er enn í dag kendur Surtshellir í eldhrauninu nálægt Kalmanstungu, og er bæði hellirinn og jötuninn nefndur í Landn. (3. p. 10. k. 199. bls. sbr. 1. p. 20. k. 61. bls. Harðar s. Grk. Ísl. s. II. 96. bls). Nafnlíkingin við Surt Ásbjarnarson er eingöngu sprottin af tilviljun. Það mætti sjálfsagt, ef lærdómur og skarpleiki væri til, setja fram sennilegar getgátur um, hvaða samtíðamenn skáldið hefði haft firir augum, þar sem hann nefnir t. a. m. Hrym eða Loka í andstæðingaflokki goðanna, eða Óðinn, Þór o. s. frv. í flokki goðanna. Enn alt slíkt leiði jeg hjá mjer, því að það væri að bregða hinu gamla stórfengilega kvæði undir nærsýna smásjá. Af því einu í kvæðinu vil jeg draga áliktanir, sem eðlilega og hártoganalaust bendir til þess tíma, sem það er ort á, og sjerstaklega af þeirri meginhugsun, sem gengur í gegnum alt kvæðið í heild sinni, og öllu því, sem stendur í nánu sambandi við hana.

á Gimléi. Loks muni „hinn ríki (Kristur) koma að regindómi (hinum efsta dómi) öflugur ofan sá er öllu ræður". Þetta er niðurlagið á spá völunnar, sem alt kvæðið að framan stefnir að, og er hún þar orðin alkristin. Hugsunin í endurfæðingarspádómnum er þá bersínilega sú, að kristnin muni að lokum vinna algerðan sigur á heiðninni, enn taka upp hið háleitasta, fegursta og besta úr heiðinni trú.

Jeg spir þá að lokum: Hvenær hefur slíkt kvæði getað til orðið nema á þeim tíma, þegar hólmgangan milli heiðninnar og kristninnar stóð sem hæst í hjörtum manna? Og hvar er það til orðið? Jeg held því fram enn sem fir — *ceterum censeo* — að það sje hvergi til orðið annars staðar enn á Íslandi. Þar og hvergi annars staðar á þetta snildarkvæði sinn sanna sögulega 'bakhjarl' ('baggrund'), eða umgjörð. Það er sannfæring mín, að það sje ingra enn 997 (vegna 45. erindis), enn aftur eldra enn sigur kristninnar árið 1000, af því að kvæðið spáir þessum sigri sem ókomnum. Síni þeir, sem halda því fram, að kvæðið sje ort annars staðar, að það eigi sjer þar eins góðan eða betri sögulegan bakhjarl.

Fleiri sagnir eru til frá þessum tíma, er bera vott um hina sömu baráttu milli kristni og heiðni, sem lísir sjer í sögunni um Þórhall spámann og í Völuspá, eða sína líkt og þær, hvernig þjóð vor var þá eins og milli vonar og ótta. Konr. Maurer hefur safnað öllum þessum sögum á einn stað í riti sínu,[1] og get jeg vísað til þess. Eru þar taldir ímsir draumar og vitranir, er boðuðu hinn nýja sið. Merkilegt er það, sem sagt er um Njál, að hann hafi verið kristninni hlintur og tekið málstað hennar gagnvart öðrum, áður enn hann þekti hana af öðru enn afspurn, og síðan bætir sagan við: „hann *fór oft frá öðrum mönnum einn saman og þuldi*".[2] Einkennilegust er þó hin fagra saga um Þiðranda, sem dísir vógu, son Halls af Síðu. Hallr bjó að Hofi, segir sagan,

1) Konr. Maurer, Bekehrung des norweg. stammes I. 226.—236. bls.
2) Njála k. 100[15].

þegar þetta gerðist og var þá enn heiðinn. Þiðrandi var elstur sona hans og hinn mannvænlegasti og hvers mans hugljúfi, því að hann var „lítillátur og blíður við hvert barn“, og unni Hallr honum mest allra sona sinna. Hann fór utan ungur að aldri og kom út aftur í Berufirði. Var hann þá 18 vetra. Þetta sumar dvaldist með Halli Þórhallr spámaður, vinur hans. Um haustið hafði Hallr haustboð að vanda. Þegar leið á sumarið tók Þórhallr að ógleðjast, og spurði Hallr, hverju það sætti. Hann svaraði, að sjer segði þungt hugur um haustboðið. Veislan var búin að veturnóttum, enn boðsmenn komu fáir, því að veður var hvast og illfært. Enn er menn settust til borða um kvöldið, bað Þórhallr spámaður menn varast að fara út næstu nótt, og kvað mikil mein mundu á liggja, ef út af væri brugðið. Bað Hallr menn halda orð Þórhalls, því að þau hefðu jafnan gengið eftir. Um kvöldið skipaði Þiðrandi gestum í sæng sína, enn svaf sjálfur fremst í seti við þil. Enn þegar flestir vóru sofnaðir, þá var barið að dirum, og ljet enginn sem vissi; fór svo þrisvar. Þá spratt Þiðrandi upp og mælti: „Þetta er skömm mikil, að allir láta, sem þeir sofi, og munu boðsmenn komnir“. Hann tók sverð í hönd sjer og gekk út og sá first engan mann. Gekk hann þá að viðarkesti einum, er úti stóð, og skigndist um. Heirði hann þá að riðið var norðan á völlinn og sá, að þar fóru 9 konur allar svartklæddar, og höfðu brugðin sverð í höndum. Enn heirði hann, að riðið var sunnan á völlinn og bar þar einnig að 9 konur, enn þær vóru allar í ljósum klæðum og riðu hvítum hestum. Ætlaði Þiðrandi þá að fara aftur inn í bæinn og segja mönnum sínina. Enn þá komust svartklæddu konurnar milli hans og diranna og sóttu að honum, enn hvítklæddu konurnar reindu að bjarga honum. Þiðrandi varðist vel og drengilega, enn loks höfðu svartklæddu dísirnar sigur og særðu hann banasári. Um nóttina vaknaði Þórhallr spámaðr og saknaði Þiðranda. Var þá út gengið. Var á tunglskin og frostviðri. Fundu menn þá Þiðranda

liggja þar særðan og báru hann inn. Hann sagði frá því, sem firir hann hafði borið, og andaðist um morguninn í lísing og var heigður að fornum sið. Hallr spurði Þórhall, hverjum undrum þetta mundi sæta. Enn hann gat til, að hinar svartklæddu konur hefðu verið heiðnar ættarfilgjur þeirra frænda Síðumanna, og mundu þær hafa vitað firir, að brátt mundu verða siðaskifti hjer á landi og að Síðumenn mundi taka hinn nija sið og segja skilið við hinar heiðnu dísir; hafi þær því viljað taka þennan skatt af ættinni áður. Sagði Þórhallr og, að hinn nii siður mundi verða betri enn hinn forni, og mundu „hinar betri dísir“ hafa viljað hjálpa Þiðranda, enn ekki getað að svo búnu. Hjer sjest glöggllega barátta heiðninnar og kristninnar, og kemur einkennilegur trúarblendingur fram í því, að menn hafa hugsað sjer eigi að eins heiðnar heldur og *kristnar* dísir.

Nú er þar til að taka, er áður var frá horfið, að heiðnir menn höfðu gert þá Hjalta Skeggjason og Þangbrand seka á alþingi 999. Forsprakki heiðinna manna á þessu þingi var Runólfr goði Úlfsson aurgoða.[1] Hann var af einhverri hinni göfgustu landnámsætt, kominn af Hrafni heimska landnámsmanni, og töldu þeir frændur ætt sína í beinan karllegg til Haralds konungs hilditannar. Afi hans, Jörundr goði, faðir Úlfs enn sonur Hrafns heimska, er talinn með hinum mestu höfðingjum landsins um 930, þegar alþingi var sett. Hafði hann bigt firir vestan Markarfljót á Svertingsstöðum og reist þar hof mikið. Hann fór eldi um land það firir austan Markarfljót, er nefnt var Goðaland,[2] og lagði

1) Af hverju kemur firri hluti þessa orðs? Getur það verið, að hann standi í sambandi við Hænisnafnið *aurkonungr* (Sn. E. I 268. bls. II 525. bls.), og að þeir frændur hafi dirkað Hæni (sbr. *Freysgoði*)? Norður í Steingrímsfirði (eða Bitru?) er og nefndur (Þorvaldr Halldórsson) *aurgoði* (Landn. 2. p. 32. k. 159. bls.).

2) Er nafnið dregið af tignarnafni Jörundar — eignarf. eintölu af *goði* — eða er *Goða-* eignarf. fleirtölu af *goð* og dregið af því að goðin áttu landið? Sigurður Vigfússon hefur haldið, að land það, sem Jörundr fór eldi um og lagði til hofsins, hafi verið Þórsmörk, enn það getur

það til hofsins. Bær Jörundar er nú í eiði og vita menn ekki firir víst, hvar hann hefur verið. Hann átti 2 sonu, Valgarð goða, er bjó að Hofi, föður Marðar, og Úlf, sem bjó í Dal (Stóra Dal undir Eijafjöllum), föður Runólfs, og var þannig ættfaðir beggja hinna ríkustu goðaætta í Rangárþingi, Hofsverja og Dalverja. Höfðu báðar ættirnar haldið goðorðum sínum við þingaskipunina 965, og 981 eru þeir Valgarðr að Hofi og Runólfr Úlfsson taldir með merkustu höfðingjum sunnanlands.[1] Runólfr bjó í Dal, og var ríki hans svo mikið, að sagt er, að þingmenn hans hafi setið í hverju húsi alt vestur að Rangá (itri)[2] um neðri hluta Rangárþings. Hann var einbeittur maður og filginn sjer og rammur trúmaður í heiðnum sið, eins og hann átti ætt til og tign. Virðist hann hafa verið foringi þess flokks meðal heiðinna manna, er minst sást firir og helst vildi brjóta niður kristnina með báli og brandi. Hann ræður firir „ist í hægra“ fílkingararmi heiðna flokksins, ef svo má að orði kveða.

Firir kristna flokknum vóru helst 3 höfðingjar, allir úr suðurhjeröðum landsins eins og Runólfr, og vóru það þeir Hjalti Skeggjason, Gizurr hvíti og Síðu-Hallr.

Hjalti virðist hafa verið mestur ákafamaður þeirra þriggja — hann ræður firir ist í vinstra fílkingararmi hins kristna flokks — enn ekki jafnmikill vitmaður og þeir. Hann sínist stundum hafa látið ákafa sinn hlaupa í gönur með sig, svo sem þegar hann kvað kviðlinginn að lögbergi, því að slíkt var ekki til annars enn æsa heiðna menn og hlaut miklu fremur að gera máli kristninnar skaða enn gagn.

---

ekki verið rjett, því að Landn. segir, að spilda þessi („björr“) hafi verið ónumin, þegar Jörundr helgaði sjer hana, enn áður (Landn. 5. p. 2. k. 280. bls.) er sagt, að Ásbjörn Reyrketilsson hafi numið Mörkina og helgað hana Þór og kallað Þórsmörk. Það er því og gripið úr lausu lofti hjá Sigurði, að hof Jörundar hafi verið helgað Þór.

1) Kristni s. 1. k.

2) Kristni s. 11. k. ÓT. Fms. II 234. bls. Flat. I 442 bls. (Ólafssaga hefur ranglega *Norðrá* f. *Rangá*). Landn. 5. p. 8. k. 299. bls.

Hann var fjórði maður frá Katli einhenda landnámsmanni; faðir hans Skeggi var Þorgeirsson, Eilífssonar, Ketilssonar einhenda, sem nam Rangárvöllu hina itri (Landmannasveit), og virðist Hjalti því hafa verið fremur ungur, þegar þessi saga gerðist, og ingri enn Gizurr hvíti, sem var annar maður frá landnámsmanni, enda átti Hjalti dóttur Gizurar, Vilborgu.[1] Hjalti var þannig ættaður úr Rangárþingi, enn bjó í Þjórsárdal í Árnesþingi. Hvergi er þess getið í sögum, að þeir forfeður Hjalta hafi átt goðorð, og hvergi er Hjalti sjálfur beinlínis nefndur goði, enn af Njálu virðist mega ráða, að hann hafi átt þingmenn firir austan Þjórsá á hinum fornu ættstöðvum sínum,[2] og í Kristni sögu er hann talinn með mestu höfðingjum sunnanlands um 981,[3] enn það fær varla staðist, því að þá virðist Hjalti hafa verið barnungur, og tel jeg líklegt, að hann hafi ekki fengið mannaforráð fir enn um og eftir 990 og sje einn af hinum *níju* höfðingjum. Ari telur hann með höfðingjum rjett firir árið 1000.[4] Hafi hann verið einn af hinum níju höfðingjum, þá verður það auðskilið, að hann á mannaforráð *í Rangárþingi*, enn bústað *utanhjeraðs*, af því að ríki hans stendur firir utan þingaskipun Þórðar gellis, og um leið verður firir þetta skiljanlegri fjandskapur sá, sem var á milli Hjalta og Runólfs úr Dal, því að þeir hafa togast á um þingmenn. Mjög er það líklegt, að það sje rjett, sem fróðir menn og kunnugir hafa til getið,[5] þó ekki standi það í sögum, að forfeður

1) Guðbr. Vigfússon telur hann fæddan um 965, og mun það vera helst til snemma (sjá Safn til s. Ísl. I 424. bls.).

2) Njála k. 131 [24]—[27]. Þar lætur Hjalti til sín taka hjeraðsstjórn í Rangárþingi og „kveður upp almenning". Sbr. einnig frásögnina í Kristni s. 11. k., ÓT. Fms II 234. Flat. I 442, Landn. 5. p. 8. k. 299. bls., um það er Hjalti fjekk hestana hjá Skeggja í Háfi; má ætla, að Skeggi hafi verið þingmaður Hjalta.

3) Kristni s. 1. k.

4) Íslendingabók 7. k.

5) Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi í Timariti Jóns Pjeturssonar 2. b. 94. bls. og þar á eftir, Páll Sigurðsson í Árkvörn í Safni til s. Ísl. II 527. bls.

Hjalta hafi átt goðorð eða part í goðorði vestan til í Rangárþingi; hafa þeir þá að öllum líkindum orðið út undan við þingaskipunina 965 og orðið þá að hrökkva úr þingi og flitja búferlum í Þjórsárdal. Skilst þá enn betur, hvernig á því stendur, að Hjalti hefst til ríkis um 990, og eins hitt, sem hvergi er á vikið, hvers vegna ættin flitur burt úr Rangárþingi.

Gizurr Teitsson Ketilbjarnarsonar hins gamla var af hinni göfgu Mosfellingaætt, sem taldi kin sitt til Háleigjajarla. Ketilbjörn, afi Gizurar, er talinn dóttursonur eða sistursonur Hákonar Hlaða-jarls Grjótgarðssonar, afa Hákonar jarls hins ríka.[1] Ketilbjörn nam Grímsnes alt upp frá Höskuldslæk, Laugardal allan og Biskupstungur upp til Stakksár og bjó að Mosfelli. Hann ljet gera hof að bæ sínum með mikilli viðhöfn. Má því telja víst, að goðorð hafi gengið í þessari göfgu ætt. Ketilbjörn virðist hafa dáið laust fyrir 930, því að hann er ekki talinn með höfðingjum í höfðingjatali Landnámu um þær mundir.[2] Sonur hans Teitr flutti fyrstur þeirra frænda bigð sína að Skálholti frá Mosfelli,[3] enn ekki er hans getið í höfðingjatali Landnámu um 930. Aftur á móti er þar talinn dóttursonur Ketilbjarnar, Geirr goði, sonur Ásgeirs Úlfssonar og Þorgerðar Ketilbjarnardóttur, er bjó í Hlíð (ɔ: Úthlíð). Higg jeg, að þeir Teitr og Geirr hafi erft goðorðið eftir Ketilbjörn, enn Teitr verið spektarmaður, eins og fleiri í ættinni, og unnað sistursini sínum með að fara. Teitr kemur lítt við sögur, síðast við Flóamannasögu um 965,[4] og mun hann hafa andast um

1) Landn. 5. p. 12. k. 312. bls., Sturl. [1]I 202. bls. [2]I 203. bls. Tímans vegna virðist líklegra, að Æsa, móðir Ketilbjarnar, hafi verið sistir heldur enn dóttir Hákonar Grjótgarðssonar, enda er Sturlunga hjer ágæt heimild, því að safnandi hennar hefur hjer haft fyrir sjer Landnámutexta Ara fróða sjálfs (sbr. Safn til s. Íslands III 307. bls.).

2) Landn. 5. p. 15. k. 321. bls.

3) Svo Hungrvaka (Bisk. I 60. bls.)

4) Flóam. s. Forns., Leipz. 1860, 138. bls., sbr. Landn. 5. p. 10. k. 307. bls. Sbr. Guðbr. Vigfússon í Safni til s. Ísl. I 291. og 293. bls.

það leiti. Þá mun Gizurr sonur hans enn hafa verið barn að aldri,[1] og mun Geirr goði hafa haldið áfram að fara með goðorðið firir þá báða, að minsta kosti þangað til Gizurr náði lögaldri, enn um 981 er Gizurr talinn með mestu höfðingjum sunnanlands í Kristni s., og mun hann þá hafa verið búinn að taka við sínum hluta goðorðs.[2] Geirr goði er þá ekki framar talinn með höfðingjum; hefur hann þá verið orðinn gamall maður og mun því hafa dregið sig í hlje firir Gizuri.[3] Gizurr hvíti kemur einna mest við Njálu, og er þar altaf bendlaður saman við Geir goða, svo að auðsjeð er, að þeir hafa átt goðorðið saman. Þeir vóru báðir að vígi Gunnars að Hlíðarenda og er Geirs síðast getið í sögum við eftirmálið eftir Gunnar,[4] og ekki kemur hann neitt við kristnitökuna árið 1000. Mun hann því hafa látist nokkru firir aldamótin og verið þá fjörgamall maður. Hefur Gizurr þá átt einn goðorðið úr því og farið með það á þingum, þangað til hann tók kristni, enn þá hefur hann verið rekinn úr fjelagsskap hinna gömlu goða og gengið í flokk með hinum níju höfðingjum. Er það þessu máli til sönnunar, að það má sjá á sögum, að búð hans á alþingi, hin gamla Mosfellingabúð, sem oft er nefnd í Njálu,[5] *hefur verið rifin niður*, því að á alþingi 1000 segir Ólafssaga og Kristni saga, að Ásgrímr Elliðagrímsson hafi tekið við Gizuri og allri hans sveit í búð sína.[6]

---

1) Guðbr. Vigfússon telur hann fæddan um 955, og mun það láta nærri sanni (Safn til s. Ísl. I 424. bls.).

2) Kristni s. 1. k.

3) Njála (k. 46[6]) segir og, að Gizurr hafi verið „höfðingi mikill“, og Ari fróði telur hann meðal þeirra „höfðingja“, sem kristni tóku af Þangbrandi (Íslbk. 7. k.).

4) Njála k. 80[12]. Landn. 5. p. 5. k. 291. bls.

5) Njála k. 33[10], 105[18] og 119[23].

6) Kristni s. 11. k. 21. bls. ÓT. Fms. II 235. bls. Flat. I 442. bls. Njála segir að vísu, að Gizurr hafi á þessu þingi tjaldað „Mosfellingabúð“ (k. 105[18]), enn þetta er skiljanleg og firirgefanleg villa í Njálu, og meira að marka hinar sögurnar, sem höfðu firir sjer eldri heimildir (Gunnlaug).

Gizurr kemur alstaðar fram til góðs í sögum og er líst sem mesta prúðmenni. Hann er hæglátur og varkár, enn þó einbeittur og filginn sjer, spakur að viti og vill vinna alt fremur með forsjá enn kappi. Er hann að því ólíkur Hjalta Skeggjasini. Hann virðist hafa verið hinn vinsælasti höfðingi í hjeraði, eigi að eins af alþíðu, heldur og af höfðingjum hjeraðsins. Áður enn hann var rekinn úr fjelagsskap hinna fornu goða, vóru þeir Þóroddr goði Eyvindarson að Hjalla í Ölfusi og Ásgrímr Elliðagrímsson í (Bræðra-) Tungu samþingisgoðar hans, og austast í þinginu sat einn af hinum níju höfðingjum, Hjalti Skeggjason. Allir þessir menn vóru nákomnir Gizuri að frændsemi eða mægðum. Ásgrímr Elliðagrímsson var sistursonur hans, sonur Jórunnar Teitsdóttur,[1] og hlítur Jórunn að hafa verið miklu eldri enn Gizurr, bróðir hennar, því að þeir Gizurr og Ásgrímr virðast hafa verið nokkurn veginn jafnaldra, enda mun Teitr hafa átt Gizur í elli sinni, sem áður er sagt. Um Þórodd goða vitum vjer, að hann var tengdafaðir Gizurar, og um Hjalta, að hann átti Vilborgu, dóttur Gizurar. Gizurr var þrikvæntur. Firsta kona hans var Halldóra, dóttir Hrólfs hins auðga úr Geitlandi, og var Vilborg, kona Hjalta dóttir þeirra[2]. Önnur kona Gizurar var Þórdís hin eyverska[3], og var þeirra son Ketill er átti Þórkötlu Skaftadóttur (lögsögumans?). Síðast átti Gizurr Þórdísi, dóttur Þórodds goða; áttu þau saman mörg börn og var eitt af þeim Ísleifr, er síðan varð biskup[4]. Ekki vitum vjer nú firir víst, hvenær þær mægðir tókust, enn líklegt er, að það hafi einmitt orðið um 1000. Víst er, að Ís-

1) Sturl. [1]I 202. bls. [2]I 203. bls. Njála k. 26[3].

2) Landn. 1. p. 21. k. 63. bls. Bisk. I 60. bls.

3) Bisk. I 60. bls. Þessarar miðkonu Gizurar er hvergi getið nema á þessum stað. Landn. (5. p. 8. k. 298. bls.) getur um Þórunni hina eyversku, konu Þorkels bjálfa, og var þeirra dóttir Þórdís. Sú Þórdís getur ekki tímans vegna verið kona Gizurar, enn ekki er ólíklegt, að hún hafi verið af þessari ætt.

4) Bisk. I 60. bls. Landn. 5. p. 13. k. 318. bls. 5. nmgr.

leifr biskup var fæddur 1006[1], og hafi hann ekki verið eitt af elstu börnum þeirra Gizurar og Þórdísar, lætur nærri, að hjúskapur þeirra hafi birjað um 1000. Vjer munum síðar sína fram á líkur til, að Þóroddr goði hafi snúist í lið með kristnum mönnum á þessu ári, og er það því til stirkingar, að mægðirnar við Gizur hafi einmitt tekist um það leiti. Þeir Þóroddr og Ásgrímr Elliðagrímsson eru taldir með mestu höfðingjum um 981[2].

Hinn þriðji foringi kristna flokksins var Hallr af Síðu. Hann virðist hafa verið orðinn nokkuð roskinn, líklega kominn undir sextugt, um þessar mundir[3]. Vjer höfum áður minst á ætt hans og mannaforráð og líst honum að nokkru leiti. Það er einhver helgiblær og hreinleika ifir öllu því, sem sagt er um þennan höfðingja; það er eins og hvergi bregði neinum skugga á hann, eins og allir — jafnvel mótstöðumenn hans — hafi orðið að elska hann og virða. Njála segir um hann, að hann hafi viljað það til vinna að leggja son sinn Ljót ógildan til þess að sefa þá stirjöld, sem reis af brennumálunum á alþingi[4]. Slíkur hugsunarháttur var fágætur um þær mundir, þegar það var skoðað sem heilög skilda að hefna veginna ættingja sinna eða þó að sjá um, að þeir lægi ekki óbættir hjá garði. Sínir það, að Hallr var sannur ættjarðarvinur og sá lengra fram enn flestir aðrir. Frábær manngæska, djúp speki, hrein og lifandi trú og brennandi áhugi á málefni kristninnar virðist hafa einkent þennan höfðingja fremur enn alla aðra samtíðarmenn hans. Engum gátu trúarbræður hans um þær mundir treist betur enn honum bæði til að vilja vel og til viturlegra ráðagerða, enda munum vjer sjá síðar ljós merki þess, að hann var hinn helsti forsprakki kristna floksins hjer á landi, þó að

---

1) Íslendingabók 9. k.
2) Kristni s. 1. k.
3) Sbr. Guðbr. Vigfússon í Safni til s. Íslands I 411. bls.
4) Njála k. 145[280].

svo kunni að virðast í fljótu bragði, sem meira beri á Gizuri og Hjalta enn honum.

Enn hvers vegna virðist bera minna á Halli enn hinum? Og hvað kemur til þess, að sögur vorar geta svo að segja ekkert um framkvæmdir annara höfðingja enn þessara þriggja í þarfir kristindómsins? Einhverjir hljóta þó að hafa verið forgöngumenn kristninnar í öðrum hjeröðum landsins og búið í haginn firir sigur hennar árið 1000. Þegar betur er að gáð, sjest, hvernig á þessu stendur. Allar þær sögur, sem vjer nú höfum um kristnitökuna árið 1000 og viðburði þá, sem gengu næst á undan henni, eru að mestu leiti runnar frá Íslendingabók Ara. Síðari höfundar hafa að vísu bætt við einstöku atriðum eftir munnmælum samtíðarmanna sinna, einkum Gunnlaugr munkur (og eftir honum Kristni s. og Ólafssaga hin langa). Enn alstaðar eru megindrættir viðburðanna teknir úr hinni stuttu frásögn Ara. Nú hafði Ari ágæta heimild til þessarar sögu, eftir því sem hann sjálfur segir, Teit Ísleifsson frænda sinn, „þann mann er Ari kunni spakastan“, og hafði Teitr sjálfr talað við menn, sem mundu kristnitökuna árið 1000[1]. Vjer getum því ekki efast um það, að allir þeir viðburðir, er Ari skírir frá, eru rjett hermdir og áreiðanlegir í alla staði. Enn hinsvegar má ganga að því vísu, að mart hafi það gerst í kristnisögu landsins um þessar mundir, sem Ari skírir ekki frá og Teitr kunni ekki frá að segja. Teitr var sannlenskur maður og munu flestar heimildir hans hafa verið sannlenskar, t. d. að öllum líkindum maðurinn, sem hann hafði eftir söguna um komu þeirra Gizurar hvíta og Hjalta til Vestmannaeija[2], Hallr fóstri hans, Ísleifr faðir hans o. fl. Hann var sonarsonur Gizurar hvíta, vissi því auðvitað best um hlutdeild afa sins í þessum viðburðum, og þá líka um hlutdeild Hjalta, því að starfsemi Gizurar og Hjalta var svo samtvinnuð, að ekki mátti þar neinn mun á gera.

1) Íslendingabók 7. k., sbr. 1. k.
2) Íslendingabók 7. k.

Um Hall af Síðu hlaut hann líka að vita talsvert, því að kona hans Jórunn Einarsdóttir var í móðurætt þriðji maður frá Halli[1], enn þó eflaust minna enn um afa sinn. Getur og verið, að það, sem Ari segir um Hall, sje að nokkru leiti frá honum sjálfum runnið, því að Ari var fjórði maður frá Halli[2]. Eftir þessu er það ofur eðlilegt, að Teitr hafi -- auðvitað í filstu einlægni — eignað afa sínum og manni föðursistur sinnar mestan og bestan þáttinn í kristnistarfinu, og þar næst Halli, langafa konu sinnar — enn um starf annara höfðingja hefur hann vitað annaðhvort ekki neitt eða þá svo lítið, að Ara hefur ekki þótt það þess vert að taka það í hina stuttu bók sína. Annað hefur og stutt að því að halda meira fram þeim Gizuri og Hjalta enn Halli, enn það var samband hinna firnefndu við Ólaf konung Tryggvason, er vjer nú munum skíra frá, og sú viðleitni þeirra, er síðar rituðu sögu þessa konungs, einkum Gunnlaugs, að eigna honum, og þá auðvitað erindrekum hans, sem mest í kristnitökunni hjer á landi. Þessi athugasemd var nauðsinleg til að sína fram á hin helstu atriði, sem koma til greina, þegar meta skal heimildarrit vor til frásagnar þeirrar, er vjer nú loksins hverfum að, og filgjum vjer frásögn Ara, það sem hún nær, enn hendum það úr öðrum sögum, er oss þykir næst sanni.

Eftir sektardóminn á alþingi sumarið 999 fór Hjalti Skeggjason utan og með honum Gizurr hvíti; hittu þeir konung í Niðarósi og tók hann þeim vel. Ólafr konungur hafði þá, að minsta kosti að nafninu, kristnað allan Noreg. Hjer um bil um sama leiti hafði Þangbrandr komið til konungs frá Íslandi á Járnmeis sínum, og bar hann Íslendingum illa söguna og „ljet örvænt, að hjer mundi kristni tak

---

1) Landn. 4. p. 9. k. 262. bls. (sbr. 3. p. 14. k. 213. bls.). Liðirnir eru: Jórunn — Þórdís — Þórvarðr — Hallr af Síðu.

2) Landn. 4. p. 9. k. 262. bls. Liðirnir eru: Ari — Jóreiðr — Guðríðr — Þorsteinn — Hallr af Síðu.

ast“ (Ari). Enn svo vildi til, að þá vóru í Niðarósi ímsir íslenskir menn heiðnir, er biðu þess, að bir gæfi til Íslands. Þegar konungur heirði frásögn Þangbrands varð hann mjög reiður og „ætlaði að láta meiða eða drepa“ (Ari) þá hina heiðnu Íslendinga, sem þar vóru. Ari segir ekki, hverjir þessir menn vóru, enn hinir síðari sagnaritarar nefna þá, og ber þeim saman að nokkru enn þó eigi að öllu. Þessir menn eru taldir í öllum sögum, sem hjer er um að ræða[1]: Kjartan Ólafsson pá, Hallfreðr Óttarsson (vandræðaskáld), Þórarinn Nefjólfsson, Svertingr Runólfsson úr Dal, Kolbeinn Þórðarson Freysgoða, bróðir Brennu-Flosa og Halldór Guðmundarson hins rika á Möðruvöllum[2]. Auk þess eru taldir í öllum sögum nema Kristni s. þeir frændur Brandr enn örvi Vermundarson og Þorleikr Brandsson (af ætt Kjalleklinga) og enn er getið Bolla Þorleikssonar, fóstbróður Kjartans, í Ólafs sögu Odds þeirri í Stokkhólmi og í Kristni sögu, og loks nefnir Kristni s. ein Kálf Ásgeirsson, bróður Hrefnu (eftir Laxdælu?). Má ganga að því vísu, að þetta sje rjett og satt um þá, sem öllum ber saman um, nema um Hallfreð, skáld konungs, sem eflaust hefur verið lengi með Ólafi, og í sjálfu sjer er ekkert á móti því, enda líklegt, að hinir hafi verið þar líka, þó að ekki sjeu þeir taldir í öllum sögunum. Þegar þeir Gizurr og Hjalti heirðu um hættu þá, er landar þeirra vóru í, gengu þeir á konungs fund og reindu að spekja hann, „sögðu, að konungr hefði það mælt, að menn skildu

1) Jeg á hjer við Ólafssögu Tryggvasonar eftir Odd munk, bæði þá sem er í Stokkhólmshdr. og þá sem er í Árnasafni Nr. 310, 4°, Kristni s. og Heimskringlu.

2) Þó ber þess að geta, að Laxdæla lætur þá Kjartan, Bolla, Kálf Ásgeirsson og Hallfreð og ímsa fleiri Íslendinga koma til Niðaróss og taka kristni af Ólafi konungi í *birjun* rikisstjórnar hans, og sama segir Hallfreðar s. um Hallfreð. Er það líklega rjett um Hallfreð, enn mjög vafasamt um hina. Ólafs s. hin langa hefur tekið þetta eftir Laxdælu og Hallfreðarsögu og lætur suma af Íslendingum koma til Ólafs og taka kristni árið 996, enn suma haustið 999, og ranghverfir öllu tímatali Snorra eftir því. Sbr. ritg. mína í Árb. f. nord. oldk. og hist. 1878, Kronol. bemærkn. & c.

ekkert það til saka hafa unnið áður, ef þeir vildu skírast láta, að eigi skildi frið hafa. Gizurr taldi frændsemi við konung — Ólöf, móðir hans, var dóttir Böðvars hersis Víkingakárasonar, enn Ástríðr, móðir Ólafs konungs, var dóttir Eiriks, bróður Böðvars — Gizurr sagði, að honum þótti von, að kristni mundi viðgangast á Íslandi, ef ráðum væri að farið, enn Þangbrandr fór þar sem hjer heldur óspaklega, drap hann þar menn nokkra og þótti mönnum hart að taka það af útlendum manni[1]". „Hjetu þeir konungi umsíslu sinni til á níja leik, að hjer irði enn við kristni tekið" (Ari). Við þetta sefaðist konungur og gaf Íslendingum grið með því skilirði, að þeir tæki skírn, og að þeir Gizurr og Hjalti bindist firir, að kristnin gengist við á Íslandi, enn kvaðst mundu taka 4 af Íslendingum í gisling, og nefndi til Kjartan Ólafsson, Halldór Guðmundarson, Kolbein Þórðarson og Sverting Runólfsson. Síðan vóru Íslendingar skírðir[2].

1) Þetta — milli tilvísunarmerkjanna — eftir Kristni s., sem er samhljóða Ólafssögu að efni. Hjá Ara er þetta stittra, enn efnið sama

2) Sumar sögur (Hkr., báðar Ólafss. Odds) segja, að Kjartan og Bolli og þeirra menn (auk Hallfreðar) hafi tekið kristni rjett áður enn Þangbrandr kom (Laxdæla og Ólafssaga löngu áður). Slíkt stendur á litlu. Enn líklegt þikir mjer, að það hafi verið tómir heiðnir menn, allir skírðir nauðungarskírn, sem konungur tók að gislum. Að minsta kosti hafa feður þeirra allra, sem feður áttu á lífi heima á Íslandi, verið heiðnir. Munu þeir Gizurr og Hjalti hafa bent konungi á þetta ráð og nefnt til þá menn, sem mest reið á að hafa á valdi sínu. Einn af þeim, Kolbeinn, virðist sjálfur hafa verið heiðinn höfðingi og tekinn vegna sjálfs sín — hann er talinn ásamt bræðrum sínum með höfðingjum í Kristni s. um 981, enn um Flosa sagt, að Þangbrandr hafi primsignt hann, enda átti Flosi dóttur Síðu-Halls — hinir vóru allir sínir ríkra höfðingja, Svertingr sonur helsta forsprakka heiðna flokksins. Merkilegt er, að gíslarnir eru valdir *hver úr sínum fjórðungi*. Svo kunnuglega gat Ólafr ekki valið öðruvísi enn með leiðbeiningu. Ari getur ekki um, að gislar hafi verið teknir. Getur verið, að sögumaður hans Teitr hafi viljað sem fæst um tala, af því að hann hafi vitað, að það var afa sínum og Hjalta að kenna, að þeir vóru hafðir í haldi — enn getur líka verið að hjer sje að ræða um hina vanalegu viðleitni Ara að vera sem stuttorðastur, þó að þetta að vísu sje mjög merkilegt atriði, sem hefði átt að taka með. Í ritg. minni um Ara fróða í Árb. f. nord. oldk. og hist. hef jeg reint að greiða nokkuð úr þeirri bendu, sem er á frásögunum um Íslendingana í Niðarósi í sögum vorum.

Þeir Gizurr og Hjalti vóru með konungi um veturinn í góðu ifirlæti; *sat Gizurr firir ádrikkju konungs innar enn lendir menn*, segir Kristni saga. Enn um vorið eftir bjuggu þeir skip sitt til Íslands. Segir Ólafssaga Odds (sú í Höfn), að þeir hafi farið út „*með konungserindi*“ og að hann hafi „fengið þeim í hendur *mikið fje til að vingast við höfðingja*“. Ekki fjekk Ólafr konungur þeim skip nje lið til filgdar — hann þurfti sjálfur á öllu sínu liði að halda, því að hann var þá sem óðast að búa sig í hina hinstu ferð sína, Vindlandsferðina — enn klerka fjekk hann þeim, firir víst 7, og var firir þeim prestur, sem Þormóðr hjet. Hafði Ólafr haft hann með sjer frá Englandi, er hann fór þaðan, enn líklega hefur hann verið norrænn maður þar vestan um haf, sem nafnið bendir til. Þormóðr virðist hafa verið spektarmaður, ólíkur Þangbrandi, og klerkur góður.[1] Þeir Gizurr „urðu snemmbúnir“ (Njála) og farnaðist vel (Ari), enn fremur virðast þeir hafa haft langa útivist, því að ekki mátti tæpara standa, að þeir næðu í alþingi, sem þeir ætluðu sjer, því að þeir tóku land í Vestmannaeijum, „er 10 vikur vóru af sumri“ (Ari), o: miðvikudaginn í 10. vikunni, er þá bar uppá 19. júní eða daginn áður enn þing átti að koma saman eftir hinum níju lögum frá 999. Nokkru áður enn þeir komu til Vestmannaeija, höfðu þeir haft samgöngur við báta úr landi firir framan Dirhólmaós, og komu með þeim í land tíðindum um ferð sína, og flutti Flosi Þórðarson, sem þá fór þar um á leið sinni til þings (og ef til vill fleiri, sem fóru sömu leið) þau tíðindi til alþingis.[2] Úr eijunum fóru þeir Gizurr og Hjalti

1) Absalon Taranger, Den angelsaksiske kirkes indflydelse på den norske 161. bls.

2) Ari segir ekki frá þessu, heldur að eins Kristni s. og Ólafssaga (ekki Njála), enn engin ástæða er til að rengja þetta. Eftir Kristni s. og Ólafssögu eiga þeir Gizurr að hafa hitt bátana 2 dögum áður enn þeir tóku Vestmannaeijar, eða mánud. 17. júní. Er þá Flosi í sainna lagi á ferð til þess að ná í tæka tíð til alþingis, ef hann var einn af hinum fornu goðum, því að hann mátti þá ekki koma síðar enn á fimtudaginn fyrir sólsetur, ella varðaði goðorðsmissi (Grág. Konungsb. I 43.

„*þegar* inn til meginlands“ (Ari), ɔ: til Landeija, enn „þar gátu þeir hvergi fengið neinn farargreiða eða reiðskjóta austan Rangár því að þar sátu þingmenn Runólfs goða í hverju húsi, þar til þeir komu í Háf til Skeggja Ásgautssonar; hann fjekk þeim hesta til þings, enn Þorvaldr, sonur hans, var áður heiman riðinn, er átti Koltorfu, sistur Hjalta“.[1] Segir

---

bls.), og menn vóru ekki vanir að fara langar dagleiðir í alþingisferðum, síst þeir sem lengra áttu til að sækja, (sbr. þingmannaleið), því að menn höfðu með sjer allmarga þingmenn og talsverðan farangur. Hins vegar munum vjer síðar sína líkur til, að kristnir menn hafi mælt sjer mót nokkru eftir fimtudaginn í Vellankötlu, og þeim fundi gat Flosi vel náð, þó að hann færi í makindum, hafi hann verið á mánudagskvöld á Arnarstakksheiði. Þetta stiður því heldur mál Njálu, að Flosi hafi verið snúinn í lið með kristna flokknum, er tengdafaðir hans Síðu-Hallr rjeð firir, og að kristnir menn hafi fengið tíðindin með honum. Kristni s. og Ólafss. segja, að þeir Gizurr hafi lent í Vestmannaeijum sama dag og þeir hittu bátana við Dirhólmaós (ɔ: 17. júní) og sett þar á land kirkjuvið, sem Ólafr konungur hafi fengið þeim í því skini að þeir reistu af honum kirkju, þar sem þeir tæki first land, og hafi þeim dvalist í eijunum í 2 daga (til 19. júní) við að brjóta niður hörga, sem þar stóðu, er kirkjan skildi standa, og reisa grind kirkjunnar, og farið síðan í land 19. júní. Það getur ekki verið rjett, að þeir hafi komið í eijarnar 17. júní, því að Ari tekur þar af öll tvímæli, að það var 19. júní, og segir, að Teitr hafi borið firir því mann, sem þar var, er þeir komu. Ekki getur það heldur verið rjett, að þeir hafi dvalið í eijunum 2 daga og eitt svo dirmætum tima, þegar þeim lá svo mikið á að komast til lands. Enn vel gêtur það verið rjett, að þeir hafi verið 17. júní firir Dirhólmaósi, enn komist ekki fir enn 19. til Vestmannaeyja firir andviðrum. Hafi þeir haft kirkjuvið með, — og sje sú saga nokkuð annað enn tilbúningur eftir sögunni um kirkjusmíð Ólafs konungs sjálfs í eijunni Mostr, þar sem hann tók first land, er hann kom í Noreg, — þá hafa þeir Gizurr látið aðra afferma skipið, enn farið sjálfir þegar í land og reist kirkjuna síðar í betra tómi. Njála segir, að þeir hafi tekið land á Eirum (ɔ: Eirarbakka) — getur ekki um komu þeirra í Vestmannaeijar — og farið þaðan beina leið til þings, og munum vjer síðar sína, hvernig stendur á þeirri missögn.

1) Njála virðist hafa hafnað þessari sögu, því að höf. hennar hefur ekki þótt hún koma vel heim við það, sem áður er sagt í Njálu, að Þangbrandr hafi skirt Njál, sem bjó að Bergþórshvoli, ekki fjarri því í Landeijum, er þeir Gizurr virðast hafa lent, og þótt ólíklegt, að Njáll hefði ekki haft þor eða getu til að lána þeim hesta. Þess vegna lætur sagan þá taka land á Eirum. Enn vjer trúum betur frásögn Kristni s. og Ólafss., er staðfestist af Ara og Landn. (5. p. 8. k, 299 bls.). Það getur vel verið, að þeir Gizurr hafi tekið land vestar enn hjá Bergþórshvoli,

Landn., að þeir hafi verið 12 saman, er þeir fóru úr Háfi. Þaðan hjeldu þeir áleiðis til þings, enn í Laugardal fengu þeir það af Hjalta, að hann varð þar eftir við 12. mann (Ari) — þótti það higgilegra, af því að hann var sekur fjörbaugsmaður — enn þeir Gizurr hjeldu áfram – eftir því hafa fleiri bætst í flokkinn á leiðinni, eflaust kristnir menn úr sveitum Hjalta og Gizurar — og ljettu þeir ekki, fir enn þeir komu í stað þann hjá Þingvallavatni, sem nefndur er Vellan(d)katla, „og gerðu þaðan orð til þings, af því að þeir höfðu spurt, að andskotar þeirra vildi verja þeim vígi þingvöllinn. Enn fir en þeir færi þaðan, þá kom þar riðandi Hjalti og þeir er eftir vóru með honum. Enn síðan riðu þeir á þingið, og komu áður á móti þeim frændur þeirra og vinir, sem þeir höfðu æst. Enn hinir heiðnu menn hurfu saman með alvæpni og hafði svo nær, að þeir mundu berjast, að eigi sá á milli“ (Ari). „Enn þó vóru þeir sumir, er skirra vildu vandræðum, þó að eigi væru kristnir“ (Kristni s.). Kristni s. og Ólafssaga bæta því við, að Ásgrímr Elliðagrímsson, sistursonur Gizurar, hafi tekið við honum og allri hans sveit í búð sína.

Svo segja sögur vorar frá hinum síðasta aðdraganda að kristnitökunni, þeim merkilegu viðburðum, er gerðust milli þinga 999 og 1000. Vjer skulum nú um stund láta hjer staðar numið og virða betur firir oss þessa sögu, og munum vjer þá brátt komast að raun um, að sagan er að sumu leiti ófullkomin og ekki alveg nákvæm, þó að *viðburðirnir* sjeu nokkurnveginn rjett sagðir. Kemur það, sem áður er sagt, af því að megindrættir viðburðanna eru til vor komnir frá einum manni (Teiti), og „jafnan er hálfsögð sagan, þegar einn segir“.

Það er þá first mjög grunsamt, að undirbúningurinn undir kristnitökuna er hjer eignaður þeim Gizuri, afa heim-

eða að Njáll og sinir hans hafi áður verið riðnir á stað með alla sína hesta til þings.

ildarmannsins, og Hjalta mági hans *einum*, eins og ekkert hefði gerst í þá átt hjer á landi, meðan þeir vóru burtu. Þeir einir fara til Noregs, koma þaðan aftur sem erindrekar konungs, þeir einir ríða með sveit sína í Vellankötlu, gera þaðan orð til þings eftir vinum sínum og venslamönnum, og þegar þeir hafa fengið þá í lið sitt, ríða þeir filktu liði á þing. Annara er ekki við getið. Og þó sjest það á frásögninni, sem á eftir fer, að Síðu-Hallr er á þingi og ímsir höfðingjar kristnir úr öðrum fjórðungum[1] og kristni flokkurinn tiltölulega mjög fjölmennur, svo að auðsjeð er, að kristnir menn af öllu landinu hafa fjölment mjög til þingsins. Sagnamenn vorir virðast hafa hugsað sjer, að þeir hafi verið komnir til þings á undan Gizuri og verið í þeim flokki, sem kom til móts við hann eftir orðsendingunni úr Vellankötlu. Enn þetta er þó hvergi sagt beinlínis, að það hafi verið kristnir menn, sem á móti komu, og þegar betur er að gáð, sjest, að það er mjög ólíklegt. Eftir því sem að framan er sagt, hljóta það að hafa verið hinir *níju* höfðingjar, sem rjeðu firir þingreið kristinna manna; enn það er mjög ósennilegt, að þeir hafi hætt sjer í greipar óvina sinna, fir enn allur kristni flokkurinn var saman kominn í eitt, enda hafði kristni flokkurinn gert svo firir sjer á þinginu 999, að það er alveg óhugsandi, að heiðnir menn hefðu látið þeim haldast uppi að ríða í smáflokkum hver á fætur öðrum á helgað þing. Það liggur líka næst að skilja svo orð Ara, að heiðnir menn hafi haft samtök um, að verja *öllum* kristnum mönnum vígi að komast á þing. Frá sjónarmiði hinna gömlu goða var þetta ekki nema sjálfsagt. Kristnir menn höfðu þar ekkert að gera. Þeir höfðu sagt sig úr þingi gömlu goðanna í þing

1) Til eru nefndir Þorvarðr Spakböðvarsson úr Skagafirði, Hlenni hinn gamli úr Eijafirði, Gestr Oddleifsson af Barðaströnd, Ormr Koðransson, primsigndur maður, úr Borgarfirði, og Þorleifr hinn kristni úr Austfirðingafjórðungi. Ekki er þess getið í sögum vorum, að þessir menn hafi gert neitt annað á þinginu enn gengist undir heit það, er kristnir menn unnu og síðar mun verða frá sagt.

með hinum níju höfðingjum, keppinautum þeirra. Og hvað gat þessum níju höfðingjum gengið til að koma á þingið annað enn að vekja þar óspektir og uppreisn eins og firra sumarið. Þeir áttu þar engum lögskilum að gegna, þeir höfðu sín þing í hjeruðunum út af fyrir sig. Vjer göngum því að því vísu, að engir kristnir menn hafi verið á þinginu, fyr enn þeir komu þar allir í einu ásamt Gizuri og Hjalta, og að *allir kristnir menn hafi fyrir þingið verið búnir að mæla sjer mót — í Vellankötlu.* Staðurinn er mjög vel valinn, liggur rjett hjá Hrafnagjá, ágætu vígi, ef til þurfti að taka; þar að auki er hann hæfilega langt frá þingstaðnum, og þar koma saman vegir úr öllum áttum, sem fara mátti án þess að koma nálægt Þingvelli. Vellankatla liggur á þjóðleið fyrir alla þá, sem komu úr suður- og austursveitum. Þeir sem komu að norðan eða vestan úr Borgarfirði og sveitunum þar fyrir vestan áttu samleið með þeim, sem til alþingis fóru, ofan á Hofmannaflöt. Enn þar skiftust vegir. Beini vegurinn til alþingis, sem oftast var farinn af þingmönnum í fornöld, liggur suður með Ármansfelli, svo hjá Sleðaási niður um Múla, yfir Almannagjá á Leinistíg, svo niður á Leirana ofan Fögrubrekku og þá niður á Þingvöll. Hinn vegurinn af Hofmannafleti lá austur yfir hraunið undir Hrafnabjörg og hjá Raftahlíð og þaðan austur á Hrafnabjargaháls undir Reiðarmúla til Gjábakka og þaðan í Vellankötlu, enn frá Vellankötlu lá svo vegurinn yfir hraunið vestur á Þingvöll hjer um bil á sama stað og nú (hjá Skógarkoti).[1] Þennan austari veg hafa kristnir menn, þeir sem að norðan og vestan komu, farið til Vellankötlu, og var ekki hætt við, að þeir á honum rækist á þingreiðarsveitir heiðinna manna, af því að vegurinn er svo afskektur. Þeir sem komu úr hinum syðri sveitum við Faxaflóa gátu farið tvær leiðir að Vellankötlu, *annaðhvort*

1) Þessum tveim vegum er greinilega lýst í Sturlungu ([1]I 39. bls. [2]I 32. bls.) og af Sigurði Vigfússini í Árbók fornleifafjelagsins 1880—81, 22. og 34. bls.

firir norðurendann á Þingvallavatni ifir Öxará niður við vatnið, hinn svonefnda Hallveg,[1] enn hann lá rjett fram hjá þingstaðnum, *eða* firir sunnan Þingvallavatn um Grafning og ifir Sogið eða Álftavatn og þaðan norður í Vellankötlu, og þurfti ekki að óttast heiðna þingreiðarflokka á þeirri leið. Hjer hefur þá kristni flokkurinn mælt sjer mót, og þangað koma þeir Gizurr að öllum líkindum laugardaginn 22. júní,[2] því að það virðist hæfilegt að ætla þeim 3 daga (fimtudag, föstudag og laugardag) úr Landeijunum með töfinni þar, og ef til vill viðdvöl í Skálholti, heimili Gizurar, liðssafnaði o. s. frv. Þessi dagur virðist mjer einmitt líklegur til að hafa verið hinn ákveðni samkomudagur kristnu flokkanna af öllu landinu, því að líkindi eru til, að kristnir menn hafi farið á stað svo sem 2 dögum síðar enn heiðnu goðarnir í grend við þá og meginsveitir þeirra, sem áttu að koma á Þingvöll eigi síðar enn á fimtudaginn, og ætlað sjer tímann, að koma í Vellankötlu svo sem tveim dögum síðar enn goðasveitirnar á Þingvöll. Þurfti þá ekki að óttast, að fundum bæri saman á leiðinni.

Sje nú þetta svo, sem engin ástæða virðist vera til að efast um, hafi kristnir menn um alt land firirfram talað sig saman um að finnast að ákveðnum degi til að ríða á þing hinna heiðnu goða og fjölment til fundarins, þá er auðsjeð að hjer er að ræða um almenn samtök firirfram, hjer er flokkur, sem kann að hlíða foringjum sínum, hjer eru foringjar, sem vita hvað þeir vilja og kunna að skipa — ekkert er gert af handahófi. Ekki getur það heldur verið af hendingu komið, að þeir Gizurr og Hjalti skunda þegar úr Vestmannaeijum í land og fara svo sem fljótast þeir geta til alþingis. Þeir hljóta að hafa vitað af þessari stefnu firirfram,

1) List hjá Sigurði Vigfússini í Árb. fornlf. 1880—81, 32.—33. bls.

2) Þetta kemur heim við tímareikning þeirra Jóns Sigurðssonar og Guðbrands Vigfússonar, og filgi jeg honum einnig hjer á eptir, því að mjer finst hann vera að öllu samtöldu sennilegastur. Fullkomna vissu er ekki unt að fá.

áður enn þeir fóru úr Noregi, og kristni flokkurinn hjer á landi hlítur sömuleiðis að hafa átt von á þeim. Þó er ekki víst, að þeir Gizurr hafi vitað um samkomudaginn nje staðinn, fir enn þeir komu, enn um hitt hafa þeir vitað, að kristni flokkurinn ætlaði að fjölmenna til þings og koma saman nálægt þingstaðnum um þetta leiti. Líklegast þikir mjer, að meginatriðin í ráðagerð þessari hafi verið ákveðin og bundin fastmælum af kristna flokknum, áður enn hann skildi, rjett eftir alþingi 999, og skal jeg nú skíra frá, hvernig jeg hugsa mjer afstöðu viðburðanna.

Á þingi 999 höfðu kristnir menn orðið að lúta í lægra haldi firir heiðna flokknum, er þeir gátu ekki tálmað því, að einn af þeirra bestu mönnum irði gerður sekur fjörbaugsmaður. Munu þeir hafa unað þessu illa, enn þó ekki verið vonlausir, af því að þeir höfðu sjeð veilu á mótflokkinum og að hann hafði haft fult í fangi með þá, þó færri væru. Það má nærri geta, að mörgum af þessum mönnum var það brennandi áhugamál að snúa löndum sínum heiðnum til kristni, því að engir eru ákafari trúboðar enn nígræðingar í trúnni. Hins vegar má ekki heldur gleima því, að hjer var ekki eingöngu um trúarmálefni, heldur og um landstjórnarmál, pólitiskt mál, að ræða. Kristnir menn vóru rjettleisingjar í hinu heiðna islenska ríki, gátu engan þátt tekið í almennum landstjórnarmálum, ekki í hinum lögmætu þingum, vorþingum eða alþingi, ekki náð rjetti sínum hjá heiðnum mönnum nema með sætt og samkomulagi eða með því að sækja hann á vopnaþingi í greipar hinna gömlu goða. Að vísu höfðu þeir þing sjer og höfðingja sjer. Á þingunum gátu þeir náð rjetti sínum hver á öðrum, enn gagnvart öðrum mönnum enn þeim, sem vóru í sama þingi eða að minsta kosti í einhverju hinna níju þinga, vóru þeir rjettlausir. Þessi þing stóðu firir utan lands lög og rjett. Þetta ástand var óþolandi til lengdar, firir alla, smáa og stóra, enn þó einkum firir hina *níju höfðingja*. Firir þá var hjer að tefla um tilveru eða glötun. Það

gefur að skilja, hvílík ógurleg hætta vofði ifir þessum smáríkjum, sem mindast höfðu á við og dreif um landið, ef heiðni flokkurinn, sem var fjölmennari og kringdi um þessi ríki á alla vegu, tæki rögg á sig og gerði samband um að eiða þeim með oddi og egg. Enn við því mátti einmitt búast eftir aðfarirnar á alþingi 999. Hinir níju höfðingjar sáu því, að hjer var annaðhvort að gera, að hrökkva eða stökkva. Annaðhvort urðu þeir að hnekkja goðavaldinu eða sjálfir að láta völd sín og jafnvel líf. Þeirra helsti stirkur var hin öfluga samheldni og trúarákafi, sem átti sjer stað í hinum fámennara kristna flokki, enn hins vegar var veila heiðna floksins helst í því fólgin, að þeim kom ekki saman, sumir vóru ákafir trúmenn og vildu ganga milli bols og höfuðs á kristnum mönnum, sumir vóru hálfvolgir, sumir alveg kaldir. Það má því ganga að því vísu, að kristni flokkurinn hafi ekki skilið svo eftir þingið 999, að þeir hafi ekki áður reint að treista og triggja með sjer þetta bræðraband, sem var þeirra helsti stirkur. Þá hefur það verið bundið fastmælum að standa hver með öðrum sem einn maður og hafa á sjer sterka vörðu og veita hver öðrum, ef á einn irði ráðist. Þá hafa menn gert samtök um að fjölmenna sem mest til næsta alþingis og láta þá til skarar skríða við heiðna flokkinn og róa að því öllum árum að hnekkja þá valdi goðanna. Enn hins vegar hafa þeir sjeð, að við ofurefli var að etja, og að tæpast var von um, að kristni flokkurinn hjer á landi mundi verða einhlítur til sigurs, ef hann fengi ekki hjálp og stuðning að utan. Því hafa þeir ráðið að gera sendimenn á fund Ólafs konungs og fá aðstoð hjá honum. Þetta hefur auðvitað átt að fara leint. Til þessarar sendiferðar var Hjalti sjálfkjörinn, þar sem hann varð, hvort sem var, að fara utan til að fullnægja dóminum, svo að slíkt gat engri grunsemd valdið. Enn þá var ekki heldur neinn annar betur til fallinn að fara með honum enn Gizurr, bæði sakir persónulegra eiginlegleika, varkárni og stiilingar, sem þurfti til að halda aftur af Hjalta,

lagkænsku og lipurðar, higni og ráðdeildar, og sakir frændsemi hans við konung, og loks af því að líklegt var, að fáir mundu renna grun í erindið, þó að Gizurr færi með tengdasini sínum. Eigi vitum vjer nú, hvert umboð hinir níju höfðingjar hafa gefið þessum 2 sendimönnum firir sína hönd til samninga við konung, ef hann skildi áskilja sjer stirk þeirra til að ná ifirráðum ifir landinu. Vera má, að þeim hafi engar reglur verið settar, enn nærri má geta, að níju höfðingjarnir hafa heldur kosið að þjóna kristnum konungi í fjarska enn beigja knje firir heiðnum keppinautum sínum innlendum. Hefur það verið lagt firir sendimenn, að þeir skildu vera komnir aftur firir næsta alþingi með þann liðsstirk, sem konungur vildi veita.

Við þetta hafa þeir Hjalti og Gizurr farið til Noregs. Ekki vitum vjer nú, hvað þeim og Ólafi konungi hefur farið á milli, eða hvaða skuldbindingar þeir hafa undirgengist við konung firir hönd floksbræðra sinna. Enn líkur eru til, að hann hafi áskilið sjer ifirráð ifir landinu. Á það bendir sumt í sögum vorum, svo sem það, að konungur lætur Gizur sitja *inhar enn lenda menn* firir ádrikkju sinni, líklega ekki af eintómri frændsemi, heldur af því að hann hefur ætlað Gizuri hærri tign enn lendum mönnum; í sömu átt virðist það stefna, að hann fær þeim Gizuri fje í hendur „til að *vingast við* höfðingja“, og það sem sagt er, að þeir hafi farið út „með *konungs erindi*“. Vjer vitum líka, að þegar Ólafr konungur kristnaði Sigurð Hlöðvisson Orkneijajarl, þá áskildi hann um leið, að hann gerðist sinn maður,[1] og þegar hann sendi Sigmund Brestisson til Færeija, þá „skipaði konungur hann valdsmann ifir allar Færeijar“, og fjekk honum kennimenn að skíra fólkið,[2] enda geldur Sigmundr konungi síðan skatt af eijunum. Líka skildaga má ætla að konungur hafi

1) Hkr. ÓT. 52. k. Munch, Det norske folks historie I. 2, 259. bls.
2) Færeiinga s. 30. k., Kh. 1832, 140. bls. ÓT. Fms. II. 123. bls. Flat. I. 365. bls.

sett þeim Gizuri og Hjalta.[1] Þeir fara síðan til Íslands og hitta kristna flokkinn í Vellankötlu 22. júní.

Meðan þeir vóru burtu, hefur Síðu-Hallr verið forsprakki kristna floksins heima firir. Það er eflaust hann, sem hefur haldið honum svo vel saman og látið út ganga skipun um alt land til hinna níju höfðingja að vera komnir að ákveðnum degi í Vellankötlu.

Enn hverjir eru þeir „frændur og vinir“ (Ari), sem þeir Gizurr gera orð eftir til alþingis, og komu til móts við þá í Vellankötlu, úr því það geta ekki verið kristnir menn? Auðvitað liðhlaupar úr heiðna flokknum, sem menn áttu sjer vísa firirfram. Einn af þeim má ákveða með fullri vissu, og er það Ásgrímr Elliðagrímsson, sistursonur Gizurar, sem tekur hann í búð sína. Annar maður higg jeg hafi verið Þóroddr goði frá Hjalla, sem „veitti Gizuri að hverju máli“.[2] Vjer höfum áður sínt líkur til, að hann hafi verið í þann veginn að mægjast við Gizur um þessar mundir, og bráðum munum vjer sjá vott um það, að hann muni hafa gengið í lið með kristnum mönnum og filt flokk þeirra á þinginu. Það mun vera endurminningin um þetta, sem liggur til grundvallar firir sögusögninni hjá Þóri (Theodr.) munki, að Þóroddr hafi verið skírður af Þangbrandi, sem vafalaust er rangt, því að annars mundi þess vera getið af Ara eða í Kristni sögu og Ólafssögu. Njála segir um Þórodd, að hann hafi „þótt nokkuð grálindur og slægur“,[3] og má vera, að hann hafi fengið það orð á sig við þetta tækifæri. Ef þetta

1) Merkilegt er það og, að mörgum árum síðar, þegar Ólafr helgi í birjun ríkisstjórnar sinnar tók að hæna að sjer Íslendinga í því skini að ná landinu á sitt vald, sem síðar kom fram, og sendi orð Skafta lögsögumanni og þar með „vinsamleg orð öllum landsmönnum“, — þá var Hjalti Skeggjason hinn firsti maður, er hann bað að koma á sinn fund (Hkr. Óh. 58. k.). Má ætla, að hann hafi heirt um samninga þeirra Gizurar og Hjalta við Ólaf Tryggvason og viljað herma uppá Hjalta loforð þau, er þá kunna að hafa verið gefin Noregskonungi.

2) Njála k. 56⁶.

3) Njála k. 56⁵.

er rjett til getið um þá Ásgrim og Þórodd, þá er merkilegt, að *allir höfðingjar úr Árnesþingi* hafa verið í kristna flokknum, þegar hann reið á þing. Hverjir fleiri eða hvort fleiri úr heiðna flokknum hafa gengið í lið með kristnum mönnum, verður nú ekki sagt. Enn það hefur haft eigi litla þýðingu, að svo margir höfðingjar úr jafnfjölmennu hjeraði og svo nálægt þingstaðnum vóru kristninni filgjandi, því að geta má nærri, að þaðan hafa komið tiltölulega miklu fleiri menn til þings enn úr fjarlægari hjeröðum. Hefur það verið álitleg viðbót við kristna flokkinn og skarð í hinn heiðna, þegar þeir Þóroddr og Ásgrímr snerust í lið með þeim Gizuri, og verður nú skiljanlegt, hvers vegna heiðingjum fjellust hendur að ráðast á kristna menn, þegar þeir komu á þingið. Við þetta fráhvarf tveggja heiðinna goða hlaut að slá á hina floksbræður þeirra óhug og felmtri; þeir vissu nú ekki framar, hverjum þeir máttu treista, vissu ekki, nema fleiri í flokknum kynnu að búa illir svikum, og grunuðu hverir aðra, og ekki síst þá, „sem vildu skirra vandræðum“, eins og Kristni saga kemst að orði. Hlaut slíkt að lama allar framkvæmdir heiðna floksins.

Það hlítur að hafa verið óvær nótt á Þingvelli, hin bjarta íslenska sumarnótt milli laugardags og sunnudags 22. og 23. júní. Flokkarnir hljóta að hafa legið með vopnum í búðunum hjer og þar um þingvöllinn, og mun fáum hafa komið dúr á auga, er menn biðu með óþreiju næsta morguns, þegar hin mikla barátta átti að birja, baráttan, sem ef til vill átti að skera úr því, hvort Ísland skildi vera heiðið eða kristið, og hvort gömlu goðarnir eða hinir níju höfðingjar skildu ráða lögum og lofum í landi. Margar heitar bænir hafa á þeirri nótt stigið upp frá kvíðafullum sálum, bæði til guðs kristinna manna og til hinna heiðnu goða. Líklegt er, að þá þegar um nóttina hafi farið orðsendingar milli hinna spakari höfðingja úr báðum flokkunum. Enn þetta og því um líkt getum vjer nú að eins ímindað oss, vjer vitum því

miður ekkert um það. Því skulum vjer nú taka aftur upp þráð frásagnarinnar eftir heimildarritunum, þar sem vjer sleptum honum.

Loksins ljómaði sól á Þingvöll sunnudaginn 23. júní. Hið firsta, sem kristni flokkurinn gerði um morguninn, var að stirkja sig með bæn til guðs og hlíða messu, sem Þormóðr prestur og klerkar hans sungu á Gjábakka (austurbarmi Almannagjár). Þessa messu má skoða sem helgun þingsins af hálfu kristna floksins. Eftir messuna gekk allur kristni flokkurinn til lögbergs, og vóru í göngunni 7 prestar skríddir og báru firir sjer krossa tvo mikla. Að lögbergi var allur þingheimur. Hinir lærðu menn veifuðu reikelsiskerum, og er sagt, að reikelsisilminn hafi lagt jafnt á móti vindi sem með.[1] Þá „báru þeir Hjalti og Gizurr upp erindi sín; enn svo er sagt, að það bæri frá, hvo vel þeir mæltu“ (Ari). Fluttu þeir mjög djarflega „erindi Ólafs konungs um kristniboðið“ (Ólafssaga). „Enn svo mikil ógn filgdi orðum þeirra“, segir Kristni s., „að engir óvinir þeirra þorðu að tala móti þeim“. „Enn það gjörðist af því, að þar nefndi annar maður að öðrum votta og sögðust hvorir úr lögum við aðra, hinir kristnu menn og hinir heiðnu“ (Ari). „Þá kom maður hlaupandi á þingið og sagði, að jarðeldur var upp kominn í Ölfusi og mundi hann renna á bæ Þórodds goða. Þá tóku heiðnir menn til orðs: „Eigi er undur í að goðin reiðist tölum slíkum“. Þá mælti Snorri goði: „Um hvað reiddust goðin þá, er hjer brann hraunið, er nú stöndum vjer á?““ (Kristni s. og Ólafss.). „Síðan gengu menn frá lögbergi“ (Ari). „Söfnuðust þá saman þeir, er við kristni höfðu tekið, og í annan stað hinir heiðnu“ (Ólafss. Odds sú í Höfn). „Þá báðu hinir kristnu menn Hall af Síðu, að hann skildi lög þeirra upp segja, þau er kristninni skildi filgja, enn hann leistist því undan við þá, að hann keipti að Þorgeiri lögsögumanni, að

1) Ari getur ekki um messuna nje skrúðgöngu prestanna nje um reikelsis brensluna.

hann skildi upp segja, enn hann var enn þá heiðinn“ (Ari). Kristni s. og Ólafss. bæta því við, að Hallr hafi gefið Þorgeiri hálft hundrað silfurs[1] til þess, að hann segði upp. Ólafssaga segir, að Hallr hafi áskilið það við Þorgeir, að hann skildi hafa þessi þrjú atriði í uppsögu sinni: 1) að allir menn skildu kristnir vera á Íslandi og skírn taka, þeir er áður vóru óskírðir, 2) að hof öll og skurðgoð skildu óheilög, og 3) að fjörbaugsgarð skildi varða blót öll, ef vottföst irði. „Enn síðar, er menn komu í búðir, þá lagðist hann niður Þorgeirr og breiddi feld sinn á sig og hvíldi þann dag allan og nóttina eftir og mælti ekki orð“ (Ari). Enn heiðnir menn áttu stefnu fjölmenna og rjeðu ráðum sínum, hvernig þeir skildu fá í móti staðið kristniboðinu, og kom þeim ásamt um, að þeir skildu heita fast á goðin og velja til 2 menn úr fjórðungi hverjum að fórnfæra goðunum, til þess að þau ljeti eigi kristni ganga ifir landið. Þeir Hjalti og Gizurr áttu aðra stefnu við kristna menn og ljetust vilja hafa líka mannblót jafnfjölment og heiðnir menn; skildu tveir menn úr hverjum fjórðungi gefa sjálfa sig Kristi í sigurgjöf og helga lifnað sinn guði, og kváðust þeir Hjalti og Gizurr vera fúsir til að ganga til sigurgjafarinnar firir sinn fjórðung. Enn firir Austfirðingafjórðung gáfu sig fram þeir Síðu-Hallr og Þorleifr úr Krossavík, og úr Norðlendingafjórðungi Hlenni hinn gamli og Þorvarðr Spakböðvarsson. Enn úr Vestfirð-

1) Ef það er rjett, að hundrað silfurs sje sama sem hundrað (o: 120) *aurar* silfurs, þá hefur upphæð þessi vegið jafnmikið og 480 kr. danskar [Njála segir, að upphæðin hafi verið 3 merkur silfurs (= 24 aurar = 96 kr.), enn elsta heimildin (Oddr í Hafnarbók), að hún hafi verið hálfmörk silfurs (= 4 aurar = 16 kr.), og virðist sú upphæð hlægilega lítil]. Svo reiknar Valtýr Guðmundsson í Germanist. abhandlungen zum 70. geburtstag Konr. v. Maurers 547. bls. Jón Sigurðsson o. fl. telja hálft hundrað silfurs jafnt 10 aurum (= 40 kr. að silfurþingd), og læt jeg ósagt, hvort rjettara er. Hvernig sem talið er, þá er líklegt, að þetta sje ekki að skoða sem mútu, heldur sem lögsögumans laun, enn þau vóru síðar á þjóðveldistímanum einmitt 2 hundruð (= 240) álna vaðmála, sem er sama sem 10 aurar silfurs eftir þeim reikningi, sem tíðkaðist um 1000 (Bisk. I 22. bls. 1. nmgr.).

ingafjórðungi gaf sig first ekki fram nema einn maður, Gestr hinn spaki Oddleifsson, uns Ormr Koðransson, bróðir Þorvalds hins víðförla, gekk fram og sagði: „Verða mundi maður til þessa, ef Þorvaldr bróðir minn væri samlendur við mig, enn nú mun jeg til ganga, ef þjer viljið við mjer taka“. Ormr hafði ekki viljað taka skírn af Þorvaldi bróður sínum, þegar hann var hjer, enn síðan hafði hann látið primsignast. Er sagt, að hann hafi um þessar mundir verið heimamaður hjá mági sínum, Hermundi Illugasini á Gilsbakka í Borgarfirði, er átti dóttur hans eða sistur. Kristnir menn tóku feginshendi boði Orms, og var hann þegar skírður.[1]

„Enn um *morguninn eftir (o: 24. júní)* settist Þorgeirr upp — þar sem hann lá undir feldinum í búð sinni — og gerði orð, að menn skildu ganga til lögbergs. Enn þá hóf hann tölu sína upp, er menn komu þar, og sagði:

*að honum þótti þá hag manna komið í ónítt efni, ef menn skildi eigi hafa allir lög ein á landi hjer, og taldi firir mönnum á marga vega, að það skildi eigi láta verða, og sagði, að það mundi að því ósœtti verða, er vís von var, að þær barsmíðir gerðust á milli manna, er landið eiddist af. Hann sagði frá því, að konungar úr Noregi og Danmörku höfðu haft ófrið og orustur á milli sín langa tíð, til þess uns landsmenn gerðu frið á milli þeirra, þótt þeir vildi eigi, enn það ráð gerðist svo, að af stundu sendust þeir gersemar á milli, enda hjelt friður sá, meðan þeir lifðu. ‚Enn nú þikir mjer það ráð‘ kvað hann, ‚að vjer látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál milli þeirra, að hvorirtveggja hafi nokkuð til síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vjer slítum í sundur lögin, að vjer munum slíta og friðinn‘.*

Enn hann lauk svo máli sínu, að *hvorirtveggja játtu því, að allir skildi ein lög hafa, þau sem hann rjeði*

1) Allan þennan kafla um mannblót heiðingja og heit kristinna manna vantar í Ara, og er hann tekinn úr Kristni s. og Ólafss.

*upp að segja.* — Þá var það mælt í lögum, *að allir menn skildi kristnir vera og skírn taka, þeir er áður vóru óskírðir á landi hjer, enn um barna útburð skildu standa hin fornu lög, og um hrossakjötsát. Skildu menn blóta á laun, ef vildu, enn varða fjörbaugsgarð, ef vottum kæmi við*".[1] „Vóru þá allir menn primsignðir, þeir er þar vóru á þinginu, og margir skírðir, þeir er áður vóru heiðnir, enn því eigi þar allir, að Norðlendingar og Austfirðingar vildu eigi fara í kalt vatn, og vóru þeir margir skírðir við laug að Reikjum í Laugardal. Hjalti Skeggjason veitti guðsifjar Runólfi goða Úlfssini, er hafði sótt hann til sektar firra sumarið. Enn er hann var skírður, þá mælti Hjalti: ‚gömlum kennum vjer nú goðanum að geifla á saltinu'".[2] Allur þingheimur var skírður á heimleiðinni. Flestir Vestanmenn vóru skírðir í Reikjalaug í Reikjadal siðra (Lunda-Reikjadal). Snorri goði kom mestu á leið við Vestfirðinga.[3]

---

1) Allur þessi kafli um fundinn að lögbergi og ræðu Þorgeirs er tekinn orðrjett eftir Ara. Í Ólafss. er ræðan lík að efni, enn útflúruð með málskrúði eftir Gunnlaug munk. Fleiri slíkar ræður hefur Gunnlaugur fljettað inn í frásögn sína og lagt í munn Hjalta eða Hjalta og Gizuri. Kristni s. virðist ekki hafa verið mikið um þessa klerklegu málsnild gefið og stittir ræðurnar. Slíku geng jeg alveg framhjá. Ólafssaga bætir því við úrskurð Þorgeirs, að „hof öll og skurðgoð skulu vera óheilög og niðurbrotin". Er ekkert á móti því, að það hafi verið í uppsögn Þorgeirs, enda felst það óbeinlínis í ákvæðinu um bann gegn opinberum blótum, að alt, sem heirði til opinberra blóta, hof og skurðgoð, skuli óheilagt. Njála segir það rangt, að þá þegar hafi verið bannaður barnaútburður og hrossakjötsát.

2) Þetta — milli tilvísunarmerkjanna — eftir Ólafssögu, sem er samhljóða Kristnisögu að efni. Orð Hjalta um skírn Runólfs lúta að því, að það var venja að láta þá, sem skírast áttu, bergja á salti til að minna á orð Krists: ‚Þjer eruð salt jarðar'.

3) Þetta síðasta eftir Kristni s. (sbr. Eyrb. 49. k.). Um ferð þeirra Hjalta og Gizurar til Noregs og kristnitökuna árið 1000 sjá Íslendingabók 7. k. ÓT. Fms. II 206.—211. og 232.—244. bls. Flat. I 427.—429. og 441.—447. bls. Kristni s. 10.—11. k. Njála 104.—105. k. Odds Ólafssaga Hafnarbók (Kría 1895) 58.—63. b's. (Fms. X 294.—300. bls.). Stokkhólmsb. (Kría 1853) 32.—33. bls. Hkr. ÓT. 88.—91. og 103. k. Laxd. 40.—42. k. (útg. Kålunds Kh. 143.—156. bls. Theodricus (Þórir) munkur 12. k. (Monum. hist. Norw. 20.—21. bls.) Hist. Norwegiæ

Þetta eru þá meginatriðin í frásögn heimildarrita vorra frá hinum merkilegu viðburðum, er gerðust 23.—24. júní árið 1000 á alþingi Íslendinga. Vjer megum vera hinum gömlu sagnamönnum þakklátir firir hana, eins og hún er, þó að vjer hins vegar nú mundum kjósa hana margfalt fillri og greinilegri og óska, að hún veitti oss svör til ínsra vafasamra spurninga, sem vakna hjá oss við lesturinn, og varpaði skæru ljósi ifir íms merkileg atriði, sem nú eru vafin mirkri eða þá aðeins daufri rökkurbirtu. Vjer skulum nú virða betur firir oss frásögnina og reina að krifja hana til mergjar, eftir því sem oss er unt. Vjer göngum að því vísu, að alt sje áreiðanlegt, svo langt sem það nær, er Ari segir, þar á meðal meginatriði þau, sem hann greinir úr ræðu Þorgeirs, og vjer munum ekki heldur að ástæðulausu rengja viðauka þá við sögu Ara, sem finnast í öðrum heimildarritum.

Hjer eru tvær spurningar, sem sagnafræðinni fremur öllu öðru er áríðandi að fá svarað, enn hinir fornu sagnamenn svara aðeins óbeinlínis, til hálfs og í þoku. Þessar spurningar eru: Hvernig stendur á því, að samkomulag næst að lokum, svo óvænlega sem á horfist í firstu, þar sem kristnir menn og heiðnir segja sig úr lögum hvorir við aðra? Og í annan stað: Hvernig stendur á því, að samkomulagið verður svo eindregið í vil kristnu trúnni? Hvað kemur til, að sjálfur lögsögumaður heiðna floksins, gamall goði, kveður það upp, að allir heiðnir menn skuli láta skírast, og að floksbræður hans, bæði höfðingjar og alþíða, una við þennan úrskurð og fullnægja honum, og það þó að svo sje að sjá, sem heiðni flokkurinn á þinginu hafi verið fjölmennari enn hinn kristni?[1] Skal nú reint að svara þessum spurningum, eftir því sem föng eru á.

---

í Monum. hist. Norw. 116. bls. Fagrsk. 71. k. 57. bls. Hallfr. s. 5. k.

1) Theodricus (Þórir) munkur segir, að kristni flokkurinn hafi verið mjög fámennur („minima manus"), enn *það* er auðvitað orðum aukið.

Vjer höfum þegar áður sint rök til, að í báðum flokkum hafi verið bæði æsingamenn og stillingarmenn eða hófsmenn. Í kristna flokknum er Hjalti firir hinum æstari, enn Hallr af Síðu firir hinum stiltari — Gizurr virðist hafa verið bil beggja. Í heiðna flokknum hafði Runólfr úr Dal verið firir æsingamönnum á alþingi 999, enn á þessu þingi ber ekkert á honum, líklega af því að sonur hans var í gislingu. Samt sem áður sjest, að allmargir hafa verið mjög æstir í heiðna flokknum; það eru þeir, sem vilja láta skríða til skarar, þegar kristnir menn koma á þingið, þó að stillingarmennirnir fengi afstirt því. Í ræðu sinni hjá Ara talar Þorgeirr og beinlínis um þá menn úr báðum flokkum, „er mest vilja í gegn gangast“, og á hann þar bersínilega við æsingamennina beggja megin. Það sjest því miður ekki á frásögninni, hvaða höfðingjar vóru firir hinum æstari í heiðna flokknum. Enn hitt leinir sjer ekki, hverjir vóru firir hinum stiltari í þessum flokki. Það var first og fremst lögsögumaðurinn sjálfur, Þorgeirr Ljósvetninga goði, og þar næst Snorri goði Þorgrímsson, og sínir niðurstaðan, sem varð á endanum, að þeir hafa ráðið firir mjög öflugum flokki meðal heiðinna manna. Þorgeirr goði var sonur Þorkels leifs hins háva Þórissonar, þess er nam Ljósavatnsskarð, Grímssonar gráfeldarmúla af Rogalandi. Í móðurætt var hann frá Gnúpa-Bárði, þeim er first nam Bárðardal og síðan fór firstur manna suður Sprengisandsveg um Vonarskarð og nam Fljótshverfi. Hann hafði verið lögsögumaður, síðan Þorkell máni ljet af, og var þetta hið 16. lögsöguár hans. Sínir það, að hann hefur verið talinn með spökustu og lögfróðustu höfðingjum á sinni tíð. Hann virðist hafa verið orðinn gamall maður um þessar mundir. Nokkru áður hafði hann átt í deilum við sini sína, sem vóru uppivöðslumenn miklir, og er svo að sjá, sem Þorgeirr hafi átt bágt með að hafa hemil á þeim, og ekki verið neinn sjerlegur skörungur í hjeraðstjórn heima firir, enda

hefur hann þá verið farinn að eldast[1]. Snorri goði, sonur Þorgríms Þorsteinssonar þorskabíts, Þórólfssonar Mostrarskeggs, var af einhverri hinni göfgustu ætt á landinu; í móðurætt var hann af Breiðfirðingakini (ætt Ara fróða), er taldi kin sitt til Ynglinga. Hann er svo alkunnur úr sögum, að honum þarf ekki að lísa. Mun hann hafa verið einhver hinn higgnasti höfðingi á sinni tíð, og er riðinn við flest stórtíðindi, sem gerðust á hans dögum[2]. Hann var um þetta leiti maður á besta aldri, hjer um bil hálffertugur[3]. Að hann hafi verið bæði fljótur til svars og findinn, sjest á svari því, er hann veitti heiðnum mönnum út af umtali þeirra um jarðeldinn. Enn svarið sínir líka, að hann var laus við hjátrú og hleipidóma, og um fram alt, það sem oss stendur hjer á mestu, að hann var einn af hófsflokkinum meðal heiðingja. Þessi orð Snorra eru eflaust rjett hermd. Þau eru svo einkennileg, að þau hlutu að geimast í minni. Enn að öðru leiti virðist sagan vera lítið eitt ónákvæm. Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi hefur sínt líkur til, að Hjalli í Ölfusi muni aldrei hafa verið í neinni hættu af jarðeldi, og að það muni hafa verið Hraun, sem nú er kallað, er eldurinn stefndi að, enn sá bær var í grend við Þórodd goða og ef til vill eign hans eða bústaður[4]. Það sem heiðnir menn segja, er þeir

1) Ljósv. s. 1.—4. k. (Ísl. forns. I 113.—126. bls.)

2) Sbr. hina ágætu lísing á Snorra í Eyrb. 15. k.

3) Hkr. Prologus.

4) Árb. Fornleifafjel. 1895, 24.—29. bls. Mjer þikir þó viðurlitamikið að hafna því, sem sögur vorar segja, að Þóroddr hafi búið að Hjalla, t. d. önnur eins saga og Hungrvaka (Bisk. I 60. bls.). Enn hitt þikir mjer mjög líklegt, að Hraun hafi verið eign Þórodds goða og fengið nafn sitt af hrauninu, sem rann árið 1000 rjett hjá bænum, enn heitið áður öðru nafni, líklega, eftir legu sinni, „*at Álfósi*“, eins og Brynjólfur getur til. Verið getur, að Þorgrimr Grímólfsson, afi Þórodds, bróðursonur Álfs hins egðska, hafi búið þar í firstu og jörðin síðan gengið í ættinni. Merkilegt er, að hvorki Kristni s. nje Ólafssaga nafngreina bæinn sem hraunið stefndi á, heldur kalla hann að eins: „*bæ* Þórodds goða“, og getur það í rauninni eins vel verið eignarjörð hans eins og bústaður. Sögurnar eru báðar runnar frá latínsku frumriti (Gunnlaugs munks); líklega hefur þar staðið *fundus* eða *prædium*, sem getur alt eins vel táknað eignarjörð eins og bæ.

heira, að jarðeldurinn stefni á bæ (eða eign?) Þórodds, virðist sömuleiðis vera nokkuð afbakað. Hvernig gat nokkur skinsamur maður látið sjer það um munn fara, að goðin reiddist tölum *kristinna manna* á þinginu firir það, þó að jarðeldur stefndi á bæ *heiðins goða*? Til þess lá beint við það svar frá hálfu kristinna manna, að úr því eldurinn stefndi að bæ hins heiðna goða, þá mundu goðin vera reið heiðninni og heiðnum mönnum. Og hvernig getum vjer hugsað oss, að Snorri, sem þá var enn heiðinn, hafi „á þessu stigi málsins“ tekið í heiranda hljóði málstað andstæðinga sinna, Hjalta og Gizurar? Nei, hinir heiðnu menn hljóta að hafa sagt eitthvað á þessa leið: „Eigi er undur í, að goðin reiðist *Þóroddi*, svo sem hann hefur komið fram gagnvart oss og goðunum“. Þá er eðlilegt, að Snorri svari, þegar ráðist er á mann, sem í raun og veru heirir til líkri stefnu og hann í heiðna flokknum, þó að Þóroddr hafi þá að öllum líkindum verið búinn að ganga feti framar enn Snorri, ef það er rjett, sem vjer höfum sint líkur til, að hann hafi verið einn af þeim mönnum, sem snerust í lið með kristna flokknum á laugardagskvöldið. Þessi saga er því til mikillar stirkingar, að heiðnir menn hafi verið reiðir Þóroddi, og að ástæðan sje sú, sem jeg hef sint hjer að framan. Á bak við hana liggur óljós endurminning um svik Þórodds á þinginu, og hún hlaut óhjákvæmilega að afbakast í munnmælunum mann fram af manni, þegar gleimskan hafði breitt blæju sína ifir framkomu þessa heiðna goða. Vjer höfum verið svo fjölorðir um hana, af því að hún sínir oss nokkurnveginn glögglega afstöðu beggja þessara merku höfðingja, Snorra og Þórodds, við flokkana á þinginu.

Eftir þessa stuttu, og auðvitað ófullkomnu, lísing á flokkaskipuninni á þinginu snúum vjer oss að frásögunni.

Framan af þinginu virðast æsingamennirnir í báðum flokkum hafa ifirgnæft algjörlega stillingarmennina. Þetta lísir sjer undir eins í því firir þingið, að Hjalti fær því

framgengt, þvert ofan í vilja hinna gætnari floksbræðra sinna, að honum, sekum fjörbaugsmanni, er leift að ríða á þing. Sama vanstilling lísir sjer í þeirri firirætlun heiðna floksins að verja kristnum mönnum vígi þingvöllinn, þó að það irði að engu, þegar á átti að herða, af þeim ástæðum, sem áður eru greindar. Aðfarir kristna floksins framan af sunnudeginum eru og mjög frekjulegar, og það er eins og hann vilji gera alt til að ögra og storka heiðna flokknum; lísir þetta sjer í því, að valinn er til að singja á messuna sá staður, sem einna mest bar á af öllum á þingstaðnum, enn fremur í því, að prestar í fullum skrúða með reikelsisker og krossa eru látnir taka þátt í lögbergisgöngunni, og um fram alt í því, að Hjalti, sekur maður, dirfist að nálgast þennan helga stað í fararbroddi hins kristna floks og taka þar til máls. Berlegar gat kristni flokkurinn ekki sínt það, að hann var biltingaflokkur, sem ekki hirti neitt um stjórnarskipun landsins eða lög. Að öfgamennirnir í báðum flokkum rjeðu enn mestu, sjest að lokum á því, sem gerðist eftir umræðurnar að lögbergi, er kristnir menn og heiðnir sögðust úr lögum hvorir við aðra.

Það er mikið mein, að vjer vitum ekki meira um umræðurnar að lögbergi, Ari segir ekkert frá efni þeirra, heldur að eins, að „það bæri frá“, hve vel þeir Gizur og Hjalti mæltu. Hann nefnir ekki aðra mælendur enn Gizur og Hjalta, og í þessari röð, og af því að Ari er mjög nákvæmur í frásögn sinni, virðist mega ráða af því, að Gizurr hafi first tekið til máls og þá Hjalti. Það er og í sjálfu sjer líklegra, að Gizurr hafi birjað umræðurnar heldur enn Hjalti, því að svo mikla tilfinning firir velsæmi getum vjer ætlað kristna flokknum, að hann hafi ekki látið fjörbaugsmanninn taka *firstan* til máls. Ólafssaga ein segir nokkuð frá efninu í ræðum þeirra, og segir það eflaust rjett, að þeir hafi first sagt frá ferð sinni og flutt djarflega erindi Ólafs konungs um kristniboðið, enn að öðru leiti er ræðan í Ólafssögu auðsjáan-

lega tilbúningur eftir Gunnlaug munk. Kristni s. segir, að enginn af heiðna flokknum hafi þorað að taka til máls, enn það mun ekki vera rjett hermt, því að í orðum Ara liggur óbeinlínis, að aðrir hafi talað líka, og hafa það eflaust verið heiðnir menn („þat *bar frá*, hve vel þeir mæltu“ = þeir töluðu *langt um betur enn aðrir*). Það sem gerist eftir umræðurnar og sem bein afleiðing af þeim, með öðrum orðum úrsögnin, sínir, að þær hafa ekki eingöngu snúist um kristniboðið heldur líka um stjórnarfar landsins, að í umræðunum hafa komið fram af hálfu kristinna manna harðar ákúrur til goðavaldsins, sem sæti ifir allri landstjórninni, og kröfur um að veita kristnum mönnum löghelgaða hlutdeild í henni, því að annars væri þeir tilneiddir að segja sig úr lögum við heiðna menn. Enn þessar kröfur vóru óaðgreinanlega sameinaðar við kröfuna um það, að allir, og goðarnir líka, skildu taka kristni, því að með öðru móti gátu kristnir menn ekki haft neitt löguneiti við heiðna. Þegar nú heiðnir menn neita að taka þessar kröfur kristna floksins til greina, þá er það eðlileg afleiðing af því, að kristnir menn segjast úr lögum við heiðna og heiðnir menn svara í sömu mint. Úrsögnin er því að eins skiljanleg, að kröfur þessar sjeu gengnar á undan, og er Hjalti líklegri enn Gizurr til að hafa borið þær fram. Þegar hann tók til máls, má ætla, að óhljóð mikið hafi orðið í heiðna flokknum og óp, að hann skildi þegja, sekur maðurinn, enn hann hafi svarað einhvernveginn á þá leið, að það væri fleiri enn hann, það væri allir flokksbræður sínir, sem stæði firir utan lands lög og rjett, og krafist þess, að bót irði á ráðin með því að allir tæki kristni og gömlu höfðingjarnir veitti hinum nýju hlutdeild með sjer í landstjórninni. Ekki sjest, að þeir Gizurr og Hjalti hafi hreift neitt eða mælt fram með ifirráðum Ólafs konungs ifir landinu, enda var það higgilegt að minnast ekki á það first um sinn, enn ekki er óliklegt, að þeir hafi látið drjúglega

ifir þeirri aðstoð, sem kristni flokkurinn ætti vísa hjá konungi.

Þá kemur úrsögnin. Hún er í raun rjettri ekki annað enn ifirlísing frá báðum flokkunum, gerð á alsherjarþingi, um það, *sem þegar hafði sínt sig áður*, að ekkert löguneiti gæti átt sjer stað milli kristinna manna og heiðinna. Hinir níju höfðingjar lísa því hjer í firsta sinni opinberlega, að þing þeirra eða ríki standi firir utan stjórnarskipun landsins og sjeu ekki í neinu löguneiti við heiðnu þingin, og aftur á móti lísa heiðnu goðarnir því hjer í heiranda hljóði, að níju höfðingjarnir og þeir, sem þeim filgi, standi firir utan lands lög og rjett. Enn um leið felst í úrsögninni, að því er kristna flokkinn snertir, mjög mikilvægt nítt atriði, enn það er ifirlísing um það, að hinir níju höfðingjar muni úr ríkjum sínum eða þingum stofna *nítt alsherjarríki við hliðina á hinu forna með sjerstakri stjórnarskipun og sjerstökum lögum.* Þetta sína þeir með því að kjósa sjer *sjerstakan lögsögumann*, er þeir fela að *segja upp lög þau, er kristninni skildu filgja.* Á því að þeir kjósa lögsögumann, sjest, að þeir muni hafa ætlað sjer að sníða alsherjarstjórn sína sem næst eftir stjórnarskipun landsins, eins og hún var þá, með sjerstöku alþingi og líkri lögrjettu og dómaskipun, enn að eins útríma úr stjórnarskipun sinni og lögum öllu því, sem stóð í sambandi við heiðnina.

Í lögsögumannsvalinu vóru kristnir menn mjög heppnir, er þeir völdu Síðu-Hall. Kemur það hjer fram, að kristni flokkurinn í heild sinni hefur haft best traust á þessum manni, og að hann hefur verið hinn eiginlegi foringi kristna flokksins, sá sem mest og best hefur gengist firir stjórn hans síðan á alþingi 999. Upp frá því er hann er kosinn, virðist alt verða spakara. Öfgamannanna í báðum flokkum gætir úr þessu lítið sem ekki neitt, enn stillingarmannanna að því skapi meira.

Þessi spekt, sem nú kemur í staðinn firir gauraganginn,

stafar ef til vill meðfram af því, að eftir úrsögnina skildu flokkarnir, og söfnuðust kristnir menn saman í einn stað, enn heiðnir í annan. Meðan menn stóðu hvorir gegn öðrum í andvígum flokkum, var miklu hættara við, að múgurinn ljeti að fortölum óróaseggjanna. Enn þegar menn vóru orðnir einir sjer og höfðu ekki framar andstæðinga sína firir augum, þá mátti miklu fremur fá þá til að hlíða á skinsamlegar fortölur. Báðir flokkarnir, jafnvel hinir æstari í hvorum þeirra firir sig, hlutu að sjá, hversu alvarlegt fótmál þeir höfðu stigið í úrsögninni, og hverjar ógurlegar afleiðingar það gat haft, hlaut að hafa firir samlíf landsmanna framvegis. Við rólegri íhugun mindast afturkast gegn æsingunum, og á það ala hinir gætnari menn í báðum flokkum, fremstir af öllum lögsögumennirnir, Hallr og Þorgeirr.

Síðu-Hallr var að upphafi gamall goði, uppalinn í hinni fornu stjórnarskipun landsins, sem kend er við Úlfljót, og síðan í mörg ár samgróinn við stjórnarskipunina frá 965, er hann hafði búið undir sem goði. Eftir öllu því, sem vjer vitum um Hall, virðist hann hafa verið íhaldsmaður (konservativ) í orðsins besta skilningi. Sem sannur ættjarðarvinur hefur hann virt stjórnarskipun og lög feðra sinna og helst viljað halda öllu því óbreittu í lögum og stjórnarfari, sem unt var að halda og vel fór á. Hann var bundinn sterkum böndum við hinar fornu goðaættir landsins, hafði kinst hinum gömlu goðum og unnið með þeim á alþingi ár eftir ár. Síðan varð hjarta hans gagntekið af sannindum kristilegrar trúar, og hann ljet skírast. Þá hafði hann orðið að segja skilið við sína gömlu vini og ganga í flokk með andstæðingum þeirra, hinum níju höfðingjum. Má geta nærri, að hann hefur ekki gert það með glöðu geði og að hann hlaut að skoða að minsta kosti suma af þessum níju mönnum sem nokkurskonar uppskafninga, þó að hann irði nauðugur viljugur að fylla flokk þeirra til að hrinda áfram sínu mesta hjartans máli, máli kristninnar. Honum hefur fráleitt verið það neitt áhugamál

að halda fram ríki hinna níju höfðingja eða hnekkja valdi hinna gömlu goða, og það má jafnvel ganga að því vísu, að hann hafi undir niðri heldur unnað hinum gömlu goðum ifirráða ifir landinu, *ef þeir aðeins tæki kristni*, enn floksmönnum sínum. Sigur kristninnar var honum firir öllu. Firir hann hefur hann eflaust viljað leggja alt í sölurnar, jafnvel sitt eigið vald og líf, ef á þurfti að halda. Hafi honum nú þar að auki verið kunnugt um, að floksbræður hans, þeir Hjalti og Gizurr, hafi gert saminga við Noregskonung um það að fá stirk hjá honum gegn heiðna flokknum móti því að gefa sig og landið undið ifirráð konungs, þá má nærri geta, að öðrum eins ættjarðarvini og honum hefur þótt slíkt vera neiðarkostur og viljað reina að afstíra því með öllu móti. Enn því varð ekki afstírt með öðru móti enn því, að *allir landsmenn söfnuðust sammála undir merki kristninnar og hinnar fornu stjórnarskipunar.*

Á þessum grundvelli leitar nú Hallur samninga við hinn heiðna embættisbróður sinn, Þorgeir goða, og má ganga að því vísu, að báðir hafi haft sjer til ráðaneitis hina gætnustu og vitrustu menn úr báðum flokkum. Þeir Þorgeirr og Hallr hafa eflaust verið góðkunningjar að fornu fari, síðan Hallr var á þingi í hóp gömlu goðanna, og hefur það gert samningana greiðari. Orð Ara („Hallr keipti því að Þorgeiri“ etc.) benda beinlínis til þess, að hafi verið Hallr, sem first leitaði samninga við Þorgeir.

Þorgeirr og allir hinir vitrari höfðingjar í heiðna flokknum hlutu að sjá það, að alt vald þeirra og mannaforráð var í veði, ef þeir ljetu ekki undan. Þeir höfðu sjeð kristnina magnast svo og aukast á hinum síðari árum, að undrum gegndi, og þeir sáu fram á, að hún mundi aukast og eflast enn meira með hverju níju ári. Kristnin var altaf að færast nær og nær Íslandi, og það gat enginn efi á því leikið, að hún mundi að lokum bægja alveg í burt heiðninni hjer sem annarsstaðar, eins og þá síðast í Danmörku og Noregi.

Bráðum mundu hofin standa tóm. Og nú var kristnin orðin „ríki í ríkinu“. Út um alt land höfðu risið upp níir höfðingjar og stofnað ní þing utan við gömlu þingin. Altaf mistu gömlu goðarnir fleiri og fleiri þingmenn í hendur þessara níju höfðingja. Og nú höfðu hinir níju höfðingjar beinlínis líst ifir því firir hönd sína og þingmanna sinna, að þeir segðu sig og þá úr lögum við hina heiðnu menn og mundu setja á stofn nítt alsherjarríki með sjerstöku alþingi, sjerstökum lögsögumanni, sjerstakri stjórnarskipun og lögum. Þannig vóru þá tvö ríki í landi, hvort öðru fjandsamlegt, og mátti sjá fram á það, sem Þorgeirr líka tekur fram í ræðu sinni, að af því mundi risa innanlandsstirjöld og landauðn („að vís von væri, að þær barsmíðir gerðist á milli manna, er landið eiddist af“ og „það mun verða satt, er vjer slítum[1] sundur lögin, að vjer munum slíta[1] og friðinn“). Og það gat varla verið vafasamt, að sú stirjöld mundi að lokum enda með sigri firir kristna flokkinn, því að í honum stóðu allir saman sem einn maður, enn í heiðna flokknum var sundrung og jafnvel ímsir farnir að svíkjast undan merkjum. Kristni flokkurinn var þá þegar orðinn svo fjölmennur, að erfitt mundi að eiða honum með oddi og egg, þó að allir heiðnir menn legðust á eitt, sem lítil von var um. Og á bak við kristna flokkinn stóð Noregskonungur með allan sinn afla, og mundi eflaust veita trúarbræðrum sínum, ef í hart skærist, og enda líkur til, að hinir níju höfðingjar hefðu þegar beinlínis gefið sig undir hans vernd og lofað honum ifirráðum ifir landinu. Það var naumlega við því að búast, að heiðnu goðarnir mundu eftirleiðis geta veitt viðnám bæði Noregs konungi og kristna flokknum, einkum ef kristnum mönnum nú hjeldi áfram að fjölga, þar sem þeir varla, eins og nú stóð, gátu reist rönd við kristna flokknum einum. Enn ef kristnir menn sigruðu með hjálp Noregskonungs, þá var sjeð firir endann á hinu

1) Þessi orð Þorgeirs minna á „þing *óslitin*“ í Grágás; *slíta sundr* og *slíta* er hjer haft í líkri merkingu og þar.

gamla goðavaldi og sjálfsforræði landsmanna. Það má og geta nærri, að hinir gömlu heiðnu goðar hafa hatað hina nýju höfðingja út af lífinu, og að það hefur verið þeim óbærileg tilhugsun, ef að því skildi reka, að þessir nígræðingar steipti hinu gamla goðaríki og settist að á rústum þess. Munu goðarnir hafa viljað alt til vinna að hnekkja veldi þessara hættulegu keppinauta sinna. Eina ráðið til þess var auðsjáanlega að taka kostum þeim, sem Hallr bauð, láta skírast sjálfir og lögleiða kristnina um alt land gegn því, að kristnir menn tæki aftur úrsögn sína og hætti við að minda hið nýja alsherjarríki, þannig að allir irði kristnir og allir hefði ein lög, hin gömlu, að svo miklu leiti sem þau þurftu eigi breitingar við sakir siðaskiftanna. Þeir sáu, að kristninni var sigurinn vís, ef þeir sjálfir, hofgoðarnir, sem áttu að halda uppi blótum og verja heiðna trú, gengi í flokk kristinna manna, og að þeir með þessu móti mundu geta náð aftur mörgum af þeim þingmönnum, sem frá þeim höfðu farið til hinna nýju höfðingja, og líklega haldið þeim, sem þeir enn höfðu eftir, þegar alþíða hefði sætt sig við kristnina. Með þessu móti mundi þeim takast að ná smátt og smátt aftur úr höndum nýju höfðingjanna því mannaforræði, sem til þeirra hafði horfið, og reisa aftur við hina fornu stjórnarskipun á nokkurn veginn líkum grundvelli og áður. Með þessu móti mundi þeim heppnast að afnema þá óstjórn, sem drotnaði í landinu, og afstíra því, að útlendur höfðingi færði sjer hana í nit, og var slíkt ekki ljett á metunum hjá þeim, sem unnu ættjörðu sinni og sjálfsforræði hennar. Sumir af gömlu goðunum hafa og ef til vill verið hlintir kristninni í hjarta sínu, eða verið nokkurnveginn sama um trúna, þó að þeir hefði ekki alt til þessa viljað kasta heiðni sakir stöðu sinnar og sambandsins við þingmenn sína. Firir slíka menn vóru það engin eða lítil útlát að taka kristni. Sumir, og það líklega nokkrir af hinum æstustu, svo sem Runólfr, hafa verið bundnir í báða skó, af því að Ólafr konungur hafði

frændur þeirra í gislingu. Ifir höfuð að tala vóru gömlu goðarnir hjer líkt staddir og Hákon Aðalsteinsfóstri á Frostaþingi, þegar bændur settu honum tvo kosti, annaðhvort að þeir tæki sjer nijan höfðingja eða að konungur gengi til blóta með þeim. Hákon valdi síðari kostinn. Eins velja goðarnir hjer heldur að taka kristni enn að eiga það á hættu að missa veldi sitt.

Þetta virðast hafa verið helstu ástæðurnar til þess, að saman dró með þeim Síðu-Halli og Þorgeiri goða. Hvort fje því, sem sagt er, að Ólafr Tryggvason hafi fengið þeim Gizuri og Hjalta, hefur verið beitt til að fá suma af heiðnu goðunum til að ganga að þessu samkomulagi, er óvíst og jeg tel það ólíklegt. Fjeð hefur verið í höndum þeirra Hjalta og Gizurar, enn það tel jeg víst, að Hjalta, hinum mesta ákafamanni í kristna flokknum, hafi verið haldið firir utan þessa samninga, og þá að öllum líkindum líka Gizuri. Sje svo, hefur ekki verið leitað til þeirra um fjeð, enda þurfti þess ekki, því að goðarnir höfðu nægar ástæður til að ganga að þessu, þó að ekki væri þeim mútað til þess. Sögur vorar geta ekki um, að fje hafi verið borið á neinn nema Þorgeir, enn það hefur engin múta verið, eins og sínt hefur verið hjer að framan. Auðvitað hafa samningsatriðin verið áskilin firir fram af báðum samningsaðilum, Halli og Þorgeiri, eins og beinlínis er sagt, að því er Hall snertir, í Ólafssögu, og á frásögn Ara sjest, að Hallr hefur lagt samningsatriðin firir flokk sinn til samþiktar. Ari segir, að Hallr hafi „*leist sig undan*“ því við kristna menn að segja upp lög þau, sem kristninni skildu fylgja, með því, að hann fjekk Þorgeir til að segja upp lögin bæði firir kristna menn og heiðna. Það leiðir af sjálfu sjer, að Hallr varð að fá kristna menn til að samþikkja uppsögu Þorgeirs, enn það gat hann ekki með öðru móti enn því að segja þeim frá samningsatriðunum. Líklegt þikir mjer, að sumum af hinum nýju höfðingjum, einkum Hjalta, hafi orðið hverft við þetta og þótst vera sviknir

og heimtað triggingar firir því, að þeir fengi lögákveðna hlutdeild í landstjórninni með gömlu goðunum, enn að þingmenn þeirra, öll alþíða í kristna flokknum, hafi sjeð, að máli *kristninnar* var best borgið með því að ganga að samningunum, og neitt höfðingja sína til samkomulags.[1] Samt læt jeg nú þetta liggja milli hluta, enn víst er það, að kristni flokkurinn hefur samþikt samningana firir sitt leiti. Hvort Þorgeirr hefur á sama hátt lagt samningsatriðin firir heiðna flokkinn í heild sinni, er óvíst og enda ólíklegt, því að búast mátti við, að sumir af goðunum, sem alvara var um trúna, mundu algjörlega setja sig á móti þessu og vekja æsingar meðal alþíðu manna í heiðna flokknum. Enn eflaust hefur Þorgeirr fullvissað sig um það firirfram, að hann hefði filgi meiri hluta gömlu goðanna til þessara samningsatriða, þó að hinir æstustu gengi undan. Þetta hefur Hallr getað látið sjer linda, því að firirsjáanlegt var, að nokkrir æsingamenn mundu ekki sjá sjer til neins að spirna á móti broddunum, þegar meiri hluti heiðna floksins var runninn saman við kristna flokkinn.

Vjer skulum þá virða lítið eitt firir oss samningsatriðin. Hið firsta af þeim hefur verið það, að Þorgeirr skildi segja upp lögin bæði firir kristna og heiðna flokkinn og Hallr leggja niður lögsögu þá, er kristni flokkurinn hafði falið honum. Þetta er hin mikilvægasta ívilnun, sem gömlu goðunum er veitt af hálfu kristna floksins, og á hana hafa þeir Þorgeirr lagt langmesta áherslu, því að í henni felst það, að kristnir menn taka úrsögn sína aftur, hætta við að stofna sjerstakt ríki og gefa sig aftur undir hina gömlu stjórnarskipun óbreitta. Gegn þessu kemur sú höfuðívilnun til kristinna manna af hálfu heiðna flokksins, að kristnin skuli vera lögleidd og allir skildir að láta skírast, sem óskírðir vóru, og að fjörbaugsgarð skuli varða, ef blót verði vottföst. Hitt

1) Það er í sjálfu sjer líklegt, að þingmenn níju höfðingjanna hafi verið sjálfstæðari gagnvart höfðingjum sínum enn þingmenn gömlu goðanna gagnvart sínum.

eru minni háttar ívilnanir til heiðna floksins, að barnaútburður og hrossakjötsát er leift sem áður, og að blóta megi á laun, ef það verði ekki vottfast. Heiðni flokkurinn virðist hafa lagt talsverða áherslu á, að barnaútburður og hrossakjötsát irði ekki bannað; segir Ólafssaga, að heiðnum mönnum hafi ekki þótt það tvent geta farið saman að fæða upp öll börn, bæði fátækra manna og auðugra, og banna um leið þá mannafæðu, sem alþíðu væri mestur stirkur í. Það var og þó nokkur hugnun firir heiðna menn, að þeim var leift að blóta á laun, ef þeir gætti þess, að ekki irði vottfast. Í þessu felst, sem Konr. Maurer hefur sínt, að í málum, sem risu út af heiðinni guðsdírkun, var bannað að beita því sönnunargagni, sem annars oft kom að mestu haldi í sakamálum, enn það var *kviður* (verdict). Ef vjer nú lítum á afstöðu kristninnar og heiðninnar eftir þessum samningsatriðum, þá er það merkilegt, að svo er að sjá, sem þær hafi við lög þessi skift um sæti. Kristnin setst í hástólinn, sem heiðnin hafði skipað áður, og verður landstrú, enn heiðnin fær aftur á móti mjög líka rjettarstöðu og kristnin hafði haft firir nímælin 997. Vjer höfum sínt það hjer að framan, að heiðnir menn vóru mjög umburðarlindir við kristnina, meðan hún fór huldu höfði, enn að goðgá og meingerðir við goðin vörðuðu fjörbaugsgarð. Á líkan hátt er nú heiðnum mönnum leift að blóta á laun, og fjörbaugsgarður látinn við liggja, ef uppvíst verði. Eftir hinum níju lögum er heiðnin ekki talin frændaskömm eins og í lögunum 997 nje kristnum frændum heiðinna manna veitt nein forrjettindi til sóknar gegn þeim. Hin fornhelgu ættarbönd, sem heiðnir menn höfðu slitið við kristna menn, eru aftur bundin saman. Lögin frá 997 fjellu auðvitað úr gildi við lögleiðslu kristninnar.

Þessi vóru þá samningsatriðin. Þegar þau höfðu fengið samþikki kristna floksins og meiri hluta heiðnu goðanna, þá gengur Þorgeirr til búðar sinnar, legst niður og breiðir feld á höfuð sjer til að geta hugsað í næði, ekki um efni lag-

anna, sem hann átti að segja upp, því að það var ákveðið firirfram, heldur til að búa sig undir hina mikilvægu ræðu, sem uppsögunni átti að filgja, og vega hvert orð í henni svo, að hann stigði hvorugan flokkinn, því að ef hann stilti ekki vel orðum sínum, mátti búast við, að samkomulagið kinni að fara út um þúfur. Ágrip það af ræðunni, sem er hjá Ara, sínir, að Þorgeiri hefur tekist þetta mæta vel. Með gætni og stillingu sínir hann fram á, hve sorglegar afleiðingar það muni hafa firir landið, ef menn hafi ekki allir ein lög og skorar á alla hina stiltari menn í báðum flokkum að koma sjer saman og láta ekki öfgamennina ráða, sem „mest vilji í gegn gangast“. Þessi væga sneið til hinna vanstiltu í báðum flokkum eru hin einu stigðarirði í ræðunni, og þar gerir hann báðum flokkum jafnt undir höfði. Ræðan virðist líka hafa haft mjög spekjandi áhrif á flokkana, því að eftir hana játa hvorirtveggju að hafa þau lög, sem Þorgeirr segi upp. Njála bætir því við, að hvorirtveggja hafi unnið eiða að þessu lofordi sínu, og er það mjög sennilegt. Síðan sagði Þorgeirr upp lög þau, sem þeim Halli hafði komið saman um.

Það sem Kristni s. og Ólafssaga segir um mannblót heiðingja og heit kristinna manna virðist hafa gerst rjett eftir úrsögnina, áður enn samningarnir milli Halls og Þorgeirs urðu hljóðbærir. Annars er sagan nokkuð grunsöm, að því er snertir heit kristinna manna, og er undarlegt, að þegar sögurnar eru búnar að telja upp þá, sem heitið unnu, þá hafa þær um leið unnið upp nöfn flestra þeirra heldri manna, sem þær hafa áður sagt að kristni hafi tekið af Friðreki eða Þangbrandi eða á einhvern hátt vóru riðnir við kristniboð þeirra. Frásögnin í Ólafs s. helga um dvöl Hjalta við hirð Ólafs helga og Ólafs Eiríkssonar Svíakonungs sínir það, að Hjalti hefur verið mikill „veraldarmaður“ og að hann hefur annaðhvort aldrei unnið það heit að helga lifnað sinn guði eða þá svikið það.[1] Ekki eru heldur storkunarirðin, sem

1) Hkr. Óh. 67.—71. k.

hann sagði við hina hélgu athöfn, þegar Runólfr goði Úlfsson var skírður, því lík, að þau sjeu töluð af manni, sem nílega var búinn að vinna svo alvarlegt heit („Gömlum kennum vjer nú goðanum að geifla á saltinu").[1]

Þegar vjer nú að lokum lítum á rás viðburðanna á þinginu og skoðum hana í heild sinni, þá verður því að vísu ekki neitað, að samkomulag það, sem komst á að endingu, var hinum gætnari mönnum að þakka í báðum flokkum. Enn hins vegar er auðsjeð, að hin æsta og einbeitta framkoma kristna flokksins framan af þinginu hefur átt mikinn og góðan þátt í því, að hinir vitrari af gömlu goðunum sáu, að higgilegast var að láta undan, og að samningarnir urðu svo eindregið í vil kristninni.

Þannig var þá kristnin lögtekin á alþingi Íslendinga árið 1000. Uppsaga Þorgeirs virðist ekki hafa mætt neinum verulegum mótmælum. Allur þingheimur var skírður annaðhvort á þinginu eða á heimleiðinni, og þegar heim kom í hjeröðin, virðast sjálfir hinir nískírðu gömlu goðar hafa gengist fírir því, að almenningur ljeti skírast. Þetta virðist hafa gengið furðu greiðlega, og var það eðlilegt. Það gefur að skilja, hver áhrif það hlaut að hafa á alþíðu manna, þegar allir hinir fornu goðar, sjálfir prestar heiðninnar, gengu undan merkjum og tóku kristna trú. Hugsi menn sjer, hver áhrif það mundi hafa nú á almenning, ef allir prestar landsins tæki alt í einu katólska trú! Og þó vóru goðarnir miklu meira enn prestar forfeðra vorra, þeir vóru líka hinir einu veraldlegu valdsmenn. Það hlaut því að muna um þá, þegar þeir fóru að gangast fírir kristniboðinu. Það er ekki ólíklegt, að það sje rjett, sem Ólafssaga hin langa segir, að öll alþíða hafi verið skírð á hinu sama sumri eftir þing,[2] og

1) Menn hafa viljað ráða af þessum orðum, að Runólfr hafi verið orðinn gamall að aldri, þegar þetta var sagt. Enn verið getur, að „gamall goði" sje hjer sama sem *forn goði*. Virðist sú þíðing eiga betur við í munni Hjalta, sem mun hafa verið einn af hinum *níju* höfðingjum.

2) ÓT. Fms. II 243. bls. Flat. I 447. bls.

víst er um það, að upp frá þessu mætir kristnin engri mótspirnu á Íslandi. Auðvitað hefur skírnin hjá mörgum eða flestum verið að eins játning með vörunum, þegar svo var hrapað að henni. Enn úr þessu hafði hin kristna trú góðan tíma, frið og næði til að festa dípri rætur í hjörtum Íslendinga.

---

Það má geta nærri, að kristnir menn hafa verið bæði glaðir og hróðugir ifir sigri kristninnar árið 1000 og hlakkað ifir því, að þeim tókst að þröngva sjálfum hinum fornu goðum til kristni, eins og sjest á orðum Hjalta við skírn Runólfs. Því verður og eigi neitað, að gömlu goðarnir höfðu orðið að lúta í lægra haldi, að því er *trúna* snerti. Enn hins vegar höfðu þeir unnið allmikinn *pólitiskan* sigur. Með því að taka kristni höfðu þeir stigið fyrsta fótmálið til þess að bjarga hinu gamla goðaveldi frá þeirri glötun, sem því var vís, og hnekkja veldi níju höfðingjanna. Þeir höfðu áunnið það, að allur landslíður beigði sig aftur undir hina gömlu stjórnarskipun og lög. Þeir höfðu komist hjá að láta hina níju höfðingja fá nokkra hlutdeild í landstjórninni með sjer. Úr því að svo greiðlega gekk að skíra fólkið, þá má telja víst, að þeir hafi haldið sínum gömlu þingmönnum. Og nú var trúin því ekki framar til firirstöðu, að þeir gætu farið að keppa við hina níju höfðingja um þingmenn þá, sem til þeirra höfðu horfið. Alt var nú undir því komið, hver gat veitt þingmönnum sínum besta vernd og aðstoð, og þar hafa gömlu goðarnir eflaust staðið betur að vígi enn flestir hinna níju höfðingja. Nú, þegar allir vóru kristnir, að minsta kosti að nafninu, vóru þingmenn níju höfðingjanna ekki framar rjettlausir á skapþingum gömlu goðanna, hjeraðsþingum og alþingi. Þeir gátu sótt þar mál sín og varið, borið vætti og kviðu, gengið í dóma o. s. frv., þeir höfðu í stuttu máli ekki framar neinar ástæður — nema eingöngu persónulegar — til að taka níju höfðingjana fram ifir hina

gömlu. Það var meira að segja miklu girnilegra firir búþegna, að segja sig í þing með einhverjum af hinum gömlu goðum, sem einir höfðu á hendi alsherjarstjórn landsins, rjeðu lögum og lofum á alþingi og skipuðu þar lögrjettu og dóma. Þeir af hinum gömlu goðum, sem mist höfðu goðorð sín firir kristnitökuna, af því að þeir tóku kristni, hafa nú auðvitað tekið aftur við goðorðum sínum með óskertum rjettindum, t. d. Síðu-Hallr og Gizurr hvíti. Njála talar um mannaforráð Halls út af brennumálunum,[1] og er enginn vafi á því, að hann hefur haft fornt goðorð og fult. Um son Gizurar hvíta, Ísleif biskup, vitum vjer, að hann átti goðorð, eflaust fornt og fult, sem hann virðist hafa erft eftir föður sinn.[2] Við þetta hefur flokkur níju höfðingjanna orðið þunnskipaðri. Alt bendir til, að ríki hinna níju höfðingja hafi smátt og smátt farið hnignandi. Aldrei náðu þeir neinni verulegri hlutdeild í landstjórninni. Þegar fimtardómurinn var settur, sjáum vjer, að 12 „níjum goðum“ er veittur rjettur til að velja eina tilft af 4 í fimtardóminn. Er þetta hlægilega lítil ívilnun og auðsjáanlega gerð að eins til að friða þá. Þá var Skafti Þóroddsson lögsögumaður. Ari fróði lætur mikið ifir því, hve stjórnsamur Skafti hafi verið í lögsögu sinni, og má ætla, að hann hafi unnið einna mest að því að bæla niður hina níju höfðingja, þó að hann veitti þeim þessa litlu ívilnun um fimtardómsskipunina. Lögrjettuskipuninni og dómnefnunni í fjórðungsdómana fengu þeir aldrei neinn þátt í. Samt virðast þeir hafa haldið áfram að halda sín sjerstöku þing, enn mjög lítið ber á þeim í samanburði við þing hinna fornu goða.

Af því að gömlu goðarnir og margir af þingmönnum þeirra vóru enn með annan fótinn í heiðninni, var eðlilegt, að þeir hjeldu sínu forna tignarnafni *goði*, þó að þeir við kristnitökuna hætti að hafa á hendi *hofgoða*störf eða blót.

1) Njála k. 134[10] og 134[28].
2) Bisk. I 54. bls.

Nafnið hafði þá þegar fengið miklu víðtækari þíðing enn þá að tákna *heiðinn prest*; það táknaði líka stöðu goðans sem *veraldlegs höfðingja* með öllum þeim skildum og rjettindum, sem henni filgdu. Þessi síðari þíðing nafnsins hefur verið eins rótgróin í meðvitund alþíðu eins og hofgoða- eða prestsþíðingin. Hún hjelst því við einnig eftir kristnitökuna, og nafnið *goði* táknar uppfrá því ekki annað enn veraldlegan höfðingja, og orðið *goðorð* veldi hans. Því er það eðlilegt, að Grágás kalli hina níju höfðingja *goða* og riki þeirra *goðorð*, þó að þeir að öllum líkindum hafi ekki í upphafi nefnt þetta svo, eins og vjer áður höfum tekið fram. Með tímanum gleimdist hin upphaflega heiðna þíðing orðsins *goði*, og úr því að hinir tignustu höfðingjar landsins kölluðu sig svo, þá má geta nærri, að níju höfðingjarnir, sem stóðu skör lægra, hafi fegnir viljað láta kalla sig sama tignarnafni.

Sje það rjett, sem jeg hef sínt nokkrar líkur til hjer að framan, að Ólafr Tryggvason hafi áskilið sjer ifirráð yfir landinu við þá Gizur og Hjalta, þá hefur það verið mikið happ firir Ísland, að hann fjell við Svoldr sama sumarið og kristni var lögtekin. Öll þau loforð og skuldbindingar, sem þeir Gizurr og Hjalti ef til vill hafa gengist undir vegna flokksbræðra sinna, fjellu að sjálfsögðu burtu við dauða hans. Eftirmenn Ólafs, jarlarnir, gátu engar kröfur gert og munu ekki heldur hafa hirt um það. Enn snemma á ríkisárum Ólafs helga, þegar hann first tók að reina að vingast við íslenska höfðingja í því skini að ná Íslandi undir sig, þá gerir hann orð eftir Hjalta Skeggjasini. Mun konungur hafa vitað um, að hinir níju höfðingjar, sem Hjalti var forsprakki firir, vóru mjög óánægðir með goðavaldið, og hugsað, að sá flokkur mundi vera tilleiðanlegastur til samkomulags við sig. Líka hefur honum að líkindum verið kunnugt um hið forna samband níju höfðingjanna við nafna sinn Ólaf Tryggvason, sem áður er sagt. Konungur veitti Hjalta hinar mestu sæmdir, enn ekki sjest, að hann hafi orðið konungi að neinu

liði í því að koma Íslandi undir hann. Líklega hefur flokkur Hjalta þá verið orðinn magnlítill, enda er óvíst, að Hjalti hafi viljað gerast verkfæri í hendi konungs til að koma landinu á hans vald. Enn saga þessi bendir til, að þá hafi enn verið talsverður kali og rigur milli hinna níju höfðingja og hinna gömlu goða.

Síðar (1024 og 1025), þegar Ólafur helgi kemur berlega fram með kröfur sínar og sendir first Þórarin Nefjúlfsson og síðar Gelli Þorkelsson til Íslands með orðsendingar sínar til landsmanna um að ganga sjer á hönd, þá sjest ekki annað enn að allir Íslendingar hafi verið einhuga í að neita kröfum konungs[1]. Annaðhvort hefur þá máttur hinna níju höfðingja verið orðinn svo lítill, að þeirra hefur ekki gætt, eða þeir hafa metið meira frelsi og sjálfsforræði landsmanna enn kala þann, sem eflaust hefur elt eftir af hjá þeim til gömlu goðanna.

Þannig hverfur flokkur hinna níju höfðingja, biltingaflokkurinn frá árinu 1000, smátt og smátt úr sögunni. Öldur þær, sem risu svo hátt á þessu minnisstæða ári, lægir, þegar fram líða stundir, eins og eðlilegt er. Hin kristna trú safnar öllum landslíð undir vængi sína, friður og spekt fer vaxandi og stjórnarskipun landsins kemst í fastara og fastara horf, eftir því sem líður á 11. öldina. Enn flokkur hinna níju höfðingja hafði unnið sitt mikilvæga hlutverk í sögu landsins, því að það var að miklu leiti einbeittni hans og filgi að þakka, að kristnin komst svo greiðlega á árið 1000, án blóðsúthellingar og innanlandsófriðar.

---

1) Munch, Det norske folks historie I, 2, 700.—704. bls.

BR 794 .O54 1900 C.1
Um Kristnitokuna ari 1000 og t
Stanford University Libraries
3 6105 039 987 644

DATE DUE

STANFORD UNIVERSITY LIBRARIES
STANFORD, CALIFORNIA 94305